


skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt





Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

MIÐVIKUDAGUR


16. júní 2010 — 139. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




## Sannur ættjarðarvinur

*Bók með ljóðum Þorsteins Jóhannssonar frá Svínafelli í Öræfum kemur út.*


tímamót 24


## Logi Geirs einkaþjálfari

*Logi Geirsson og Ingibjörg kærastan hans útskrifast í dag sem einkaþjálfarar.*


fólk 38




## Hvað gera Spánverjar?

*Evrópumeistarar Spánar hefja keppni á HM í dag.*


íþróttir 34


### veðrið í dag




**LÉTTIR TIL** Í dag verða víðast vestan 3-8 m/s. Léttir til upp úr hádegi en dálítil væta austan til fyrri partinn. Hiti 10-18 stig.


VEÐUR 4


# Milljónasamningur í höfn

**Íslenska sprotafyrirtækið Mobilitus annast farsímasöluviðmót fyrir Ticketmaster, eitt stærsta miðasölufyrirtæki í heimi. Samningurinn skilar verulegum tekjum. Ticketmaster selur inn á stórviðburði um allan heim.**

**VIÐSKIPTI** Bandaríska fyrirtækið Ticketmaster hefur tekið í notkun farsímaviðmót frá íslenska sprotafyrirtækinu Mobilitusi. Viðmótið var tekið í notkun í Bandaríkjunum í gær, en síðan verður bætt við nýju landi hálfsmánaðarlega fram á haust.

„Þeir ætla að stórauka umferð inn á farsímavefinn,“ segir Þórarinn Stefánsson, annar stofnenda Mobilitus, en Ticketmaster skiptir út eldra viðmóti fyrir viðmót íslenska upplýsingatæknifyrirtækisins. Fyrirtækið sérhæfir sig í að búa til viðmót fyrir vefsíður sem birtast í farsímum og öðrum handtækjum. Meðal viðskiptavina er skemmtivefurinn Collegehumor.com, sem nýtur allnokkurra vinsælda á heimsvísu og nú Ticketmaster.com, stærsti miðasöluvefur heims. Fyrirtækið er í öðru sæti á eftir Amazon.com í umfangi rafrænna viðskipta í heiminum.

„Það er satt að segja lygilegt að pínulítið sprotafyrirtæki uppi á Íslandi hafi landað þessum samningi,“ segir Þórarinn, en aðdragandi að viðmótsskiptum Ticketmaster hófst fyrir tæpum tveimur árum. Mobilitus fékk að taka þátt í og vann útboð verkefnisins hjá Ticketmaster. „Við unnum það bara á tækninni. Síðan náðist að semja um verð og undanfarna þrjá mánuði hefur þetta verið í virkri framleiðslu.“

Nýi samningurinn markar tímamót fyrir Mobilitus og segir Þórarinn að með þessu sé búinn til grunnur fyrir enn frekari vöxt fyrirtækisins. Tekjur komi til með að aukast þannig að fyrirtækið fari frá því að vera rekið á núllinu, yfir í að á rekstrinum verði allgóður hagnaður. Hann gæti numið tugum milljóna á þessu ári og enn meiru þegar fram í sækir, ef vel gengur.

Á skrifstofunni í Reykjavík eru nú fjórir starfsmenn í fullu starfi hjá Mobilitusi, en að auki eru þrír aðrir. „Ein er í fæðingarorlofi og einn týndur í Belgíu,“ gantast Þórarinn. Helsta vanda fyrirtækisins segir hann nú vera að finna rétta starfsfólkið í vöxtinn. Tæknivinnan sé að baki og nú hægt að byggja á þeirri lausn sem búin hafi verið til.

Þórarinn segir að hingað til hafi ríflega 30 þúsund manns komið daglega á farsímavef Ticketmaster. „Við sjáum fram á að það tvö- til þrefaldist á næstu 18 mánuðum,“ segir hann og kveður fyrirtækið ekki síst horfa til þess að auglýsa farsímasöluna á auglýsingaspjöldum sínum. Þannig megi fá þá til að kaupa miða strax sem annars hefðu hætt við á leiðinni heim.

**- óká**



**MÚMÍNPABBI FÆR LYKLAVÖLD** Létt var yfir mönnum þegar Jón Gnarr tók við sem borgarstjóri af Hönnu Birnu Kristjánsdóttur í gær. Nýi borgarstjórinn segist vilja leysa málin með jákvæðni að leiðarljósi og er víst ekkert að grínast með það. Hann líkir flokk sínum við Múmínpabba: stundum ringlaður, en aldrei vondur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Besti flokkurinn og Samfylking hafa tekið við völdum í Reykjavíkurborg:

# Bandalagsnálgun brotin upp

**REYKJAVÍK** Nýr meirihluti Besta flokksins og Samfylkingar tók við völdum í gær og Jón Gnarr varð borgarstjóri. Borinn var fram sameiginlegur listi allra flokka í ráð og nefndir og er það nýbreytni.

Sóley Tómasdóttir, fulltrúi VG, segir að með þessu hafi hefðbundin „bandalaganálgun“ verið brotin upp og er það henni léttir. Ella hefði hún þurft að skipa sér í sveit með annaðhvort meiri- eða minnihluta:

Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti borgarstjórnar, segir að hún hafi lagt á það áherslu í viðræðum nú að fulltrúum allra flokka væri gefið tækifæri. Þessi nálgun sé í fullu samræmi við hennar áherslur sem borgarstjóri.

Dagur B. Eggertsson, nýr formaður borgarráðs, segir að það taki tíma fyrir fólk að fóta sig í nýju umhverfi sem þessu. „Það eru allir að læra,“ segir hann. Maður dagsins, Jón Gnarr, óttast ekki að nýja kerfið hafi í för með sér flækjur: fólk eigi ekki að hafa óþarfa áhyggjur.

**- kóþ, óká** /sjá síðu 6

Aðildarviðræður hefjast:

# Kafli um fjármálakerfi bíður

**UTANRÍKISMÁL** Hægt verður að hefja aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið þrátt fyrir að ekki hafi náðst samkomulag við bresk og hollensk stjórnvöld um Icesave-málið. Sá kafli í viðræðunum sem fjallar um fjármálakerfið verður þó að bíða þess að deilan leysist, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Leiðtogaráð ESB, sem funda mun í Brussel á morgun, mun samþykkja að hefja aðildarviðræður við Ísland, samkvæmt drögum að lokaályktun fundarins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Ekki er fjallað beint um Icesave-málið í drögunum, en augljóst út frá samhenginu að vísað er til málsins. „Leiðtogaráðið staðfestir að viðræðurnar fari fram á forsendum Íslands og hraðinn muni velta á því hversu hratt Ísland getur uppfyllt þær kröfur sem útlistaðar eru í ramma viðræðnanna,“ segir þar enn fremur.

**- bj** / sjá síðu 8










**SPURNING DAGSINS**



*Hans, er mikið í kortunum?*

„Í kortunum eru upplýsingar um allt nema hvernig á að brjóta þau saman."

Kortagerðarmaðurinn Hans H. Hansen hefur gert nýjan Íslandsatlas í kvarðanum 1:100.000.

Aðgerðir til aðstoðar skuldugum heimilum eru háðar niðurstöðu Hæstaréttar um lögmæti gengislána:

# Ný stjórnarskrá í vændum og vatnalög bíða

**ALÞINGI** Forsætisráðherra segist mjög ánægð með samkomulag formanna flokkanna, um þinglok, sem náðist í gær. Samkvæmt því er stefnt að þinglokum í dag.

„Það náðist niðurstaða í þessum stærstu deilumálum. Komið var í veg fyrir að vatnalögin taki gildi, sem hefði styrkt stöðu landeigenda á kostnað almennings," segir hún.

Jóhanna vonaðist í gær að tillaga um stjórnlagaþing yrði samþykkt í nótt. Það væri ekki útþynnt frumvarp, eins og haldið hefur verið fram. „Það hefur frekar verið styrkt en hitt. Ég held að þetta feli í sér að fólkið fái nýja stjórnarskrá, sem lengi hefur verið beðið eftir," segir hún.

Jóhanna fagnar mjög sátt um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna, en sérstakur þingfundur verður um þau mál á fimmtudag í næstu viku. Þá verður til að mynda rætt um stofnun umboðsmanns skuldara og nánari útfærslu á greiðsluaðlögun ásamt frumvarpi um bílalán.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingar, segir tvær ástæður fyrir því að heimilispakkinn sé ekki afgreiddur strax.

„Það hefur þurft að fá yfirlestur frá réttarfarsnefnd og svo er að falla hæstaréttardómur sem hefur áhrif á þessi mál," segir hún og vísar til væntanlegs dóms þar sem skorið verður úr um lögmæti lána í erlendum gjaldeyri.

Á yfirstandandi þingi skal einnig afgreiða frumvarp um varnarmálalög, með breytingum. Rammaáætlun fer í nefnd og frumvarp um breytingar á stjórnarráðinu einnig. Forsætisráðherra minnir á að rannsóknarnefnd Alþingis hafi lagt mikla áherslu á fækkun og styrkingu ráðuneyta í rannsóknarskýrslunni.

Þórunn Sveinbjarnardóttir segir að væntanlega náist að ljúka málum um miðjan daginn í dag. „Við verðum hér fram á nótt ef með þarf," sagði hún í gærkvöldi. **- kóþ**



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Náttúrufræðistofnun Íslands:

## Metfjöldi frjókorna í loftinu

**NÁTTÚRA** Aldrei hafa fleiri frjókorn mælst í Reykjavík en í apríl og maí síðastliðnum. Þá mældust 2000 frjókorn á rúmmetra á sólarhring. Þetta kemur fram í frjómælingum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Mestu munar um birkifrjó, sem hafa ekki verið fleiri síðan árið 2006. Asparfrjó voru líka yfir meðallagi, en þau voru þó færri en verið hefur undanfarin ár.

Frjótalan var um og yfir 300 fjóra daga í röð í lok maí. Það er afar óvanalegt. Það er vegna þess að tíðarfar var einstaklega hagstætt fyrir frjódreifingu í lok maí, en þá var þurrviðri og hlýtt. **- þeb**

N1 lækkar listaverð á bensíni:

## Fer niður um ellefu krónur

**NEYTENDUR N1 lækkaði listaverð á 95 oktana bensíni um ellefu krónur í gær. Algengasta hæsta verðið hjá olíuversluninni fór við það úr 201 krónu í fyrradag niður í 188,8 krónur. Hæsta verðið var hjá Skeljungi á höfuðborgarsvæðinu í gær, 192,5 krónur á lítrann.**



HERMANN GUÐMUNDSSON

**„Við höfum breytt um stefnu og ætlum að bjóða sama verð á mönnuðum stöðvum og ómönnuðum," segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. Hann segir þetta nýjung hjá félaginu. Erfitt sé að spá því hvort verðið haldist lengi á þessu róli. „Það fer allt eftir því hvað þetta verðstríð stendur lengi yfir. Verðið gæti verið svona í allt sumar," segir hann en ítrekar að það þyrfti að vera hærra.** **- jab**

# Grunur um herpessýkingar í hestum

**Tveir dýralæknar telja fram komnar vísbendingar um herpesveirusýkingu í hrossum sem veikst hafa af hestapestinni, að sögn yfirdýralæknis. Hann segir rannsóknum hraðað. 20 milljón króna rannsóknarstyrkur var veittur í gær.**

**HESTAMENNSKA** „Það eru vísbendingar um að veirusýkingar valdi upphafi hrossapestarinnar og streptokokkasýking valdi erfiðari hluta hennar," segir Halldór Runólfsson yfirdýralæknir um gang rannsókna á hrossapestinni illræmdu. Halldór segir þessar vísbendingar hafa komið fram í rannsóknum á Keldum.

Í gær átti Halldór svo fund með Susanne Braun og Birni Steinbjörnssyni dýralæknum. Susanne hefur starfað sjálfstætt við hestalækningar á Íslandi um árabil. Björn er dýralæknir hjá Matvælastofnun, en hefur aðstoðað Susanne í sínum frítíma.

„Þau hafa gert sjálfstæðar athuganir á hrossapestinni og skráð með skipulegum hætti hesta sem þau hafa skoðað," útskýrir Halldór. „Þau gerðu mér grein fyrir þessum athugunum, þar sem þau telja fram komnar vísbendingar um herpesveirusýkingu í hrossunum, en það á eftir að vinna meira úr þeim áður en eitthvað er fullyrt. Upplýsingar þeirra verða lagðar í púkkið, því hér eru allir að vinna í sömu áttina til að finna lausn. Hér hafa greinst herpestegundir en það þarf að elta þessar vísbendingar áður en því er slegið föstu að eitthvað nýtt sé á ferðinni í þeim efnum."



**HESTAPESTIN** Rannsóknarstyrkur sem ríkisstjórnin samþykkti að veita Keldum og Matvælastofnun til frekari rannsókna á hestapestinni kemur að góðum notum, að sögn yfirdýralæknis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Halldór segir enn uppi þá kenningu að veirusýkingin í upphafi pestar veiki mótstöðu hrossanna gegn streptokokkasýkingunni sem komi eftir á og valdi graftarkenndri vilsu úr nefi og hósta.

„Þetta er eitthvert samspil sem mikið er lagt upp úr að rannsaka," bætir Halldór við. Hann segir nú liggja fyrir samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í gær um að veita rannsóknarstyrk til Matvælastofnunar og rannsóknastofnunar á Keldum upp á tæpar tuttugu milljónir.

„Nú geta menn haldið ótrauðir áfram með þá samvinnu sem verið hefur í gangi og fram undan er hjá Matvælastofnun og á Keldum. Rafeindasmásjáin á Keldum hefur nú verið biluð um skeið, en hún er ómetanlegt tæki við þær rannsóknir sem nú eru í gangi. Nú hefur fengist fjármagn til að gera við hana. Það verður lögð áhersla á að vinna eins hratt og hægt er því menn hafa áhyggjur af næsta vetri og að pestin geti þá magnast aftur upp."

jss@frettabladid.is



**GÍSLAR** Þungvopnaðir sérsveitarmenn sátu um gíslatökumanninn, en hann gafst upp án þess að nota vopn sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tók gísla í H&M verslun:

## Gafst upp og sleppti gíslum

**ÞÝSKALAND, AP Maður vopnaður skotvopni, líklega skammbyssu, hélt viðskiptavinum og starfsmönnum H&M fataverslunar í Leipzig í Þýskalandi í gíslingu í nokkrar klukkustundir í gær.**

**Maðurinn gafst upp eftir umsátur lögreglu og var handtekinn. Talsmaður lögreglu sagði manninn líklega þjást af einhvers konar geðröskun. Ekki var upplýst í gær hversu mörgum maðurinn hélt í gíslingu, en engan sakaði við gíslatökuna.**

**Lögregla var með mikinn viðbúnað vegna gíslatökunnar, og lokaði af stórum hluta miðborgar Leipzig meðan á umsátrinu stóð.** **- bj**

Dekabank í mál við ríkið:

## Krefst 53 milljarða króna

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fellt úr gildi úrskurð héraðsdóms og úrskurðað að þýski bankinn Dekabank eigi að fá efnismeðferð í héraðsdómi í máli sínu gegn íslenska ríkinu. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði vísað málinu frá.

Dekabank var einn af stærstu lánardrottnum Glitnis og er meðal helstu kröfuhafa. Bankinn telur fjölmörg mistök hafa verið gerð af hálfu stjórnvalda í aðdraganda bankahrunsins og höfðaði skaðabótamál á hendur íslenska ríkinu. Krafa hans hljóðar upp á 338 milljónir evra, um 53 milljarða króna. **- jab**

Handfærabátur fundinn:

## Síðast leitað að bátnum fyrir fimm árum

**SJÁVARÚTVEGUR** Línu- og handfærabáturinn, Eyjólfur Ólafsson GK-38 sem leit hófst að klukkan hálf níu í gærkvöldi fannst rúmri klukkustund síðar um fjörutíu sjómílur suðvestur af Reykjanesi, eða á svipuðum slóðum og þegar síðast heyrðist til hans.

Varðstjórar Landhelgisgæslunnar höfðu ítrekað reynt að ná sambandi við bátinn en þyrla Landhelgisgæslunnar og varðskipið Týr, auk báta á Reykjanesi, tóku þátt í leit að honum.

Bátnum var vísað til hafnar þar sem hann gerðist brotlegur við þrenn lög. Báturinn er gerður út frá Sandgerði. Fimm ár eru síðan hans var leitað á svipuðum slóðum. **- jab**

Slitastjórn Straums telur lánveitingar til félaga sem tengjast Björgólfsfeðgum í lagi:

# Vill rifta samningi við Íbúðalánasjóð

**VIÐSKIPTI** Slitastjórn Straums telur að samningur sem Íbúðalánasjóður gerði við fjárfestingarbankann eftir fall bankanna í október 2008 fela í sér ívilnun fyrir sjóðinn og krefst riftunar á honum. Samningurinn fól í sér að Straumur lokaði skuldabréfasamningum, sem Íbúðalánasjóður hafði gert við bankana áður en skilanefndir tóku þá yfir. Samningurinn hljóðar upp á milli þrjá til fjóra milljarða króna, sem Íbúðalánasjóður gæti þurft að greiða til baka. „Við teljum samninginn riftanlegan samkvæmt þeim reglum sem gilda um slitin á Straumi," segir Þórður Hall, sem sæti á í slitastjórn fjárfestingarbankans.

„Við höfnum þessu algjörlega og teljum ekki koma til greina að rifta samningnum," segir Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs. Hann segir engin rök fyrir áliti slitastjórnar Straums. Þvert á álitið hafi báðir aðilar talið samninginn hagstæðan á sínum tíma. Standi slitastjórnin fast á sínu verði að láta reyna á málið fyrir dómstólum. Ekki er gert ráð fyrir þessum bakreikningi í bókum Íbúðalánasjóðs, að sögn Guðmundar.

Slitastjórnin kynnti kröfuhöfum í gær helstu niðurstöður rannsóknar endurskoðendafyrirtækisins PriceWaterhouseCoopers, á viðskiptum bankans í aðdraganda falls hans í fyrravor og drög að nauðasamningum, sem fela í sér að kröfuhafar taka bankann yfir.

Rannsóknin var gerð í því augnamiði að kanna hvort finna megi viðskipti, útlán og gjörninga sem megi rifta. Viðskipti bankans við Björgólf Thor Björgólfsson, fyrrverandi stjórnarformann fjárfestingarbankans, og föður hans Björgólf Guðmundsson og félög sem þeim eru tengd voru skoðuð sérstaklega.

Fram kemur í skýrslunni að lánveitingar til feðganna hafi farið yfir mörk um stórar áhættuskuldbindingar. Slitastjórnin er þessu ósammála. „Við teljum að þeir [innskot: PwC] hafi spyrt saman hluti sem ekki áttu saman," segir Þórður en slitastjórn telur viðskipti bankans fyrir fall hans innan marka. **- jab**



**SÍÐASTI FUNDURINN** William Fall var forstjóri Straums áður en skilanefnd tók hann yfir í fyrravor. Slitastjórn telur gjörninga hans fyrir fallið í lagi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# Taktu þátt í Lukkulífi VITA til Tyrklands

## 29. júní, 10. og 20. júlí



TYRKLAND

# Bodrum

Vinsælasti sólarstaðurinn í Tyrklandi

Bodrum er einn allra vinsælasti sólarstaðurinn á vesturströnd Tyrklands við Eyjahaf þar sem sólin skín nánast allt árið um kring. Freistandi baðstrendur, fyrsta flokks þjónusta og gnægð veitingastaða og verslana.

## Tyrkland ódýrast!

Hvergi ódýrara að lifa á sólarstöðum sumarið 2010

**Möguleiki á léttgreiðslum**

## Lukkulíf VITA

Lukkulíf VITA gerir þér kleift að velja áfangastað, brottfarardag og lengd ferðar en upplýsingar um gististað berast þér síðar.

Allt innifalið!

### 29. júní í 11 nætur
### Verð frá 99.700 kr.

á mann m.v. 2 í stúdíó.

Verð á mann mv. 2 í tvíbýli með öllu inniföldu frá 134.400 kr.

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

### 10. júlí í 10 nætur
### Verð frá 156.400 kr.

á mann m.v. 2 fullorðna og tvö börn í tvíbýli.

Verð frá 185.400 kr. m.v. 2 í tvíbýli. Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Þökkum frábærar viðtökur!

## Flugáætlun

| | |
|---|---|
| 19. júní | Uppselt |
| 29. júní | Nokkur sæti laus |
| 10. júlí | Nokkur sæti laus |
| 20. júlí | Laust |
| 31. júlí | Uppselt |
| 10. ágúst | Uppselt |
| 21. ágúst | Örfá sæti laus |
| 31. ágúst | Uppselt |
| 11. september | Uppselt |
| 18. september | Uppselt |
| 29. september | Örfá sæti laus |
| 06. október | Nokkur sæti laus |

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 50611 06/10

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

## GENGIÐ 15.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,83 | 128,45 |
| Sterlingspund | 188,69 | 189,61 |
| Evra | 156,62 | 157,50 |
| Dönsk króna | 21,056 | 21,180 |
| Norsk króna | 19,897 | 20,015 |
| Sænsk króna | 16,282 | 16,378 |
| Japanskt jen | 1,3983 | 1,4065 |
| SDR | 187,71 | 188,83 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,3728

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hreyfing er á Icesave-málinu og hillt gæti undir viðræður ríkjanna þriggja:

# Ráðherrar skrifast á um Icesave

**EFNAHAGSMÁL** Breski fjármálaráðherrann, George Osborne, hefur svarað bréfi Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra um viðræður vegna Icesave-deilunnar.

Steingrímur sendi einnig bréf til hollenskra yfirvalda, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en þar hefur stjórn ekki enn verið skipuð eftir kosningar. Engin svör hafa borist þaðan. Þá hafa farið fram bréfaskipti á síðustu dögum milli embættismanna ríkjanna þriggja.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, segir að efnisatriði væntanlegs samnings hafi ekki verið rædd. Verið sé að fara yfir hvernig og á hvaða forsendum viðræður geti hafist.

„Málið er ekki á því stigi að það sé hægt að ræða um að menn séu að meta einhver möguleg samningsatriði,“ segir Guðmundur. Þá sé óvíst hvenær af viðræðum verði, nái menn saman um þær. „Umleitanir hafa miðað að því að koma á samningaviðræðum.“

Engar formlegar viðræður hafa átt sér stað milli Íslendinga, Breta og Hollendinga, síðan upp úr þeim slitnaði í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar 6. mars. - kóp



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur ritað breskum og hollenskum starfsbræðrum sínum bréf varðandi viðræður um Icesave. Sá breski hefur svarað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Miklar breytingar á Mars:

# Haf þakti þriðjung yfirborðs

**VÍSINDI** Miklar breytingar hafa orðið á yfirborði Mars, og telja vísindamenn nú líklegt að stórt haf hafi þakið um þriðjung af yfirborði plánetunnar fyrir um 3,5 milljörðum ára. Vísindamenn hefur lengi greint á um hvort vatn hafi verið á yfirborði Mars. Nýbirtar niðurstöður vísindamanna við Colorado-háskóla í Bandaríkjunum eru enn ein vísbendingin um að mikið vatn hafi verið á yfirborðinu fyrir milljörðum ára. Vísbendingar um höf á Mars má meðal annars lesa úr uppþornuðum árfarvegum. - bj



**VIÐURKENNING** Jón Torfi Jónsson afhenti Freyju Haraldsdóttur viðurkenningu og bókagjöf.

Viðurkenning fyrir verkefni:

# Rannsakaði ung fötluð börn

**MENNTUN** Freyja Haraldsdóttir hlaut í gær viðurkenningu úr minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir lokaverkefni sitt í BA-námi í þroskaþjálfarafræði.

Lokaverkefni Freyju fjallar um fötluð börn fram til þriggja ára aldurs og fjölskyldur þeirra. Markmið rannsóknar hennar var að öðlast skilning á upplifun og reynslu foreldra ungra fatlaðra barna af þjónustu, viðhorfum og vinnubrögðum fagfólks.

Freyja er með meðfæddan beinasjúkdóm sem gerir bein hennar afar brothætt, og gaf, ásamt Ölmu Guðmundsdóttur, út bókina Postulín árið 2007. - bj

Bandaríkjamaður í Pakistan:

# Ætlaði að leita bin Laden uppi

**PAKISTAN, AP Bandaríkjamaður, vopnaður skammbyssu og 102 sentimetra löngu sverði, fannst einn á ferð í skógi í norðvestanverðu Pakistan á sunnudag.**

**Hann sagðist hafa ætlað sér að finna Osama bin Laden og drepa hann.**

**Maðurinn heitir Gary Brooks Faulkner, er 52 ára byggingaverkamaður, og sagðist hafa heyrt að bin Laden væri í felum í Nuristan-héraði í Afganistan, og þangað hafi ferðinni verið heitið.** - gb

# Breski herinn hafði engar málsbætur

**Breski herinn átti alla sök á atburðum blóðuga sunnudagsins á Norður-Írlandi í janúar 1972 þegar þrettán saklausir menn féllu fyrir skotum breskra hermanna. Niðurstaða breskrar þingnefndar eftir tólf ára rannsókn er afdráttarlaus.**

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, baðst í gær afsökunar fyrir hönd breska ríkisins á framferði breskra hermanna á blóðuga sunnudeginum svonefnda í Londonderry árið 1972 þegar þrettán manns voru skotnir til bana.

Cameron kynnti niðurstöður breskrar rannsóknarnefndar á atburðum þessa dags fyrir breska þinginu í gær. Þar kom meðal annars fram að hermennirnir hefðu ekki gefið fólki neinar viðvaranir áður en þeir hófu skothríð á mannfjöldann. Enginn þeirra sem létu lífið hefði haft uppi tilburði til að ógna neinum eða gert neitt sem réttlætti skot bresku hermannanna.

Þúsundir kaþólskra höfðu safnast saman í borginni Londonderry, eða Derry eins og kaþólskir kjósa heldur að nefna hana, 30. janúar árið 1972 til að mótmæla mannréttindabrotum stjórnvalda sem höfðu hneppt menn í fangelsi án dóms og laga vegna fyrri átaka á svæðinu.

Mannfjöldinn hugðist ganga að Guildhall, ráðhúsi borgarinnar, en stjórnvöld höfðu bannað mótmælagöngur af þessu tagi.

Herdeild breskra fallhlífarhermanna hafði fengið þær skipanir að handtaka eins marga og mögulegt væri. Þess í stað hófu hermennirnir skothríð með þeim afleiðingum að fjórtán manns urðu fyrir skotum. Þrettán þeirra létu lífið, allir saklausir samkvæmt skýrslu þingnefndarinnar sem birt var í gær.

Atburðirnir þennan dag ollu tímamótum í baráttu kaþólskra á Norður-Írlandi fyrir aðskilnaði frá Bretlandi. Átökin hörðnuðu um allan helming og áttu eftir að kosta nærri fjögur þúsund manns lífið áður en samið var um frið árið 1998.

Mark Saville, lávarður og hæstaréttardómari, var fenginn til þess árið 1998 að stjórna rannsóknarnefnd til að fara ofan í saumana á atburðum þessa dags.

Eftir tólf ára rannsókn birti nefndin loks niðurstöður sínar í gær. Þar kemur fram að breskur hermaður hafi skotið fyrsta skotinu að ástæðulausu.

Niðurstöður nefndarinnar voru fyrst kynntar ættingjum hinna látnu í ráðhúsinu í Londonderry í gær. Fjöldi manns hafði safnast saman fyrir utan ráðhúsið og brutust út mikil fagnaðaróp þegar ættingjarnir lýstu ánægju sinni með niðurstöðurnar.

gudsteinn@frettabladid.is



**FYLGST MEÐ CAMERON** Íbúar í Londonderry fagna þegar forsætisráðherra Bretlands biðst afsökunar fyrir hönd stjórnar sinnar. NORDICPHOTOS/AFP



**BLÓÐUGI SUNNUDAGURINN** Ein frægra fréttamynda frá blóðbaðinu í Derry 1972. Þar voru þrettán saklausir borgarar myrtir af breskum hermönnum.

Ný bæjarstjórn mynduð:

# Átta nýliðar af ellefu í stjórn

**AKUREYRI Geir Kristinn Aðalsteinsson, oddviti L-listans á Akureyri og forseti nýrrar bæjarstjórnar, tók við embætti í gær. Ellefu fulltrúar sitja í bæjarstjórn Akureyrar og þar verða átta manns að stíga sín fyrstu skref í bæjarpólitík. L-listi Geirs er með hreinan meirihluta eða sex manns.**



**GEIR KRISTINN AÐALSTEINSSON**

**Staða bæjarstjóra hefur verið auglýst laus til umsóknar og rennur frestur út næstkomandi sunnudag.** - sv

Samstarf fjögurra flokka:

# Ný bæjarstjórn í Kópavoginum

**KÓPAVOGUR** Ný bæjarstjórn Kópavogs tók við völdum í gær og nýr meirihluti Lista Kópavogsbúa, Næst besta flokksins, Samfylkingar og VG kynnti málefnasamning.



**GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR**

Samkvæmt honum á meðal annars að skoða hvort það borgi sig að Kópavogur komi að uppbyggingu hálfkláraðs húsnæðis í borginni og komi á traustum leigumarkaði, eins og segir í tilkynningu.

Einnig á að koma á frístundastyrkjum og vinna með menntamálaráðuneyti að stofnun nýs framhaldsskóla í bænum. Bæjarstjóri er Guðrún Pálsdóttir. - kóþ






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BJART 17. JÚNÍ** Á morgun 17. júní verður yfirleitt hæg norðlæg eða breytileg átt og bjartviðri en líklega þykknar lítillega upp annað kvöld um vestanvert landið. Hitinn verður með ágætum og má búast við allt að 20°C í innsveitum syðra.



**Á MORGUN** Hæg norðlæg eða breytileg átt.

**FÖSTUDAGUR** Sunnan 3-10 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 19° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 25° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | XX° |
| París | 20° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Ógleymanlegt HM augnablik #2

Roger Milla dansar við hornfánann

## HM 1990




**HM LEIKUR**

**ALLA LEIÐ Á HM**

## Þú getur upplifað þín eigin HM augnablik.

Verslaðu hjá Olís með Vildarkorti VISA og Icelandair og þú gætir verið á leiðinni á HM í Suður-Afríku.

**Aðalvinningur, dreginn út 29 júní: Ferð fyrir tvo á úrslitaleikinn 11. júlí í Jóhannesarborg. Flug og hótel innifalið.** Aukavinningur, dreginn út daglega 11.-28. júní: 50.000 Vildarpunktar. Allir komast í pottinn sem versla í einhverri verslun Olís út um allt land með Vildarkorti VISA og Icelandair. Nánari upplýsingar á www.icelandair.is/hmleikur.

olís VISA ICELANDAIR

### Hver gerir hvað í nýrri borgarstjórn?

| | |
|---|---|
| **Borgarstjóri** | Jón Gnarr Kristinsson (Æ) |
| **Formaður borgarráðs** | Dagur B. Eggertsson (S) |
| **Forseti borgarstjórnar** | Hanna Birna Kristjánsdóttir (D) |
| **Formaður skipulags- og samgönguráðs** | Páll Hjaltason (Æ) |
| **Formaður mennta- og leikskólaráðs** | Oddný Sturludóttir (S) |
| **Formaður umhverfis- og auðlindaráðs** | Karl Sigurðsson (Æ) |
| **Formaður íþrótta- og tómstundaráðs** | Diljá Ámundadóttir (Æ) |
| **Formaður mannréttindaráðs** | Margrét K. Sverrisdóttir (S) |
| **Formaður menningar- og ferðamálaráðs** | Einar Örn Benediktsson (Æ) |
| **Formaður velferðarráðs** | Björk Vilhelmsdóttir (S) |
| **Formaður Strætós bs.** | Gunnar Lárus Hjálmarsson (Æ) |
| **Formaður Orkuveitunnar** | Haraldur Flosi Tryggvason (Æ) |
| **Formaður Sorpu** | Einar Örn Benediktsson (Æ) |
| **Formaður Faxaflóahafna** | Hjálmar Sveinsson (S) |

(Framkvæmda- og eignarráð er fært undir borgarráð. Umhverfis- og samgönguráð breytist þannig að samgöngumálin fara í skipulagsráð, en umhverfisráð hugar nú einnig að auðlindum).

# Um að gera að vera ekki með áhyggjur

**Jón Gnarr er nýr borgarstjóri í Reykjavík, í samstarfi Besta flokksins og Samfylkingarinnar. Dagur B. Eggertsson er staðgengill borgarstjóra. Í fyrsta sinn var borinn fram sameiginlegur listi allra flokka við kjör í ráð og nefndir borgarinnar.**



**FYRSTA KOSNINGIN** Jón Gnarr kýs hér Hönnu Birnu Kristjánsdóttur forseta borgarstjórnar í Reykjavík. Jón var svo kjörinn borgarstjóri, en í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar er líka gert ráð fyrir að hann verði stjórnarformaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Gnarr, oddviti Besta flokksins, tók við lyklunum að Ráðhúsi Reykjavíkur úr hendi Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fráfarandi borgarstjóra, á skrifstofu borgarstjóra síðdegis í gær, að afloknum borgarstjórnarfundi þar sem kosið var í nefndir og ráð á vegum borgarinnar. Á fundinum tók Jón formlega við sem borgarstjóri í Reykjavík.

Sú nýbreytni var að borinn var fram sameiginlegur listi allra flokka í kjöri í ráð og nefndir á vegum borgarinnar, þó svo að Besti flokkurinn og Samfylkingin myndi saman meirihluta og hafi á fundi borgarstjórnar í gær kynnt ítarlega samstarfsyfirlýsingu.

Samkomulag um þessa tilhögun náðist fyrir fyrsta fund borgarstjórnar og er þetta nýbreytni sem ekki hefur þekkst áður við skipan í embætti hjá borginni.

„Málin æxluðust svona og þetta hefur svo bara haft sinn gang,“ sagði Jón Gnarr við fjölmiðlafólk eftir að hafa tekið við lyklavöldum í Ráðhúsinu.

Hann sagðist ekki óttast flækjur þegar að því kæmi að forgangsraða og stýra fundum þótt nýju fyrirkomulagi væri komið á. „Og um að gera að vera ekki með áhyggjur heldur leysa bara vandamál með jákvæðni þegar þau koma upp, en ekki hafa af þeim áhyggjur löngu, löngu áður en þau koma upp, sem þau kannski gera svo aldrei.“

Samkomulag flokkanna fól í sér að Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni, var kjörin forseti borgarstjórnar og Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna, var kjörin fyrsti varaforseti.

> Hann [Besti flokkurinn ]er líklega það merkilegasta og gagnlegasta sem ég hef búið til, fyrir utan börnin mín
>
> JÓN GNARR BORGARSTJÓRI

Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, var kjörinn formaður borgarráðs, en jafnframt var samþykkt tillaga Samfylkingarinnar og Besta flokksins um að hann yrði í því embætti staðgengill borgarstjóra í forföllum.

Í sinni fyrstu ræðu í borgarstjórn eftir að hafa verið kjörinn borgarstjóri kvaðst Jón Gnarr þakka það traust sem honum og Besta flokknum hefði verið sýnt. Hann hefði gert margt skemmtilegt um ævina, en ekkert af því kæmist í hálfkvisti við Besta flokkinn. „Hann er líklega það merkilegasta og gagnlegasta sem ég hef búið til, fyrir utan börnin mín,“ sagði Jón.

Í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar er með fyrstu verkum sagt að búa eigi útigangskonum húsaskjól fyrir fyrstu snjóa í haust og að taka eigi upp systkinaforgang í leikskólum. Nýta á vefinn www.betrireykjavik.is til stuðnings við ákvarðanir og stefnumótun og gera á faglega rekstrarúttekt á Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndum borgarinnar er fækkað „til að auka skilvirkni og spara nefndarlaun“ og langtímaáætlun um fjármál og framkvæmdir á vegum borgarinnar á að liggja fyrir í lok árs.

olikr@frettabladid.is

## Vill opna borgarmálin enn frekar

Dagur B. Eggertsson, nýr formaður borgarráðs Reykjavíkur, segir sér hafa hugnast afar vel sú leið sem farin var í að bjóða sameiginlegan lista allra flokka við kjör í ráð og nefndir borgarinnar.



DAGUR B. EGGERTSSON

„Annars hefðum við ekki boðið þetta,“ segir hann.

Dagur segist hins vegar gera ráð fyrir því að einhvern tíma taki fyrir borgarfulltrúa að fóta sig í nýju umhverfi. „Það eru allir að læra og þarf að gefa því svigrúm og tíma. Þetta þarf að vera blanda af skýrri sýn og að ljóst sé hvert borgin stefnir um leið og að hlustað er á önnur sjónarmið og sannarlega ekki bara innan borgarstjórnarinnar.“ Dagur kveðst þeirrar skoðunar að ný nálgun í stjórn borgarinnar snúist fyrst og fremst um að opna borgarmálin og pólitíkina fyrir íbúum og öðrum sem taka vilja þátt í umræðunni og ákvörðunum. „Við megum ekki loka þessa umræðu inni í einhverju hólfi þar sem þetta snýst bara um hvernig flokkarnir tala saman og fólkið í borgarstjórn. Í mínum huga er þetta miklu stærra mál en svo,“ segir hann og kveður góð skref hafa verið stigin í borgarstjórn í gær sem hann vonast til að reynist vel. „Þetta hefur ekki verið gert áður.“ - óká

## Bandalagsnálgunin var brotin upp

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna og fyrsti varaforseti borgarstjórnar Reykjavíkur, segist tiltölulega jákvæð í garð þeirra breytinga sem orðið hafa í borginni.



SÓLEY TÓMASDÓTTIR

„Ég hef ákveðið að vera bjartsýn fyrir hönd borgarinnar. Það er margt gott í þessum málefnasamningi, þótt þar sé líka ýmislegt sem ég hef út á að setja, en á honum tökum við enga ábyrgð,“ segir Sóley. Með því að bjóða fram sameiginlegan lista við kjör í ráð og nefndir hafi hins vegar næsta skref verið stigið í óhefðbundnum vinnubrögðum. Hún segir þá leið hafa skipt sig miklu máli, því ella hefði hún staðið frammi fyrir því vali að ákveða hvort hún myndi fara fram með meirihluta eða minnihluta. „Þessi hefðbundna bandalagsnálgun í pólitík var brotin. Mér finnst það ákveðið skref fram á við og sú staðreynd að allir voru tilbúnir til að gera þetta finnst mér til marks um að við ætlum að fara inn í kjörtímabilið sem ein heild,“ segir Sóley, en áréttar um leið að vitanlega séu flokkarnir ekki sammála um hvernig standa eigi að stjórn borgarinnar. „Við, þessir fimmtán einstaklingar, ætlum samt að vinna saman eins og við getum.“ - óká

## Lagði áherslu á ný vinnubrögð

„Ég hef alltaf sagt að við ættum að reyna nýjar leiðir í pólitík og vinna þvert á meirihluta og minnihluta. Það er ekkert nýtt,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri og nýr forseti borgarstjórnar, um þær breytingar sem nú hafa átt sér stað á vettvangi borgarinnar.



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Fyrst og síðast höfum við það að markmiði að vinna vel fyrir borgarbúa. Ég sagði þegar ég var í meirihluta að ég vildi vinna með borgarfulltrúum annarra flokka. Það hefur ekkert breyst þó svo að ég sé komin í minnihluta. Ég lagði hins vegar alla áherslu á það í samræðum mínum við fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar að þetta snerist ekki um embætti mér til handa,“ segir hún.

Hanna Birna telur jafnframt að innan Sjálfstæðisflokksins sé góð sátt um þessa leið. „Við höfum í gegnum þetta fyrirkomulag tryggt að Sjálfstæðisflokkurinn kemur að nefndarstörfum og stjórnun á vettvangi borgarinnar þar sem honum ber. Það skiptir miklu máli.

Við höfum þarna einnig sterka aðkomu að fjármálum, atvinnumálum og öðrum mikilvægum málum.“ - óká






**OPIÐ** á morgun 17. júní

**TILBOÐ 25%** afsláttur við kassa

GRILLLÆRI HAGKAUPS
**1.724** kr/kg.
Merkt verð 2.298.-



| Vara | Tilboð | Verð | Merkt verð |
|---|---|---|---|
| **Lærissneiðar** í bláberja kryddlegi | 25% afsláttur við kassa | 2.121 kr/kg. | Merkt verð 2.828.- |
| **Svínalundir** kryddlegnar | 30% afsláttur við kassa | 1.747 kr/kg. | Merkt verð 2.495.- |
| **Kjúklingabringur** í Texas kryddlegi | 25% afsláttur við kassa | 1.796 kr/kg. | Merkt verð 2.395.- |
| **Kjúklingalundir** ferskar | 25% afsláttur við kassa | 1.946 kr/kg. | Merkt verð 2.595.- |

## *Spennandi meðlæti á grillið eða í ofninn!*



Bökunarkartöflur | Beikonfylltar kartöflur | Maísstönglar | Balsamikmarinerað grænmeti | Berjabomba m/kókosbollum | Sveppir með ostafyllingu



TILBOÐ – KJÚKLINGA VÆNGIR 2 TEG. **399** kr/pk.

*Ferskt með flugi!* TILBOÐ – KIRSUBER 250g **459** kr/pk.

TILBOÐ – MARYLAND KEX **99** kr/pk.

*Gildir út föstudag* TILBOÐ – NAMMILAND **30 %** afsláttur v/kassa



TILBOÐ – 16" PIZZA + 2 LTR. COKE **1.098** kr

TILBOÐ – BARNA HAMBORGARAR **569** kr/pk.

TILBOÐ – BAGUETTE **159** kr/stk.

**OPIÐ** 24 ALLAN sólarhringinn – Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. júní á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP** *Ein ferð betra verð*

NÝJAR VÖRUR Á ÚTSÖLUMARKAÐI

66° NORÐUR

KRAKKAR


Loki jakki
Nú 4.800 kr. - áður 8.200 kr.



Newport sandalar
Stærðir: 26-35
Nú 5.000 kr. - áður 7.800 kr.


Urður jakki
Nú 4.800 kr. - áður 8.800 kr.


Urður buxur
Nú 3.000 kr. - áður 6.000 kr.

DÖMU & HERRA


Vatnajökull Primaloft
Nú 29.880 kr. - áður 49.800 kr.


Vík hettupeysa
Nú 10.000 kr. - áður 18.500 kr.


Glymur 3-laga jakki
Nú 33.000 kr. - áður 64.900 kr.


Glymur 3-laga buxur
Nú 22.000 kr. - áður 44.000 kr.

**Faxafeni 12:** Mið. - fös. 8 – 18 I Lau. 11 – 16
**Glerárgata Akureyri:** Mið. - fös. 10 – 18 I Lau. 11 – 16

Auglýsingasími 512 54 01
FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...

# Leiðtogar samþykkja að hefja viðræður

**Samkvæmt drögum að lokaályktun fundar leiðtoga ESB á morgun munu leiðtogarnir samþykkja að hefja aðildarviðræður við íslensk stjórnvöld. Ekki verður hægt að ljúka þeim hluta sem snýr að fjármálakerfinu sé ósamið um Icesave.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif hefur Icesave-málið á fyrirhugaðar aðildarviðræður íslenskra stjórnvalda við Evrópusambandið?


**HÖFUÐSTÖÐVAR** Leiðtogaráð Evrópusambandsins mun fjalla um aðildarumsókn Íslands á fundi ráðsins í svokallaðri Justus Lipsius-byggingu, sem er hluti af höfuðstöðvum ESB í Brussel. MYND/ESB

Allar líkur eru á því að leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins muni samþykkja að hefja aðildarviðræður við íslensk stjórnvöld á fundi leiðtogaráðs ESB í Brussel á morgun. Ákvörðun um viðræður liggur fyrir í drögum að lokaályktun fundarins, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í drögunum segir meðal annars: „Eftir að hafa skoðað umsókn Íslands á grundvelli [álits framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins] og niðurstaðna frá desember 2006 um frekari stækkun sambandsins, kemst leiðtogaráðið að þeirri niðurstöðu að Ísland uppfylli pólitísk skilyrði sem sett voru af leiðtogaráðinu í Kaupmannahöfn árið 1993 og ákveður að hefja aðildarviðræður.“

Í drögunum er ekki minnst á Icesave-málið beinum orðum, heldur notað almennt orðalag þar sem augljóslega er þó vísað til Icesave. Þar segir meðal annars að aðildarviðræðunum sé ætlað að tryggja að Ísland taki upp reglur sambandsins og tryggi að þær taki gildi, og „taki á útistandandi skuldbindingum, til dæmis þeim sem ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur bent á“.

Þar mun átt við álit ESA frá því í lok maí, þar sem fram kemur að Íslandi beri að endurgreiða Hollendingum og Bretum lágmarkstryggingu til innstæðueigenda vegna Icesave-reikninganna.

„Leiðtogaráðið fagnar því að Ísland hafi lýst yfir vilja til að leysa úr þessum málum, og hefur trú á því að Ísland muni sýna frumkvæði í því að leysa úr útistandandi málum,“ segir í drögunum.

„Leiðtogaráðið staðfestir að viðræðurnar fari fram á forsendum Íslands og hraðinn muni velta á því hversu hratt Ísland getur uppfyllt þær kröfur sem útlistaðar eru í ramma viðræðnanna,“ segir þar enn fremur.

Heimildir Fréttablaðsins herma að það sé einkum að kröfu fjármálaráðuneyta Bretlands og Hollands sem þessir fyrirvarar verði gerðir um Icesave-málið í lokaályktun fundar leiðtogaráðsins á morgun. Forsætisráðherrar og utanríkisráðherrar landanna tveggja eru sagðir jákvæðari í garð umsóknar Íslands.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur það ekki í veg fyrir að aðildarviðræður geti hafist að enn hafi ekki verið samið um Icesave-málið. Náist ekki samkomulag um Icesave-skuldbindingarnar á næstu mánuðum, gæti það hins vegar hindrað að viðræður um þann kafla samningsins sem fjallar um fjármálakerfið geti hafist. Alls eru 35 kaflar í löggjöf Evrópusambandsins sem fjalla þarf um áður en tekin verður afstaða til aðildar Íslands, og hægt verður að fara yfir hina kaflana 34 þrátt fyrir að ósamið sé um Icesave.

Sendiherrar 26 aðildarríkja Evrópusambandsins hér á landi, allra nema Möltu, munu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins funda hér á landi í dag til að undirbúa fyrirhugaðar aðildarviðræður.

brjann@frettabladid.is

100.000.000
+590.000.000
690.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
690 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 590 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 16. JÚNÍ 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA







ÍSLENSKA SIA.IS SFG 50278 06/10 - Ljósmyndir: Hari

*Lýðveldisdagurinn er á morgun*




# Fagnaðu lýðveldisdeginum með BKI kaffi

*17. júní er á morgun*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei það er að koma 17. Júní!**
Á morgun fögnum við því að íslenska lýðveldið var stofnað á Þingvöllum á því herrans ári 1944. Við það tækifæri var stjórnarskrá Íslands einnig staðfest og Sveinn Björnsson var kjörinn fyrsti forseti lýðveldisins. Fyrir alla Íslendinga er 17. júní dýrðardagur sem ber að fagna. Skrúðgöngur, helíumblöðrur, kandífloss og tónleikar í tilefni dagsins er það sem koma skal. Vertu tilbúin fyrir lýðveldisdaginn og skemmtu þér með vinum og vandamönnum. Fagnaðu frelsinu!

Undirbúðu þig fyrir lýðveldisdaginn og helltu upp á hressandi BKI kaffi. Fáðu þér lýðveldiskaffi og njóttu dagsins.

*Gríptu tækifærið, fáðu þér BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir 17. júní***

Rannsókn tveggja lögregluembætta á umfangsmiklu kókaínmáli lokið:

# Stóra kókaínmálið til ákæruvaldsins

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á umfangsmiklu kókaínsmygli hingað til lands í apríl er lokið.

Tvö lögregluembætti, á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, hafa farið með rannsóknina. Suðurnesjahluti málsins hefur verið sendur til ríkissaksóknara og fíkniefnadeildin á höfuðborgarsvæðinu er að senda hinn hlutann til ákæruvaldsins þessa dagana. Sex manns eru í gæsluvarðhaldi vegna málsins, einn að kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum og fimm að kröfu lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.



**MILLJÓNIR** Lögregla lagði hald á níu milljónir við rannsókn málsins.

Það var helgina 10. til 11. apríl sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók fimm fyrstu mennina vegna málsins. Maður og kona voru svo handtekin vegna málsins á Keflavíkurflugvelli á sama tímabili. Fólkið hafði reynt að smygla samtals rúmlega þremur kílóum af mjög sterku kókaíni í ferðatöskum til landsins frá Spáni. Við rannsókn málsins fann lögregla átta milljónir króna í tveimur aðskildum bankahólfum. Í öðru hólfinu voru að auki skartgripir sem gullsmiðir hafa metið á rúmar tvær milljónir. Um var að ræða hringa og annað skart. Munirnir voru fáir en fokdýrir.

Að auki var svo einn hinna handteknu með rúmlega eina milljón króna í umslagi. **- jss**

# Þrjár námsbrautir hjá HR lagðar niður

**Um 200 milljarða niðurskurði á framlögum ríkisins til HR verður mætt með því að draga úr námsframboði. Þrettán missa vinnuna. Stöndum vörð um kjarnasvið skólans, segir rektor. Horfum fram á veginn, segir deildarforseti.**

**MENNTAMÁL** Þrjár námsbrautir við Háskólann í Reykjavík (HR) verða lagðar niður í áföngum til að mæta tæplega 200 milljóna niðurskurði á framlögum ríkisins til skólans á næsta ári. Þrettán starfsmönnum skólans hefur verið sagt upp starfi til að bregðast við minnkandi framlögum.

Þær námsbrautir sem lagðar verða niður eru diplómanám í kennslufræði, meistaranám í lýðheilsufræði og grunnnám í stærðfræði. Ari Kristinn Jónsson, rektor skólans, segir að nemendur sem þegar séu byrjaðir í þessu námi fái að ljúka námi sínu við skólann. Nýir nemendur verði ekki teknir inn.



**NIÐURSKURÐUR** Talið var ómögulegt að skera meira niður á kjarnasviðum HR án þess að það bitnaði á gæðum kennslunnar, og því var ákveðið að leggja niður þrjár námsbrautir við skólann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Framlög ríkisins til HR hafa verið skorin niður síðustu tvö ár og hefur þeim niðurskurði verið mætt með launalækkunum starfsmanna og almennu aðhaldi, segir Ari. Nú ætli ríkið sér að skera framlög niður um um það bil átta prósent. Framlög til skólans á síðasta ári voru um tveir milljarðar, og nemur niðurskurðurinn því tæplega 200 milljónum króna.

„Starfsmenn skólans hafa fært fórnir til að láta þetta ganga hingað til. Nú verður frekari niðurskurði ekki við komið án þess að það komi niður á gæðum kennslu við skólann,“ segir Ari. Til að standa vörð um gæði kennslu var ákveðið að verja kjarnasvið skólans, tækni, viðskipti og lög, en skera niður annars staðar.

Fimmtán nemendur höfðu sótt um að hefja nám í lýðheilsufræði í haust og verða þeir frá að hverfa. Ari segir að þeim verði tryggður aðgangur að námi með öðrum hætti. Töluvert stærri hópur sótti um í árs diplómanám í kennslufræði, en sá hópur verður tekinn inn, og verður því síðasti hópurinn sem fer í það nám hjá skólanum.

„Með þessum breytingum sjáum við fram á að ekki þurfi að breyta námsframboði frekar, og stöðugleiki verði að minnsta kosti til ársins 2012. Þá vonumst við til að hægt verði að hefja uppbygginguna að nýju,“ segir Ari.

Samhliða því að námsbrautirnar verða lagðar niður verða aðrar brautir sem heyrðu undir kennslufræði- og lýðheilsudeild færðar undir aðrar deildir skólans og kennslufræði- og lýðheilsudeildin lögð niður.

„Þetta er bara frágengið og klappað og klárt,“ segir Þorlákur Karlsson, forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar HR. „Við ætlum bara að horfa fram á veginn,“ segir hann, en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um tíðindi gærdagsins. **brjann@frettabladid.is**

FATAHÖNNUNARSKÓLI ÍSLANDS

**AUGLÝSUM EFTIR KENNURUM**

Í FATAHÖNNUN



Fatahönnunarskóli Íslands auglýsir eftir kennurum til starfa í skólanum á eftirfarandi sviðum: **sníðagerð**, **teikningu** og **saumaskap**.

Starfshlutfall og launakjör eftir samkomulagi.

Gerð er krafa um kennsluréttindi frá HÍ.

Nánari upplýsingar um starfið er hægt að fá með fyrirspurn á netfangið fai@fai.is. Umsóknarfrestur er til 25. júní 2010.

Skólinn hefur störf í ágúst 2010.

**Umsóknir sendist til:**
Fatahönnunarskóli Íslands
P.Box 601, 121 Reykjavík
eða á netfangið fai@fai.is

www.fai.is

Þrír gripnir glóðvolgir:

## Drukknir á skytteríi í óleyfi

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var til lögreglunnar á Vestfjörðum um síðustu helgi að þrír menn væru að skjóta fugla í Æðey og væru drukknir í ofanálag. Ekki tókst betur til hjá veiðimönnunum en að gúmmítuðran sem þeir voru á varð vélarvana og þurftu þeir að leita aðstoðar hjá ábúandanum sem þeir höfðu verið að skjóta hjá í óleyfi.

Þegar mennirnir komu í höfn á Ísafirði tók lögreglan á móti þeim og lagði hald á vopn þeirra. Mál þeirra er nú til rannsóknar hjá lögreglunni. - jss



**CHAMPS ÉLYSÉES** Af öðrum verslunargötum sem komast á topp tíu lista Colliers má nefna Russell Street í Hong Kong, Bond Street í London, Vía Monte Naoleone í Mílanó, Pitt Street Mall í Sidney og Bahnhofstrasse í Zürich.

Fermetrinn á 1,7 milljónir:

## Champs Élysées dýrasta verslunargata heims

**VERSLUN Hin þekkta breiðgata í París, Champs Élysées, er orðin dýrasta verslunargata heimsins, og hefur náð þeim titli af Fifth Avenue í New York. Þetta kemur fram í nýjum lista yfir dýrustu verslunargötur heimsins sem gefinn er út árlega af fasteignaráðgjöfunum Colliers International. Listinn er gerður með hliðsjón af leiguverði fyrir verslanir. Fermetraverðið á Champs Élysées er nú að meðaltali rúmlega 1,7 milljónir krónur á ári. Verðið á Fifth Avenue er hins vegar tæplega 100.000 krónum ódýrara.**

**Verslunareigandi sem leigir út 1.000 fermetra verslunarpláss á Champs Élysées þarf með öðrum orðum að punga út rúmlega 1,7 milljörðum króna í leigukostnað á hverju ári.**

235 vilja komast í skólann:

## Metfjöldi umsókna á Hólum

**MENNTUN** Metfjöldi umsókna barst um skólavist í háskólanum á Hólum nú í vor. Fjölgunin er tæplega 46 prósent milli ára.

Umsóknirnar voru 235 talsins. Flestir vilja komast að í hestafræðideild skólans, eða 119. Þar af ætla tólf manns að stunda BS-nám í hestafræðum sem er sameiginlegt nám með Landbúnaðarháskólanum.

Þá vill 101 nemandi stunda nám í ferðamáladeild og fimmtán vilja stunda nám í fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Af þeim vilja fimm manns fara í BS-nám í sjávar- og vatnalíffræði sem er kennd í samvinnu við Háskóla Íslands. - þeb

**DÓMSMÁL**

### Dæmdur fyrir líkamsárás

Karlmaður á þrítugsaldri var dæmdur í mánaðarlangt skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Austurlands í gær. Maðurinn réðst á annan mann í samkvæmi og sló hann hnefahöggum í andlitið svo hann nefbrotnaði, hlaut glóðarauga á báðum augum og fleiri áverka.





**LOFTFIMLEIKAR** Ungur Indverji stekkur með tilþrifum út í skurð í Nýju-Delí. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

Óeirðirnar í Kirgisistan hafa kostað hundruð manna lífið:

# Fólk innlyksa á landamærum

**KIRGISISTAN, AP** Að minnsta kosti nokkur hundruð manns hafa látið lífið í óeirðum í suðurhluta Kirgisistans síðustu daga, að mati Rauða krossins. Æ fleiri fréttir berast af því að ýtt hafi verið undir átökin beinlínis til þess að koma bráðabirgðastjórn landsins frá völdum.

Óeirðirnar hafa beinst að Úsbekum, sem eru í minnihluta í landinu. Borgin Osh hefur að stórum hluta verið lögð í rúst og yfir hundrað þúsund manns hafa flúið yfir landamærin til Úsbekistans.

Á þriðjudag lokuðu stjórnvöld í Úsbekistan landamærunum, þannig að fjöldi fólks hefur safnast saman við landamærin eða situr fast á einskismannslandi milli gaddavírsgirðinga hvoru megin.

Bráðabirgðastjórn landsins hefur sakað Kurmanbek Bakijev, fyrrverandi forseta, og fjölskyldu hans um að hafa hvatt til óeirðanna í þeirri von að hætt verði við þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá, sem á að halda 27. júní.

Bakijev hraktist frá völdum í apríl í kjölfar fjölmennra mótmæla gegn honum. - gb



**VIÐ LANDAMÆRI ÚSBEKISTANS** Yfir hundrað þúsund manns hafa flúið yfir landamærin. NORDICPHOTOS/AFP

Ríkisendurskoðun tilkynnir:

## Líst ekki illa á sameininguna

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við undirbúning sameiningar skattumdæma landsins, samkvæmt skýrslu sem gefin var út í gær. Um síðustu áramót voru embætti ríkisskattstjóra og níu skattstjóra víðs vegar um landið sameinuð í eitt og landið gert að einu skattumdæmi.

Ríkisendurskoðun telur að undirbúningur sameiningarinnar hafi byggt á skýrum faglegum og fjárhagslegum markmiðum og rúmist innan heimilda. Að auki liggi fyrir skýr verk- og tímaáætlun. - kóþ

Ekki hrifnir af ristilskolun:

## Læknar styðja landlækni

**HEILBRIGÐISMÁL Læknafélag Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við greinargerð landlæknis vegna detox-meðferðar Jónínu Benediktsdóttur. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem félagið sendi frá sér í gær.**

**„Félagið vill í þessu samhengi benda á að samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er öll heilbrigðisstarfsemi hér á landi háð starfsleyfi frá landlækni og lýtur eftirlitsskyldu hans, án tillits til þess hvort hún er veitt af ríkinu eða öðrum aðilum með eða án greiðsluþátttöku ríkisins,“ segir í stuðningsyfirlýsingunni.**

**Landlæknir deilir hart á ristilhreinsun Jónínu í greinargerð sinni og segir hana gagnslausa. Jónína hefur svarað honum fullum hálsi. - sh**

# Sífellt fleiri vilja leiðréttingu

**Æ fleiri þingmenn tala fyrir almennri niðurfellingu skulda að einhverju marki. Ríkisstjórnin er á móti þeirri leið. Viðskiptaráðherra segir að koma verði til móts við fólk sem keypti fyrstu eignina þegar verð var sem hæst.**

**ALÞINGI** Almenn niðurfelling skulda upp á 20 prósent kostar 114 milljarða, setur Íbúðalánasjóð á hausinn og eykur útgjöld hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og bönkunum. Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í ræðu á Alþingi í gær.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, spurði forsætisráðherra út í grein Helga Hjörvar í Fréttablaðinu í gær, en þar talaði hann fyrir því að leið almennrar niðurfellingar yrði skoðuð. Sigmundur sagði Helga hitta naglann á höfuðið og með grein sinni tæki hann undir sjónarmið Framsóknarflokksins í málinu. Viðurkenna þyrfti að um tapað fé væri að ræða sem ætti að afskrifa og leiðrétta þannig lánin.

Jóhanna ítrekaði að leið ríkisstjórnarinnar varðandi heimilin væri eðlilegri. Þar væri komið best til móts við þá verst stöddu og gætu sumir fengið allt að 90 prósent niðurfellingu skulda. Nýta þyrfti það fé sem fyrir hendi væri til að aðstoða þá verst stöddu. Hvatti hún þingheim til að styðja tillögurnar og afgreiða áður en Alþingi færi í sumarfrí, þó að mögulega þyrfti að taka nokkra daga aukalega í umræður þar um.

Helgi sagði í grein sinni að án almennra aðgerða væri einkum komið til móts við þá sem lengst gengu í skuldsetningu.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að flokkurinn hafi talað fyrir þverpólitísku samráði um að meta svigrúmið til almennrar skuldaleiðréttingar, „enda hefur það smám saman verið að koma í ljós að þessar sértæku leiðir eru allt of tafsamar og hafa nýst of fáum“.

Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna og formaður efnahags- og viðskiptanefndar, tekur undir það. Hún segir að á einu ári hafi 400 manns getað nýtt sér úrræði eins og greiðsluaðlögun. Sú tala gæti hækkað í 2.000 eftir ný frumvörp sem liggi fyrir þinginu. Það sé allt of lítið, um 22 þúsund manns séu á vanskilaskrá. Hún vill fara í almenna niðurfellingu skulda. - kóp



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



BJARNI BENEDIKTSSON



LILJA MÓSESDÓTTIR



SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON




Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18, www.smaralind.is

# Gott verð á öllum málningar-vörum hjá okkur*




DEKA PRO þakmálning, 10 lítrar

**8.795 kr.**




ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 2.7 lítrar

**4.290 kr.**




DEKAPRO útimálning, 10 lítrar

**6.495 kr.**




Dicht-Fix þéttiefni. 750ml

**1.795 kr.**




ODEN þekjandi viðarvörn. 1 líter

**1.495 kr.**

*Besta þekjandi viðarvörn í Skandi-navíu samkvæmt prófun Folksham í Svíþjóð.*

*Sjá www.murbudin.is*






Deka Meistaragrunnur
Hvítur. 1 líter

**1.295 kr.**




Deka Meistaralakk 40
Akrýllakk. 1 líter

**1.495 kr.**




Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter

**1.495 kr.**




Scala Lackfarg 30 (olíu)
1 líter

**1.395 kr.**

Scala Steypugrunnur
Betoprime glær. 1 líter

**595 kr.**




Scala Panellakk
Glær. 1 líter

**1.295 kr.**




Scala Project Grunnur
Hvítur. 10 lítrar

**4.990 kr.**




Deka Pro 4. Loft og veggjamálning. 10 lítrar

**4.990 kr.**




DekaCryl 7
Innimálning. 10 lítrar

**4.990 kr.**




Deka Pro 10
Innimálning. 10 lítrar

**5.895 kr.**




Aqua 25 innimálning á böð
4 lítrar

**3.995 kr.**




Dalapro Medium spartl
10 lítrar

**3.995 kr.**




Scala Panellakk 15
Glært. 3 lítrar

**2.995 kr.**




Scala Grunnolía
1 líter

**895 kr.**




Scala útigrunnur tré
1 líter

**1.195 kr.**

***Múrbúðin auglýsir ekki afslátt af einni tegund málningar og selur svo aðrar á uppsprengdu verði**

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***HÚSAVÍK – FLÚÐIR***

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***


20%
AF ÖLLUM BURNY GRILLUM
Gæða gasgrill
Burny Sizzler 200
10.0 kW
Grillflötur 44x50 sm.
Hitagrind 44x14 sm
2 ryðfríir brennarar
Flame tamer hlíf yfir brennurum
Postulínsemelerað lok, grill og grillgrind sem varnar ryðmyndun.
3000272
47.900
59.900
15%
AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM
25.490
29.990
Rafmagnssláttuvél B&D
35 ltr. safnara, 1200 W.
Miðlæg hæðarstilling.
34 sm sláttubreidd
5085134
BLACK& DECKER
GARÐ PARTÝ
TRUENORTH
4.999
5.999
Flíspeysur
Dömu, svartar, rauðar og hvítar
Herra, svartar, grænar & gráar
5863738 - 5863740 & 5863750 - 5863752
20%
AF ÖLLUM GRILLÁHÖLDUM
Tjald 3 manna
Santa Barbara
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag 190T polyester
Stærð með fortjaldi 130 x 210 x 210 sm
5869205
7.990
9.890
Vatnsglös 6 stk
2000908
499
20%
AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM
Plastborðbúnaður í tösku 24 stk.
fáanlegt í 4 litum
2005394
1.799
Tjaldborð og bekkjarsett
2bekkir og borð
stærð 113 x 68 x 72 sm
3899360
14.990
16.494
Látum verkin tala!
Tilboð gilda 16. - 20. júní
Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
HÚSASMIÐJAN


TAX FREE
BYRJAR Í DAG
ALLAR GARÐPLÖNTUR
TAX FREE
TAX FREE
TAX FREE
TAX FREE
TAX FREE ALLAR GARÐPLÖNTUR MIKIÐ ÚRVAL!
TRJÁPLÖNTUR • SUMARBLÓM • MATJURTIR • FJÖLÆRAR PLÖNTUR
GARÐÁLFAR
VERÐ FRÁ
1499
30%
AF VÖLDUM
ÚTIPOTTUM
(FROSTÞOLNIR)
...saman í
40 ár
WWW.BLOMAVAL.IS
Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Blómaval skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs
blómaval

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr andi svífur yfir vötnum í Ráðhúsinu:

## Nær brosið endum saman?

Því verður ekki neitað að nýr andi sveif yfir vötnum í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær, þegar ný borgarstjórn tók við völdum. Jón Gnarr, nýr borgarstjóri Reykvíkinga, grínaðist meira en menn eiga að venjast í fyrstu ræðu sinni. Ekki er hægt annað en að brosa af og til þegar samstarfsyfirlýsing nýs meirihluta er lesin og sumir hlógu jafnvel upphátt þegar æviágrip nýja borgarstjórans var lesið á vef Reykjavíkurborgar í gær. Enda er markmið nýs meirihluta að „borginni verði stjórnað með bros á vör".

Samstarfsyfirlýsingin er full af góðum hugmyndum, sem margar hverjar myndu bæta borgarlífið ef þeim yrði hrint í framkvæmd. Flestar virðast settar fram í fullri alvöru og mörgum er brýnt að koma í framkvæmd, eins og að útvega útigangskonum skjól fyrir veturinn, taka á niðurníðslu húsa í eldri hverfum og gera átak í atvinnumálum borgarinnar, svo fátt eitt sé nefnt.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Almennt talað er stefnuskrá meirihluta Bezta flokksins og Samfylkingarinnar þess eðlis, að ágæt sátt ætti að geta ríkt um margt, sem þar er sett fram.

Spurningin, sem vaknar við lestur langs loforðalista, er hins vegar: Hvar á að finna peninga í þetta allt saman? Fjármálakafli stefnuyfirlýsingarinnar er fáorður, almennur og lítið á honum að græða. Hann svarar til dæmis ekki þeirri spurningu, hvort ný borgaryfirvöld hyggist hækka útsvarið eða aðra skatta og álögur á borgarana til að fjármagna alla dýrðina.

Nú eru erfiðir tímar í fjármálum Reykjavíkurborgar eins og flestra annarra sveitarfélaga. Fráfarandi borgarstjórn tókst vel upp, undir forystu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, að skera niður í rekstri borgarinnar án þess að hækka skatta eða skerða grunnþjónustuna. En það voru ekki miklir peningar aflögu í sniðugar hugmyndir á borð við norðurhjaragarð (með eða án ísbjarnar?) í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, eins og nýi meirihlutinn stefnir að.

Jákvæðnin og lífsgleðin, sem kemur inn í borgarpólitíkina með Bezta flokknum, er fín. En brosið eitt og sér dugar ekki til að taka á fjármálum borgarinnar. Nýr meirihluti verður ekki sízt dæmdur af því hvernig honum tekst upp í því verkefni.

Nýi meirihlutinn hefur, í samræmi við það sem Jón Gnarr hafði áður lýst yfir, leitað eftir samstarfi við minnihlutann í anda þess sem tíðkað var á seinnihluta kjörtímabils síðustu borgarstjórnar. Minnihlutaflokkarnir taka ekki ábyrgð á stefnu eða verkum meirihlutans, en hafa fallizt á að leggja sitt af mörkum við stjórn borgarinnar og fara með formennsku t.d. í sumum hverfisráðum.

Þetta er í anda þess, sem Hanna Birna Kristjánsdóttir lagði til fyrir kosningar og áhugavert að þannig mætist hugmyndir hennar og nýja borgarstjórans. Úr verður tilraun til árs, sem óskandi væri að gæfist vel. Gamla minni- og meirihlutakarpið skilaði svo takmörkuðum árangri, fyrir utan að vera leiðinlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hið besta mál

Fréttablaðið greindi frá því í gær að verslunum sem eru opnar allan sólarhringinn hefur fjölgað og eru nú um 44 um allt land. Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, telur að með þessu sé verið að auka útgjöld neytenda, því lengri opnunartími hækki vöruverð. Því er Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, ekki sammála. Hann segir að ef fyrirtæki sjái sér hag í því að hafa opið allan sólarhringinn þá sé það „bara hið besta mál og veitir neytendum frábæra þjónustu".



### Ekki hið besta mál

Það eru greinilega skiptar skoðanir á málinu innan Samtaka verslunar og þjónustu, því þessu er formaður samtakanna, Margrét Kristmannsdóttir, ekki sammála. Margrét var einn af leiðarahöfundum Fréttablaðsins og skrifaði einmitt um lengdan afgreiðslutíma í október í fyrra. „Þó að neytandinn vilji versla þegar honum hentar er sjaldan talað um kostnaðinn sem felst í þessum langa afgreiðslutíma," skrifaði Margrét. Hún bætti við að neytendur væru sveigjanlegir gagnvart styttri afgreiðslutíma ef það leiddi til lægra vöruverðs. Sumir vildu nýta sér afgreiðslutímann til fulls „en spurningin er hvort þeir eigi að stýra honum með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir alla?"



bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




# Að skilja ríki og kirkju

Trúmál



Árni Svanur Daníelsson
prestur



Kristín Þórunn Tómasdóttir
prestur

Það er liðin tíð á Íslandi að stjórnmál, vísindi og listir lúti kenningarvaldi eða sjónarmiðum kirkjunnar. Aðgreining hins opinbera frá trúarsetningum er óumdeilanlegt fyrirkomulag um vestrænan heim og einkenni nútímans. Það þýðir hins vegar ekki að ríkisvaldið sé ósnortið af veruleika trúar og trúfélaga eða tengsl kirkju og ríkis séu ekki til staðar í einhverri mynd á hverjum tíma.

Krafan um „algjöran aðskilnað" ríkis og kirkju missir að okkar mati marks því hún horfir fram hjá veigamiklum atriðum sem er nauðsynlegt að hafa í huga til að skilja ríki og kirkju.

Í fyrsta lagi snúast tengsl ríkis og kirkju um stöðu trúarbragða í menningunni og hvernig hið opinbera tengist þeim í samfélaginu. Undir þetta fellur hvernig trú, trúfélög og trúarbrögð móta einstaklinginn í nútímanum, viðhorf hans, lífstúlkun og mannskilning. Trú er persónulegs eðlis en samt ekki einkamál hvers og eins. Samspil einstaklings og samfélags er gagnvirkt að þessu leyti og á sér stað í hinu opinbera rými.

Í öðru lagi lúta tengsl ríkis og kirkju að því hvernig hið opinbera hefur bein afskipti af starfsemi trúfélaga í gegnum lagasetningar og reglugerðir. Hér ber að horfa til þjónustu sem ríkið innir af hendi í þágu allra trúfélaga, vegna þess framlag þeirra til samfélags og velferðar er metið. Ríkið þjónustar trúfélög m.a. með innheimtu sóknargjalda, sem eru einmitt ekki bein framlög hins opinbera.

> Trú er persónulegs eðlis en samt ekki einkamál hvers og eins.

Í þriðja lagi þarf að huga að sérstakri stöðu þjóðkirkjunnar sem stærsta trúfélags í landinu með auknar skyldur og ábyrgð þess vegna. Um það hefur Hæstiréttur fjallað og komist að því að núverandi tengsl ríkis og trúfélagsins þjóðkirkjunnar brjóti ekki gegn jafnræðisreglu ríkisins eða séu óeðlileg út frá mannréttindasjónarmiðum.

Annars skiljum við ekki ríki og kirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Regluvæðing fjármálakerfisins

Efnahagsmál

**Joseph Stiglitz**
Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla



Það hefur tekið næstum tvö ár frá falli Lehman Brothers og rúm þrjú ár frá upphafi fjármálakreppunnar fyrir Bandaríkin og Evrópu að gera umbætur á regluverki á fjármálamarkaði. Það ber líklega að fagna nýlegum betrumbótum á regluverki í Bandaríkjunum og Evrópu. Það er jú allt að því almenn sátt um að orsakir fjármálakreppunnar megi rekja til afnáms regluverks, sem hófst á tímum Margaret Thatcher og Ronalds Reagan fyrir 30 árum. Óbeislaðir markaðir eru hvorki skilvirkir né stöðugir.

En orrustan – og jafnvel sigurinn – hefur skilið eftir óbragð í munni. Fæstir þeirra sem bera ábyrgð á mistökum – hvort eð heldur seðlabankar Bandaríkjanna, Bretlands og Evrópu eða bandaríska fjármálaráðuneytið – hafa gengist við þeim. Bandarískir bankar sem skildu eftir sig sviðna jörð í hagkerfi heimsins þráast við að grípa til nauðsynlegra aðgerða. Það sem verra er þá njóta þeir enn stuðnings frá seðlabankanum, sem hefði mátt búast við að myndi fara sér gætilegar í ljósi fyrri mistaka.

Eftirlitsstofnanir hafa heilmikil ítök. Stóra spurningin er: getum við treyst þeim? Í mínum huga er svarið afdráttarlaust nei. Þess vegna verður að tengja stærri hluta af regluverkinu framhjá eftirlitsstofnunum. Það gengur ekki að útdeila eftirlitsaðilum ábyrgðinni en eftirláta þeim útfærsluna.

Þetta vekur aðra spurningu: hverjum er treystandi? Í flóknum heimi fjármála hefur traustið hvílt hjá bönkunum (fyrst þeir græddu svona mikið, hlutu þeir að vera að gera eitthvað rétt!) og eftirlitsaðilum, sem margir hverjir höfðu áður starfað á fjármálamörkuðunum. Atburðir liðinna ára eru hins vegar vitni um það að bankamenn geta grætt á tá og fingri um leið og þeir grafa undan hagkerfinu og valda fyrirtækjum sínum miklu tapi.

Það hefur líka sýnt sig að bankamönnum er „siðferðislega ábótavant“. Dómstóll á til dæmis eftir að skera úr um hvort Goldman Sachs hafi brotið lög með því að taka stöðu gegn afurð sem fyrirtækið hafði búið til. Dómstóll fólksins hefur aftur á móti þegar kveðið upp sinn dóm um siðferðishlið sama gjörnings.

> „Eftirlitsstofnanir hafa heilmikil ítök. Stóra spurningin er: getum við treyst þeim?“

Smáatriðin geta hins vegar ráðið úrslitum og erindrekar fjármálageirans hafa lagt mikið á sig til að tryggja að smáatriðin í nýjum reglunum séu vinnuveitendum þeirra í hag. Fyrir vikið líður líklega langur tími þar til við getum metið árangurinn af hverjum þeim lögum sem Bandaríkjaþing samþykkir að lokum.

En skilyrðin sem lögin verða að uppfylla eru skýr: lögin verða að stemma stigu við þeim vinnubrögðum sem tefldu hagkerfi heimsins í tvísýnu, og stuðla að því að fjármálakerfið snúi sér aftur að raunverulegu hlutverki sínu – áhættustýringu, að ráðstafa fjármagni, lánveitingum (sérstaklega til smárra og meðalstórra fyrirtækja) og starfrækja skilvirkt launakerfi.

Ný löggjöf mun vonandi gefa góða raun á ýmsum sviðum; afleiðuviðskipti verða færð í kauphallirnar og takmörk verða sett á verstu vinnubrögðin á íbúðalánamarkaði. Þá er útlit fyrir að hin svívirðilegu færslugjöld verði lækkuð en þau eru í raun eins konar skattur sem rennur beint í vasa kaupahéðna í stað samfélagsins.

Annað er ólíklegt að nái fram að ganga: bankar sem eru of stórir til að falla eru stærra vandamál núna en fyrir kreppu. Bandarísk stjórnvöld hafa ekki sýnt kjark til að nota þau úrræði sem þau hafa heldur borgað reikninginn fyrir hluthafa og skuldabréfaeigendur. Á því verður líklega ekki breyting meðan enn eru til bankar sem eru of stórir til að falla.

Það eru ýmsar leiðir til að halda aftur af óhófi stóru bankanna, til dæmis kröftug útgáfa af hinni svonefndu Volcker-reglu (sem gengur út á að skikka banka sem njóta ríkisábyrgðar að halda sig fyrst og fremst við lánveitingar). Það væri kæruleysi af stjórnvöldum að nota ekki tækifærið og breyta kerfinu.

*©Project Syndicate*




**Þjóðskrá flytur 18. júní**

Þjóðskrá verður lokuð föstudaginn 18. júní 2010 vegna flutninga.

**Nýtt heimilisfang er Borgartún 21, 2 hæð.**
**Opnunartími afgreiðslu verður frá 9-16.**

Starfsfólk Þjóðskrár biðst velvirðingar á óþægindum sem þetta getur valdið.

Þjóðskrá

www.volkswagen.is




Sparaðu allt að 50% af árlegum eldsneytiskostnaði.

Sparar allt nema gæðin

Passat EcoFuel® er eitt best geymda leyndarmálið í íslenskri umferð. Visthæfur lúxusbíll sem gengur fyrir íslensku metaneldsneyti. Eldsneytiskostnaðurinn er því nær helmingi minni en hjá sambærilegri bensínbifreið. Auk þess leggur hann frítt í stæði í Reykjavík, 90 mín. í senn – og losar aðeins um 119 CO2 g/km. Íslenskt metan er unnið úr lífrænum efnum, því verður engin aukning koltvísýrings í andrúmsloftinu við bruna þess.

**Passat EcoFuel® kostar aðeins frá**
**3.890.000 kr.**

Das Auto.

METAN er innlendur orkugjafi
METAN er helmingi ódýrara en bensín

Reynslan er góð!
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# Laun skal ákveða með kjarasamningum

**Kjaramál**

Einar Ólafsson
bókavörður



Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá maí 2009 segir: „Í nýafstöðnum kosningum veitti meirihluti kjósenda jafnaðarmönnum og félagshyggjufólki skýrt umboð til að halda áfram og leiða til öndvegis ný gildi jöfnuðar, félagslegs réttlætis, samhjálpar, sjálfbærrar þróunar, kvenfrelsis, siðbótar og lýðræðis.“ Andi yfirlýsingarinnar er á þá leið að hagsmunir alþýðu verði hafðir að leiðarljósi við endurreisn efnahagskerfisins, svo sem með því að verja velferðarkerfið eftir föngum – það eigi sem sagt ekki að endurreisa óbreytt það kerfi sem hrundi.

Þannig fer yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar saman við stefnu og markmið verkalýðshreyfingarinnar, að verja kjör alþýðunnar. Hrunið afhjúpaði gífurlegt arðrán auðstéttar á alþýðu. Gagnvart þessari auðstétt þarf verkalýðshreyfingin að veita stjórnvöldum aðhald en jafnframt verða verkalýðshreyfingin og ríkisstjórnin að taka höndum saman.

Vísir að slíku samstarfi varð til með stöðugleikasáttmálanum sem gerður var í júní 2009. Að honum komu reyndar líka Samtök atvinnulífsins, auk ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga og verkalýðshreyfingarinnar, og sáttmálinn ber þess nokkur merki. Þau sögðu sig frá sáttmálanum 22. mars síðastliðinn. Það þarf varla að fara í grafgötur með það að auðstéttinni með samtök sín og verkfæri, svo sem Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð og Sjálfstæðisflokkinn, er umhugað að grafa undan þessari ríkisstjórn eða í það minnsta hafa einhverja stjórn á henni.

Eitt af meginatriðum sáttmálans var samkomulag um að ljúka kjarasamningum sem skyldu gilda til nóvemberloka 2010. Í sáttmálanum segir: „Forsendur stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði fyrir gerð kjarasamninga eru að ekki verði gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsaðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggja á. Þetta hindrar þó ekki að sett verði lög sem kalla á breytingar á kjarasamningum enda sé um slíkt samið milli aðila kjarasamnings í framhaldinu.“

Aðrir aðilar sáttmálans en SA hafa ekki sagt sig frá honum. Það er hins vegar spurning hvort ekki sé kominn tími til að gera nýjan sáttmála milli ríkisstjórnarinnar og hagsmunasamtaka alþýðu, og þá með víðtækari aðild, svo sem Öryrkjabandalagsins. Það er óþolandi að ríkisstjórnin, hvort sem það eru einstakir ráðherrar eða stjórnin í heild, komi með yfirlýsingar um frystingu launa. Vandi almennings er margþættur og það verður að vera sameiginlegt verkefni stjórnvalda og hagsmunasamtaka alþýðu hvernig beri að leysa hann. Laun og lífeyrir er einn þáttur þessa vanda.

Það má benda á að frá 1. júní 2010 eru lágmarkslaun starfsmanna Reykjavíkurborgar samkvæmt kjarasamningum 170.000 krónur. Líklega er enginn fastur starfsmaður á þessum launum, en einhverjir eru þar rétt fyrir ofan og allstór hópur er með laun á bilinu 172-190 þúsund krónur á mánuði. Ætli sumum þætti það ekki ansi knappt til að lifa af. Á að frysta slík laun umyrðalaust?


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

## VINNINGASKRÁ

**Vorhappdrætti Blindrafélagsins 2010 – dregið 11. júní**

**Skoda Octavia amb. 1.9TDI beinsk. Verðmæti kr. 3.990.000,-**

103458

**Volkswagen Polo Comfortline 1.4MPI beinsk. Verðmæti kr. 2.990.000,-**

104123

**Ferðavinningar frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 3592 | 16210 | 52436 | 77198 | 119099 |
| 4482 | 22496 | 59805 | 79738 | 121752 |
| 9362 | 23694 | 60627 | 101159 | 128420 |
| 15511 | 30774 | 61915 | 105310 | 146355 |
| 15747 | 47409 | 66765 | 114511 | 150137 |

**Ferðavinningar frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 250.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 108 | 19207 | 28181 | 44615 | 52833 | 63944 | 82670 | 92769 | 123118 | 140851 |
| 1739 | 19228 | 30028 | 44723 | 54063 | 65646 | 82945 | 98952 | 126702 | 141557 |
| 2825 | 21503 | 30827 | 44919 | 55702 | 68200 | 83952 | 99794 | 127880 | 142977 |
| 5421 | 21524 | 33227 | 45060 | 55786 | 69581 | 85387 | 101026 | 129243 | 145004 |
| 5897 | 21976 | 36798 | 46325 | 56387 | 69722 | 86675 | 104797 | 132775 | 145635 |
| 6334 | 25081 | 37176 | 48931 | 57347 | 72583 | 86748 | 105397 | 133034 | 146711 |
| 9506 | 25267 | 38619 | 50019 | 60802 | 73223 | 88197 | 108589 | 134854 | 149903 |
| 13033 | 26048 | 39721 | 50246 | 61454 | 73475 | 89849 | 118891 | 139117 | 150348 |
| 16940 | 27310 | 40350 | 50324 | 63099 | 77208 | 90030 | 120647 | 139803 | 151476 |
| 18537 | 27714 | 42205 | 51029 | 63533 | 77750 | 91751 | 122060 | 139997 | 151768 |

**Gistivinningar ásamt morgunverði í fjórar nætur fyrir 2 auk tveggja kvöldverða hjá einhverju Fosshótelanna. Hver að verðmæti kr. 115.000,-**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11036 | 45331 | 66853 | 102181 | 125798 |
| 18309 | 55471 | 78709 | 107691 | 126297 |
| 27884 | 65219 | 98009 | 108806 | 136296 |
| 34619 | 66142 | 99879 | 110313 | 151694 |

**Gistivinningar ásamt morgunverði í tvær nætur fyrir 2 auk kvöldverðar annað kvöldið hjá einhverju Fosshótelanna. Hver að verðmæti kr. 60.000,-**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2137 | 12299 | 26067 | 29611 | 41460 | 65787 | 90997 | 101434 | 121281 | 132861 |
| 9511 | 12567 | 26591 | 32589 | 45632 | 68716 | 92210 | 101824 | 122627 | 135430 |
| 10372 | 15201 | 28375 | 33118 | 49321 | 77054 | 92966 | 103427 | 123710 | 144604 |
| 10658 | 23534 | 28803 | 33517 | 51897 | 85192 | 95967 | 108004 | 125636 | 147053 |
| 10872 | 25492 | 28850 | 36320 | 55697 | 85502 | 98308 | 120039 | 132719 | 150858 |

*Alls 197 skattfrjálsir vinningar að verðmæti kr. 49.780.000*
*Vinninga ber að vitja innan árs – Upplýsingasími 525 0000*
*Vinningaskrá birt í textavarpi sjónvarpsins á síðu 290 og á heimasíðu Blindrafélagsins. www.blind.is*

*Birt án ábyrgðar*


# Kirkjan og hjónaband

**Hjúskaparlög**

Ragnar Gunnarsson
framkvæmdastjóri Kristniboðssambandsins, guðfræðingur og prestur



Sótt hefur verið að kirkju og biskupi landsins í sambandi við framkomið frumvarp um ein hjúskaparlög sem nú er orðið að lögum. Hver greinin á fætur annarri hefur birst hér og ástæða til að bregðast aðeins við. Nú er um viðkvæmt mál að ræða sem snertir djúpar tilfinningar, annars vegar samkynhneigðra og hins vegar fólks sem vill taka trú sína og trúarsannfæringu alvarlega í þessu máli. Erfitt er að sætta þau sjónarmið. Hluti af áróðrinum hefur verið að vísa til 90 presta og guðfræðinga, sem reyndar hefur fækkað í 83, en ekki tekið fram að vel á annað hundrað guðfræðingar og prestar skrifuðu ekki undir stuðning við ein hjúskaparlög þó svo vissulega séu forsendur fólks í því efni misjafnar. Málinu er því ekki lokið þegar að kirkjunni kemur og vonandi ber hún gæfu til að fara eigin leið í því.

Í umræðum hefur mikið verið lagt upp úr samanburði við ýmsar breytingar sem hafa verið innleiddar í aldanna rás. En ekki er um sambærileg mál að ræða. Og ekki hafa allar hugmyndir náð að kalla á breytingar, sem betur fer. Ástæðan til tregðu fólks við umræddar breytingar er sú að með nýjum lögum er grundvallarskilningi fólks á því hvað hjónaband er, þ.e. sambúðarform karls og konu, breytt. Að mati margra guðfræðinga og presta, fyrir utan óteljandi leikmanna, var komið að ákveðnum mörkum sem ekki hefði átt að stíga yfir. Atburðir liðinna ára hér á landi minna okkur á að ekki eru allar breytingar og öll ný hugsun til góðs. Jesús brást harkalega gegn þeim breytingum sem orðið höfðu í musterinu og öllum viðskiptunum þar í kring.

Sumum hefur ekki þótt við hæfi lengur að tala um að hjónabandið sé heilagt. Kannski á fólk erfitt með þá hugsun af því hjónaskilnuðum hefur fjölgað og heimilisofbeldi verið í sviðsljósinu. En þar er það ekki stofnunin sem slík sem á í vanda heldur fólkið innan hennar. Með tali um heilagt hjónaband var biskup ekki að vísa til þess að hjónabandið sé sakramenti en að leggja áherslu á að hjónabandið hafi verið, samkvæmt kristnum skilningi, frátekin stofnun til samlífs karls og konu og einn sá besti rammi sem börn geta alist upp við ef því er að skipta.

Oft er vitnað til anda Jesú Krists í þessari umræðu. Sé það ætlunin hljótum við að taka vitnisburð Biblíunnar um hann alvarlega, enda er sú bók með því áreiðanlegasta sem við getum fundið meðal rita fornaldar. Þegar kemur að samlífi fólks og hjónabandi er alltaf vísað til karls og konu í þeirri góðu bók, einnig í beinum orðum Jesú þar sem hann vísar til til upphafskafla 1. Mósebókar. Hjónabandið hefur alltaf verið borgaraleg stofnun, enda fylgja því ákveðnar skyldur og réttindi fyrir viðkomandi og hugsanleg börn. En kristin kirkja hefur fram að þessu talið það vera sérstakt, þ.e. heilagt, og hefur þess vegna einnig sérstaklega viljað blessa það.

Það á að vera mælikvarði á kjark kirkjunnar hvort hún skipar sér í hóp með tveim kirkjum á móti öllum öðrum kirkjum heims. En við þurfum kirkju sem hefur kjark til að standa gegn straumnum, sem þorir að hafa aðra skoðun en löggjafarvaldið, sem fer sína leið í ljósi Biblíunnar. Við þurfum kirkju sem hefur kjark til að standa með sínu fólki sem finnst nú sem níutíumenningarnir og löggjafarveldið hafi farið yfir strikið, sem er sárt og hryggt og sem upplifir þetta sem árás á trúarsannfæringu sína, það svikið og yfir sig valtað í þessu máli. Margt af þessu fólki er afar trúfast í að sækja sína kirkju.

Við þurfum kirkju sem hefur kjark og er tilbúin til að setja sig í spor þeirra kirkna sem finnst að þeim sótt með andlegri nýlendustefnu Vesturlanda og þorir að standa með þeim. Í huga níutíumannahópsins er viðbúið að ný löggjöf valdi sigurgleði. En munum að sigurgleði eins veldur oft sorg annars. Málamiðlun sem margir féllust á til að friður fengist í þessu máli hefur verið ýtt til hliðar.

Ég þakka biskupi fyrir að hafa talað skýrt í þessu máli. Þar tala ég fyrir eigin hönd og margs annars fólks sem er virkt í kirkjustarfi um land allt. En það hefur ekki viljað ekki stíga fram opinberlega og standa í þessari baráttu, að hluta til vegna þess að allt útlit var fyrir að frumvarpið yrði að lögum, sem varð reyndin, og að hluta til vegna ásakana um fordóma, óhróður og einelti sem eru meðal þeirra vopna sem notuð hafa verið í þessari baráttu. Því miður vill svo fara að þegar barist er, jafnvel í nafni kærleikans, að kærleikurinn týnist. Ef kirkjan týnir honum eru hún búin að týna miklu. En á þeim vettvangi mun nú baráttan fara fram.

# Þögn er samþykki

**Forvarnir**

Sólveig Þrúður Þorvaldsdóttir
náms- og starfsráðgjafi í Fjölsmiðjunni



Í ljósi umræðna síðustu mánuði um fíkniefnaleit í framhaldsskólum langar mig að velta eftirfarandi fram:

Er ekki hagur okkar allra og þá ekki síst þeirra sem ekki neyta fíkniefna að vera öruggir í sínu umhverfi? Það að fíkniefnaleit með hundum fari fram í framhaldsskólum landsins tel ég vera góða leið til að skapa öryggi fyrir þá sem ekki neyta fíkniefna.

Hingað til hefur markviss leit á ungmennum ekki talist undir mannréttindabrot, sbr. áfengisleit fyrir framhaldsskólaböll. Hefur þetta flokkast undir forvarnir. Er markviss fíkniefnaleit eitthvað annað? Þar erum við að tala um ólögleg fíkniefni.

Flest okkar sem starfa í kringum ungt fólk vitum að fíkniefnasala fer fram mjög víða, framhaldsskólarnir eru þar engin undantekning. Eigum við bara að sætta okkur við það eða eigum við að gera eitthvað í því? Framhaldsskólar landsins eru opinberar byggingar, þar á fíkniefnasala ekki að fara fram (frekar en annarsstaðar). Til að sporna við því er markviss fíkniefnaleit góð leið.

Sú leit sem framkvæmd var í Tækniskóla Íslands í vetur hefur verið umdeild. Var hún ekki framkvæmd vegna rökstudds gruns um að þar færi fram sala og neysla? Hvar eru þessar upplýsingar? Hver var niðurstaða leitarinnar, fundust fíkniefni?

Við megum ekki sofna á verðinum, það sem verið er að tala um eru ólögleg fíkniefni. Það að börn og unglingar geti nálgast þessi efni í skólanum sínum er ekki ásættanlegt. Til þess að breyta þessu verðum við öll að leggjast á eitt og ræða þetta stóra og mikla vandamál opinskátt. Það að þagga málið niður og fordæma jafnvel aðgerðir tel ég vera það sama og samþykki.

Ég sem móðir og náms- og starfsráðgjafi ætla ekki að þegja um þetta og hvet aðra sem málið snertir til að gera slíkt hið sama.



Europris
TILBOÐIN GILDA 16.6 - 20.6. 2010
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Coca Cola
69
FYRIR 17. JÚNÍ!
pr. stk
189
SNUÐ
• Brjóstsykur
50% AFSLÁTTUR
Á NAMMIBAR
3 ltr
royal
Terrasseolje
1990
VIÐARVÖRN
• 3 ltr
• Pensill, kr 499
PLANTERINGS
JORD
WARPNÄS
1290
GRÓÐURMOLD
• 50 ltr
7.990
SÓLSTÓLL - OXFORD
• Þrír litir
2 kg
GRILL
KULL
599
PAPPÍRSDÚKUR
• 6 metrar á rúllu
• 50 m hvítur dúkur, kr 3490
299
VIÐARKOL
• 2 kg
3990
KÚLUGRILL
26.990
VEISLUTJALD, 3x6 m
• Polyester
• Veislutjald, 3x9m, kr 39.990
www.europris.is


MAIS
LUXUS
Ananas
FRÁ 69
NIÐURSUÐUVÖRUR
LUXUS KAFFE
pr. pk
199
KAFFI - 250 GR
LUXUS
100% ren appelsinjuice
APPELSIN JUICE
249
ÁVAXTASAFI - 1,5 LTR
APELSINJUICE 1,5 LITER
400 gr
79
KATTAMATUR
Miljø-spar
249
SALERNISPAPPÍR - 8 Í PK
400 ml
pr. stk
249
FABOLUS FRUIT
850 gr
pr. pk
179
ÞVOTTAEFNI
299
ELDHÚSRÚLLUR - 3 Í PK
4 ltr
pr. stk
599
KLÓR / GRÆNSÁPA
2 saman
499
TANNKREM
2X500 ML
359
HANDSÁPA
499
KLAKAFORM
pr. stk
199
FLUGNASPAÐI
FRÁ 1899
VATNSBRÚSI
• 10 ltr, kr 1899
• 20 ltr, kr 2999
259
GLÖS - 50 Í PK
FRÁ 3590
KÆLIBOX
• 24 ltr, kr 3590
• 32 ltr, kr 6990
• Kælikubbur, 250 gr, kr 245
• Kælikubbur, 1 kg, kr 349
499
PAPPADISKAR
• 23 cm
• 50 í pk
299
PLASTGLÖS
• 20 í pk, lituð
Europris ÓDÝRT FYRIR ALLA!

**MATUR OG MENNING** er hátíð sem haldin verður í Vesturbyggð dagana 17. til 20. júní. Áhersla verður lögð á það besta í menningu og mat á sunnanverðum Vestfjörðum. Sumarmarkaður Vestfjarða verður opinn og boðið verður til sjávarfangssælkeraveislu.





FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447




**20%** þjóðhátíðarafsláttur af skjaldamerkinu

Sængurfatnaður, stærð 140x200
Verð áður 14.980 kr, nú 11.984 kr

Lín DESIGN

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is




Valdimar og Kristbjörg heimsóttu auðvitað Taj Mahal eins og ferðalanga er siður.

# Trúlofuðu sig á Indlandi

**Valdimar Ólafsson stjórnmálafræðingur og Kristbjörg kona hans lærðu kvikmyndagerð á Indlandi fyrir nokkrum árum. Í norðurhluta landsins fundu þau bæ sem hreif þau svo mikið að þau ílengdust í mánuð.**

„Uppáhaldsstaðurinn minn er bærinn Vashisht í Manali-dal á Norður-Indlandi. Hann er í tveggja kílómetra hæð yfir sjávarmáli í Himalaja-fjallgarðinum, nálægt landamærum Kína,“ segir Valdimar Ólafsson stjórnmálafræðingur.

Valdimar segir engan hægðarleik að komast að bænum Vashisht, en það tekur tuttugu klukkustundir í rútu frá Delhi. Hann mælir frekar með að taka þetta ferðalag í áföngum og taka lest til Shimla, gista eina nótt og taka þaðan rútu til Manali.

„Vashisht er sannkölluð paradís á jörðu yfir sumartímann en þar er víst frekar lítið um að vera á veturna,“ segir Valdimar og bætir við að heppilegasti tíminn til að heimsækja bæinn sé í september, því þá sé eplauppskeran. „Ég og konan mín, Kristbjörg Kristjánsdóttir, fórum þangað til að flýja fimmtíu stiga sumarhitann í Delhi þegar við vorum að læra þar kvikmyndagerð árið 2004 til 2005. Ætlunin var einungis að komast í mannsæmandi loftslag og kæla okkur niður í viku. Staðurinn hreif okkur hins vegar svo mikið að við ílengdumst í mánuð og trúlofuðum okkur á staðnum. Við fundum skartgripasmið á staðnum og hann smíðaði fyrir okkur hringi sem gerðir voru úr silfri úr Himalajafjöllum. Eftir að hafa sett upp hringana fórum við síðan í heitt bað, skelltum okkur á burrito, bjór og myndina Fear and Loathing in Las Vegas á bíóhúsi/kaffihúsi bæjarins. Létt og nokkuð þétt skottuðumst við síðan niður fjallveginn og inn á hótelherbergi okkar sem var með fjallasýn sem lætur Esjuna líta út eins og Ártúnsbrekku í samanburði,“ segir Valdimar. „Það er líka allt ódýrt þarna, jafnvel miðað við íslenskar matador-krónur.“

*kjartan@frettabladid.is*




friendtex

Útsala

Á vor og sumarvörum Friendtex 2010

Komið og gerið frábær kaup

Opið mánud.–föstud. frá kl. 11–18
Laugard. frá kl. 11–16

Bonito ehf. Friendtex,
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is

Auglýsingasími 512 54 01

FRÉTTABLAÐIÐ Allt sem þú þarft...



**BÍLADAGAR 2010** fara fram á Akureyri dagana 17. til 20. júní. Dagskráin í ár hefst með þjóðhátíðarsýningu 17. júní sem fer fram í Boganum frá klukkan 11.00 til 21.00.




**Blöndunartæki**
fyrir heita potta 52.L./mín.
Mjög afskastamikið tæki.
Hringás
Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567-1330

**Rafstilling ehf**
Startarar
Alternatorar
Viðgerðarþjónusta
Varahlutir
Flottar og ódýrar bílaperur
Heimilis LED perur white og warm white
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991


# Vespur, rafmagnsreiðhjól og dorgveiðistangir

**Mikið líf hefur verið að færast í gömlu höfnina við Reykjavík síðustu misserin. Lundavespur er lítið fyrirtæki við Geirsgötu sem leigir út alls kyns skemmtilega fararskjóta og dorgveiðistangir.**

Vespuleigan Lundavespur hóf starfsemi þarsíðasta sumar með því að bjóða útlendum ferðamönnum sem og Íslendingum vespur til leigu. Nú í sumar bætast við fleiri skemmtilegir afþreyingarmöguleikar þar sem hægt verður að leigja rafmagnsreiðhjól, línuskauta og dorgveiðistangir.

„Útlendingar, sem vilja kynnast borginni á nýjan hátt, hafa verið að leigja vespurnar og einnig hafa línuskautarnir og veiðistangirnar verið vinsælar. Íslendingar taka líka vel í þetta og þeim finnst rosalega gaman að geta komið með vina- eða vinnustaðahópum og farið einn vespuhring. Það er líka krúttlegt að stundum koma pör sem eru að fara á fyrsta stefnumót, eða hafa verið gift lengi, og fara í litla óvissuferð,“ segir Soffía Jóhannesdóttir, sem á og rekur Lundavespur.

Lundavespur eru við Reykjavíkurhöfn, Geirsgötu, og Soffía segist finna á fólki að það að heimsækja þetta svæði sé gefandi. „Það er einhver stemning sem fylgir því að spóka sig um á þessu svæði. Útsýnið er æðislegt, kaffihús og veitingahús hvarvetna og margt jákvætt og skemmtilegt að gerast þarna. Þrátt fyrir að línuskautarnir og veiðistangirnar séu svolítið stílaðar inn á erlendu ferðamennina, sem koma ekki svo fyrirferðarmiklum hlutum í ferðatöskuna, finnst mörgum gaman að koma þarna og dorga með krökkunum sínum eða vilja kannski prófa línuskauta áður en fjárfest er í slíkum. Það sama má segja með vespurnar, að þarna er möguleiki fyrir fólk að prófa.“




Soffía Jóhannesdóttir, eigandi vespuleigunnar Lundavespur, og Lilja Kristín Magnúsdóttir, starfsmaður fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki hafa margir prófað rafmagnsreiðhjól en Soffía segir það ekki ósvipað því að hjóla á venjulegu hjóli, nema fólk komi ekki löðursveitt í vinnuna og hjólið hjálpi mikið upp brekkur og slíkt. En við hvaða tilefni er fólk að leigja sér vespur og rafmagnsreiðhjól? „Það er talsvert um gæsa- og steggjahópa og svo fyrirtækjahópa sem vilja gera sér glaðan klukkutíma í hádeginu eða eftir vinnu. Gjafabréf, fyrir brúðhjón og afmælisbörn, eru talsvert vinsæl enda mjög rómantískt að fara vespuhring. Einnig er þetta frábær afþreyingarmöguleiki fyrir fólk í sumarfríi, að prófa eitthvað nýtt í borginni. Við erum í samstarfi við faglærða leiðsögumenn sem fara með fólk í ferðir um borgina og við bendum einnig fólki á skemmtilegar leiðir að fara ef það vill.“



Rafmagnsreiðhjólin eru nýr valmöguleiki hjá vespuleigunni og hafa notið mikilla vinsælda.

*juliam@frettabladid.is*


## Gönguferð í Gránunes

**frá Gíslaskála í Svartárbotnum**

**19. júní kl. 13.00**

**Lagt af stað frá Gíslaskála kl. 13.00.**

Áætlað er að gangan taki 3–4 tíma. Til að komast í Gránunes þarf að vaða Svartá. Þátttakendur þurfa að vera við því búnir.

Leiðsögumaður verður Jón Karlsson í Gýgjarhólskoti. Gránunes er einstakur staður frá náttúrunnar hendi. Þar er gömul fjárrétt og staðnum tengjast ótal sögur allt frá dögum Reynisstaðabræðra.

Að göngu lokinni bjóða staðarhaldarar í Svartárbotnum upp á kaffi og kökur í Gíslaskála.

Fyrir þá sem vilja dvelja lengur en dagsstund í faðmi fjallanna, er tilvalið að panta gistingu í þessum glæsilega skála.

Upplýsingar í síma 895 9500.






**Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.**

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

**Rafhitarar fyrir heita potta**



Rafhitun
íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

## ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS?



Setjum sólarsellur á vagna

Tilboð á rafgeymum

Tilboð á hleðslutækjum

- Mælum rafgeyminn
- Mælum virkni á sólarsellu
- Mælum útleiðslu
- Veitum ráðgjöf





Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

TUDOR

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



Bakklandet heitir gamli bæjarhlutinn í Þrándheimi. Þar er gaman að ganga um og skoða það sem fyrir augu ber. MYND/TERJE RAKKE



Kapellan í Niðarósi var byggð yfir gröf Ólafs Haraldssonar hins helga. MYND/TOM GUSTAVSEN



Inn í gamla bæinn liggur gömul brú og þar er einnig dómkirkjan. MYND/VISIT TRONDHEIM AS

# Ein elsta borg Skandinavíu

**Fyrsta flug Icelandair til Þrándheims var farið í síðustu viku. Line Vikrem sem tekur við stjórnun ferðamála í borginni í ágúst brá sér af því tilefni til Íslands. Hún segir Þrándheim ódýrastan á sumrin.**

„Þrándheimur er vinsæll ferðamannastaður,“ segir Line Vikrem, sem tekur við stjórn ferðamála í borginni í ágúst. Bókanir í flug Icelandair hafa gengið vel og þegar hefur verið bætt við flugi í haust af þeim sökum. „Við erum staðsett í miðjum Noregi og fáum marga ferðamenn um helgar og á sumrin. Fólk sem er að keyra sunnan úr Evrópu og til Norður-Noregs stoppar oft í Þrándheimi eina nótt eða svo.“

Þrándheimur er ein af elstu borgum Skandinavíu og var fyrsta höfuðborg Noregs en gekk þá undir nafninu Niðarós. Ólafur Tryggvason konungur setti borgina á stofn árið 997. „Íslendingar ættu að fara til Þrándheims til að sjá eitthvað nýtt og vera í notalegu umhverfi.“

Line segir að Þrándheimur sé söguleg borg. Þar er hægt að skoða kapelluna í Niðarósi, gamla bæinn sem kallaður er Bakklandet, söfn og Munkholmen sem er lítil eyja rétt fyrir utan borgina. „Þar er hægt að fara í sólbað á sumrin en þangað er líka farin ferð með leiðsögn. Þangað er gaman að fara á fallegum sumardegi,“ segir Line og bætir við að Þrándheimur sé einnig góð verslunarborg.



Line Vikrem segir margt að skoða í Þrándheimi og þar sé líka gott að versla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

En er Þrándheimur dýr borg? „Þetta er ekki dýrasta borg Noregs. Það er ódýrast að koma til Þrándheims á sumrin og um helgar.“ *martaf@frettabladid.is*



Gott útsýni er af Eyjunni í Ásbyrgi.

# Ganga á sólstöðum

**Miðnæturganga upp á eyjuna í Ásbyrgi verður í boði á sumarsólstöðum.**

Boðið verður upp á miðnæturgöngu upp á Eyjuna í Ásbyrgi á sumarsólstöðum 21. júní. Af Eyjunni er gott útsýni norður á sandana og ef vel viðrar má sjá sólina renna sér eftir sjóndeildarhringnum. Gangan hefst við Gljúfrastofu í Ásbyrgi klukkan 23.00 og reiknað er með að hún taki um einn og hálfan til tvo klukkutíma. *- eö*


NÝTT
GLÆSILEGT • YNDISLEGT



teg. DECO - glæsilegur, létt fylltur í D,DD,E,F,FF,G skálum á 8.850 kr.

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
Lokað á laugardögum
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Nýtt frá PAS
Str. 36 - 56



98% bómull + 2% stretch
Kíkið á heimasíðuna okkar
www.rita.is
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

25% afsláttur
af öllum bolum
Mikið úrval • Stærðir 36–52
hjá Hafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Litun og plokkun
Verð: 3.500 kr.
Brasilískt vax
Verð: 3.500 kr.
Tilboðið gildir í júní 2010
DONG FANG SALON



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**www.hairandbodyart.net**
Slökunarnudd, Tælenskt herbal nudd, Tælenskt handa & fóta nudd, Snyrting, Indverkst höfuðnudd.
**Pantanir í s. 551 2042 & 694 1275**

BodyNudd, Slökun og Unaður.Láttu það eftir þér þú átt það skilið. Sími:848 6255.

**SPA - DREAM OASIS**
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 & 57 8 57 57 JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög



Sveitadvöl í Vatnsholti 20-25 Júní eða 27-02 Júlí fyrir krakka 6-13 ára. Uppl. S. 899 7748 Margrét.

## Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Menorca, Mahon. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133 & 841 7139.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Glæsileg 3-4 herb lúxusíbúð í Skuggahverfinu til leigu. Uppl: skuggaibud@gmail.com, 694 3113

3 herb. íbúð m. bílskýli í Seljahverfi til leigu. Mjög barnvænt hverfi og stutt í alla þjónustu. Laus 1. júlí. Áhugasamir hafi samband s. 868 6470

**4 herbergja íbúð í Grafarvoginum.**
Glæsileg nýleg 124 fm 4ja herb. íbúð í Gullengi Grafarvogi. Getur verið laus fljótlega. Verð 155 þús pr, mán. S. 663 5791

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. íbúð í RVK frá 17. júní - 24. júlí. Leigist í lengri eða skemmri tíma. Uppl. í S. 861 5718

Til leigu 3 herb. 70fm íbúð m/bílageymslu í lyftuhúsi í Hamraborg Kóp. Langtímaleiga. Uppl. í S. 615 4569

**Akureyri**
Orlofsíbúð til leigu í miðbæ Akureyrar. S. 891 8363.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íb. með 2 herb. Ekki í miðbæ RVK. Frá 1. júlí. Uppl. í S. 777 5187

Öruggar greiðslur - gott fólk Óskum eftir 3 - 4 herbergja íbúð til leigu miðsvæðis í Reykjavík frá 1.ágúst. Upplýsingar í símum 698 4481 og 663 5447.

19 ára kvk námsmaður ó.e húsnæði í Reykjavík. Uppl. í S. 697 9014

## Sumarbústaðir

Til leigu sumarhús í Borgarbyggð, gisting fyrir allt að 10.manns, skjólgóður garður, heitur pottur,veiði. V. kr 30þ. vikan. Uppl hjá eignaland@gmail.com

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

Til leigu glæsilegur sumarbústaður í Vaðlaborgum gegnt Akureyri.Gisting fyrir 8 manns.Uppl. í síma 869 6190 eða netfang disa@bogt.is

Til sölu eignarlóðir Möðruvöllum 1 (Norðurnes) í Kjós. Upplýsingar í símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

**Til leigu.**
Við Tunguháls 326 fm með 2 innkeyrsludyrum, lofthæð 4,70 Nálægt Skútuvogi ca 80 fm. lager-iðnaðar á jarðhæð. kr. 80.000,- m rafm og hita. Vinnustofur á 2. hæð 25 fm. á 24.000 og 45 fm á 36.500 með rafm og hita. leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Halló. Orlofsíbúðir til leigu á Þingeyri við Dýrafjörð. Hótel Sandafell. S. 456 1600.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óskum eftir starfsmanni í aukavinnu, vanur verslunarstörfum. Uppl. í s. 693 5715.

Sign
Element of Iceland

**Starfskraftur óskast**
Umsækjandi þarf að hafa góð tök á bókun/ bókhaldskerfi, ensku talaðri og rituðri, alhliða tölvuvinnslu, hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót sem og sjálfstæð vinnubrögð æskileg. Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf og er vinnutími frá 10 - 18. Umsóknir berist með tölvupósti til sign@sign.is merkt „starfsumsókn" fyrir 21. Júní.

PORTIÐ
CAFÉ & RESTAURANT

**Portið veitingahús í Kringlunni**
**Veitingahúsið Portið óskar eftir að ráða matreiðslumann og aðstoð í eldhús. Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required. Áhugasamir sendi umsókn á portid@portid.is**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**PurpleRabbit.eu**
Íslenzk náttúra! Heit stefnumót, djörf samskipti, og sífellt flottari og fjölbreyttari myndir! Hefur þú heimsótt kanínuna...í dag?

Kona vill kynnast einlægum karlmanni, 45 ára eða eldri. Engin skyndikynni. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8534.

ER Á LANDINU NÚNA !!!!!!
SAMA NÚMER......
ÁSTARKVEÐJA, VIAGGA.

## Þjónusta

# Er bankinn erfiður?

Aðstoð við nauðasamninga umsókn um greiðsluaðlögun og ábendingar um önnur úrræði sem gætu komið að gagni



**615 1522**

adlogun@adlogun.is
www.adlogun.is

greiðsluAÐLÖGUN
hamraborg 10 // 200 kópavogur

## Atvinna

**Fasteignasala - Sölumaður**

Rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir dugmiklum sölumanni til starfa. Einungis aðili með reynslu og þekkingu á fasteignamarkaði kemur til greina.

**Áhugasamir sendi umsókn á Fréttablaðið eða box@frett.is merkt: "fast-sala"**

**Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi auglýsir eftir**

**Forstöðumanni við frekari liðveislu/ búsetuþjónustu við fatlað fólk á Akranesi**

Svæðisskrifstofa Vesturlands óskar eftir forstöðumanni í 50% starf í frekari liðsveislu á Akranesi. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu á starfi með fólki með fötlun. Æskileg menntun er þroskaþjálfun, iðjuþjálfun eða önnur sambærileg menntun.

Forstöðumaðurinn er þátttakandi í þverfaglegri þjónustu svæðisskrifstofunnar. Lögð er stérstök áhersla á gott samstarf við neytendur þjónustunnar og starfsfólk við uppbyggingu og framkvæmd þjónustunnar.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða samstarfshæfileika og virði aðra á jafnréttisgrundvelli.

Umsóknarfrestur er til 30. júní n.k.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Þorgrímsson framkvæmdastjóri í síma 433 1700 eða 8938580 netfang: magnus@sfvesturland.is. og Jórunn Guðmndsdóttir forstöðumaður í síma 433 1714 Laun skv. gildandi kjarasamningum.

Skriflegar umsóknir sendist til Svæðisskrifstofu Vesturlands Bjarnarbraut 8 - 310 Borgarnes

## Til sölu








- Yfirborðsmeðhöndlun
- Gróðureyðir
- Þvottaefni

# Viðhald

**fyrir mynstursteypu og hellur**

Hjá Steypustöðinni færðu viðhaldsefni frá PICS fyrir mynstursteypu og hellur.

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

## Tilboð

# OPNUNARTILBOÐ

Italiano
Pizzeria

Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með.

**2 fyrir 1 í sal**

Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

# Tvöföldum Suðurlandsvegar frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss

### Mat á umhverfisáhrifum
### - Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að áhrif tvöföldunar Suðurlandsvegar á milli Hveragerðis og Selfoss hafi óhjákvæmilega í för með sér talsverðar breytingar á hljóðvist og ásýnd svæðisins auk þess sem áhrif á gróður og fugla verða talsvert neikvæð af veglínu 1, en áhrif á jarðmyndanir verða ekki veruleg, hvorki af veglínu 1 eða veglínu 2. Stofnunin telur að veglína 1 muni ekki hafa veruleg áhrif á menningarminjar en veglína 2 kunni að hafa talsverð áhrif. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif veglínu 2 og áhrif á gróður, fugla og útivist verði neikvæðari en af veglínu 1, en ákveðin óvissa ríki um hversu mikil þau kunni að vera.

Eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmda. Í því ljósi bendir Skipulagsstofnun framkvæmdaraðila og leyfisveitendum á að með því að taka ákvörðun um þann valkost sem hefur síður neikvæð umhverfisáhrif og fallast á tillögur stofnunarinnar um skilyrði fyrir framkvæmdinni sé komið til móts við fyrrgreint markmið laganna.

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að setja eftirfarandi skilyrði fyrir framkvæmdinni og byggja á rökstuðningi í niðurstöðukafla álitsins.

1. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi áætlun um vöktun umferðarþróunar um Suðurlandsveg. Í áætluninni sé jafnframt tryggt að viðkomandi sveitarstjórnum verði kynntar reglulega niðurstöður vöktunarinnar og gerð grein fyrir því tímanlega hvenær umferð nálgist þau mörk að grípa þurfi til aðgerða til að koma í veg fyrir að hljóðstig fari viðmiðunarmörk reglugerðar um hávaða.

2. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi greinargerð og samninga um það votlendissvæði sem ætlunin er að endurheimta á móti því sem tapast, helst í nágrenni framkvæmdarinnar.

3. Vegagerðin leggi fram samhliða beiðni um framkvæmdaleyfi vöktunaráætlun, í samráði við fuglafræðinga, þar sem vakta skal áflug fugla á fyrirhugaða brú yfir Ölfusá. Í áætluninni sé tilgreint í hverju vöktunin felist og sett skilgreind viðmið um hvenær ástæða þyki til að grípa til mögulegra mótvægisaðgerða í samráði við Umhverfisstofnun.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar:
**www.skipulagsstofnun.is**

Skipulagsstofnun




## Fasteignir


TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is
Kjöreign ehf
OPNUNARTÍMI MÁN-FÖS KL. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is




**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL: 17.00 OG 18.00.**
**AÐ LYNGBREKKU 9, 200-Kópavogi. Efsta hæð – Frábært útsýni.**
Efri sérhæð í þríbýlishúsi, um 110,2 fm. Sérinngangur. Fjögur svefnherbergi, þvottahús innaf eldhúsi. Frábært útsýni. Ásettverð 26,8 millj. – Möguleg skipti á minni eign. Einar tekur vel á móti áhugasömum milli kl. 17. og 18.00 í dag.

Dan V.S. Wiium, hdl., og löggiltur fasteignasali
Ólafur Guðmundsson, Sölustjóri, sími: 896 4090











pr. stk
4590
HJÓLABRETTI - 77 CM





5990
RÚLLUSKAUTAR
• St 34 - 41

TILBOÐSPAKKI
47.990
TRAMPÓLÍN, 3,6 M + ÖRYGGISNET
• Trampólín í stöku, kr 34.990
• Öryggisnet í stöku, kr 21.990



pr. stk
1999
BRETTAHJÁLMAR
• Barna




5990
BLAK OG BADMINTONSETT
• Net, blakbolti, pumpa, tveir badminton-spaðar og badmintonboltar



5000 LÍTRAR!
14.990
SUNDLAUG
• L: 366 cm, h: 76 cm

FUNBAG





FRÁ 5990
STÓLPÚÐAR
• Vatnsfráhrindandi nælon
• Fun Cube, 45x45x40 cm, kr 5990
• Fun Bag junior, 120x90x17 cm, kr 6990
• Fun Bag, 170x130x25 cm, kr 16.990



pr. stk
1190
KERTASTJAKAR
• Fleir litir



FRÁ 1099
KERTASTJAKAR
• 15x13 cm / 17,5x15 cm
KR 1099
KR 1299



5990
ÚTILEGUBORÐ
• 80x60 cm



**7999**
**BJÖRGUNARVESTI**
- 5 - 60 kg



**3990**
**BJÖRGUNARVESTI**
- 30-40 kg, 100+ kg




**79.990**
**GÚMMÍBÁTUR**
- Z-Ray I 300
- 270 x 152 x 42 cm
- Fyrir þrjá. Hármark: 400 kg
- Pumpa og árar fylgja




**45.990**
**GÚMMÍBÁTUR**
- Pumpa, árar og burðarpoki fylgja
- 248 x 132 x 38 cm



pr. stk
**7990**
**BLAUTBÚNINGUR**
- Herra, st S - XL
- Dömu, st 38 - 44

pr. stk
**5990**
**BLAUTBÚNINGUR**
- Barna, st 7/8 - 12/13



**2990**
**BAÐSETT**
- Krókar og haldarar

## SENDUM UM ALLT LAND!

**Pöntunarsími í Reykjavík 511 3322**
**Pöntunarsími á Akureyri 466 2533**
*Visa / MasterCard*

# Nú 6 verslanir

- Korputorgi - S: 533 3353
- Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322
- Baldursnesi 8, Akureyri - S: 466 2533
- Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333
- Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði - S: 533 3360
- Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366



**11.990**
**STÁLVASKUR**
- 100x48,5 cm
- 42x90 cm, kr 10.990
- 48,5x81 cm, kr 9990



**7990**
**STÁLVASKUR**
- 40 x 75 cm

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*

**Europris ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Sautján veigamiklar ástæður hrunsins

Hrunið

Hákon Þór Sindrason
viðskiptafræðingur og rekstrarfræðingur



Rannsóknarskýrslan var mjög góð kortlagning á viðskipta- og stjórnmálaumhverfi liðinna ára. Hér verða taldar til margar ástæður hrunsins, margar með innbyrðis tengsl.

1. Mannauður og mannval: Mannaráðningar hafa í gegnum tíðina oft verið B ráðningar. Þar sem fólk er ráðið á grundvelli af tengslum ættar eða vináttu viðkomandi í stað hæfis.

2. Eftirlit og eftirlitsstofnanir: Skortur hefur verið á nægjanlega öflugu Fjármálaeftirliti, samkeppnis- og skattaeftirliti. Jafnframt vantar eðlilegar reglur og ramma sem stuðla að heilbrigðara viðskiptalífi og varna kennitöluflakki og þvíumlíku.

3. Byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í: Í þjóðareðlinu og meðal ráðamanna er tilhneiging til að byrgja brunninn þegar hann er tekinn að fyllast af börnum. Aðgerðir oft eftirábyggjandi í stað fyrirbyggjandi.

4. Eigendur, bankastjórar og stjórnir bankanna eru ábyrgir: Eigendur banka létu bankana lána fyrirtækjum sínum gríðarlegar upphæðir. Þannig voru lán til ákveðinna fyrirtækjablokka jafnvel yfir 50% af eiginfjárgrunni ákveðins banka.

5. Ákveðnir lögfræðingar og endurskoðendur eru ábyrgir: Þeir sem gengu erinda eigenda banka og stórfyrirtækja.

6. Aðferðafræði við yfirtöku ríkisins á Glitni banka: Mörgu var ábótavant, einkum fagmennska, og keðjuverkun átti sér stað. Þó sýnir skýrslan að bönkunum varð ekki bjargað á þessum tímapunkti.

7. Stjórnmálamenn brugðust: Stjórnmálamenn eiga að setja heilbrigðar leikreglur fyrir samfélagið og sjá til þess að til staðar sé stjórnsýsla fyrir góða framkvæmd þeirra. Ljóst er að þeir brugðust, og þarf að taka upp betri aðferðafræði hjá þeim.

8. Hamfarir og fjármálakreppa sem riðu yfir alþjóða hagkerfið einkum haustið 2008: Bankakerfið í okkar litla og opna hagkerfi, með veikum gjaldmiðli, var gríðarlega stórt hlutfall af landsframleiðslu eða um 12,5 sinnum. Gjaldmiðillinn var, og er mjög veikur og minnsti sjálfstæði gjaldmiðill í heimi. Slíkt er ekki ávísun á stöðugleika. Þegar fjármálakreppan reið yfir var það berskjaldað.

9. Ekki hlustað á trúverðuga erlenda sérfræðinga: Góðar greiningar þeirra voru rakkaðar niður af stjórnmálamönnum sem og fjölmiðlum, sem meðal annars voru í eigu eigenda bankanna.

10. Fjölmiðlafrumvarpið: Það verður að segjast að Davíð Oddsson hafði rétt fyrir sér varðandi ákveðna þætti fjölmiðlafrumvarpsins, þó annað hafi verið gallað. Eignarhald ákveðinna aðila á fjölmiðlum er ein af ástæðum andvaraleysis þeirra. Þeir gátu haft mikil áhrif á almenningsálitið og sveigt það að sér.

11. Menntun og fjármálalæsi ábótavant: Almenningur var oft auðvelt fórnarlamb fjármálastofnana þegar kom að óskynsamlegum lántökum.

12. Tímaleysi og áróður: Fólki var talin trú um að Íslendingar væru svo afskaplega ríkir! Höfundur skrifaði grein um þá hagfræðilegu blekkingu í Morgunblaðinu árið 2006 undir nafninu „Íslendingar sjötta ríkasta þjóð í heimi“. Þar kemur fram að mikil vinna og vinnuframlag hefur hér mest að segja.

13. Skortur á ákveðnu viðskiptasiðferði og skattfræði: Gráa svæðið var stórt, menn komust upp með ótrúlega hluti í viðskiptaumhverfinu. Hluti almennings virtist og virðist einnig ekki gera sér grein fyrir til hvers það er að greiða skatta.

14. Hagstjórn ábótavant, einkum frá árinu 2000 auk veikrar stjórnsýslu: Þensluhvetjandi aðgerðir, skortur á aðhaldi í ríkisfjármálum og ýmis hagfræðileg lögmál í raun brotin. Að mörgu leyti var um að ræða gervihagvöxt keyrðan upp með lántökum.

15. Sala Landsbankans og Búnaðarbankans: Aðferðafræði sem beitt var og hverjir voru handvaldir sem kaupendur. Forkastanleg vinnubrögð sem meðal annars urðu til þess að formaður einkavæðingarnefndar sagði upp stöðu sinni með orðunum „Aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum.“

16. Þjóðhagsstofnun var lögð niður: Um var að ræða hlutlausan greiningaraðila. Í staðinn tóku greiningardeildir bankanna við spám!

17. Gjafakvótakerfið: Aðferðafræði og framkvæmdin. Höfundur er þó ekki á móti kvóta á aðgengi að fiskimiðum, enda málið skylt þar sem fjöldi útgerðarmanna er í ættbálki mínum við nyrsta odda landsins.

Undirritaður leyfir sér að vera bjartsýnn fyrir hönd hins nýja Íslands, enda býr mikill kraftur og áræði í þjóðinni. Þó er þörf á langtímastefnumótun, fyrirbyggjandi aðgerðum og öguðum vinnubrögðum. Auk þess siðfræðikennslu, minnkun efnishyggju, beitingu réttrar aðferðafræði og innrætingu ábyrgðarkenndar – sér í lagi hjá karlmönnum. Þá er mikilvægt að grunnþekking fjármála og hagfræði sé hluti af námi bæði í grunnskólum og framhaldsskólum. Fjöldi fólks og fjölskyldna á um sárt höfuð að binda sökum atriða hér talin upp í greininni. Á blogginu hakonthor.blog.is, hefur verið farið ítarlegar í saumana á einstökum atriðum hér, m.a. í áður birtum greinum í blöðum eða á vef. Einnig er þessi grein þar í aðeins lengri útgáfu. Höfundi er mikið í mun að þeir útrásargemlingar og aðrir sem tekið hafa peninga frá þjóðinni greiði sem allra mest til baka. Það kýs ég enn frekar en að þeir sitji í lengri tíma á kostnað skattgreiðenda á hvíldarheimilum svo sem Kvíabryggju.



STAN LAUREL FÆDDIST ÞENNAN DAG.

*„Mig dreymdi að ég væri vakandi og svo vaknaði ég einungis til þess að sjá hvort ég væri sofandi.“*

***Arthur Stanley Jefferson (1890 - 1965), betur þekktur sem Stan Laurel, var enskur grínleikari, rithöfundur og kvikmyndaleikstjóri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 16. JÚNÍ 1903

## *Ford gert að hlutafélagi*



Ford-verksmiðjan var stofnuð af Henry Ford og gerð að hlutafélagi 16. júní 1903. Henry Ford var fjörutíu ára þegar hann stofnaði Ford-félagið sem varð seinna eitt af stærstu og arðbærustu félögum heims. Það var eitt af fáum félögum sem lifðu af kreppuna miklu. Ford-bílaframleiðandinn hefur verið í fjölskyldueigu í yfir hundrað ár.

Í byrjun unnu tveir til þrír menn að hverjum bíl í verksmiðju sem var í leiguhúsnæði í borginni Detroit í Michigan-ríki í Bandaríkjunum. Þegar eftirspurn eftir Ford bílum jókst var verksmiðjan flutt í stærra húsnæði og árið 1913 var þróað færiband fyrir fjöldaframleiðslu. Ford kynnti fyrsta færiband heimsins það sama ár sem flýtti framleiðslu bílsins margfalt.

Þessi uppfinning var starfsfólki verksmiðjunnar þó talsvert erfið og velta starfsfólks var mjög há. Þrátt fyrir það minnkaði eftirspurn eftir starfsfólki mikið með færibandinu. Þessi mikla starfsmannavelta þýddi tafir og aukinn kostnað við þjálfun nýs fólk en einnig verra starfsfólk. Ford brást við þessu vandamáli með því að tvöfalda launin og stytta vaktirnar frá níu í átta tíma fimm daga vikunnar.

### MERKISATBURÐIR

1877 Blaðið Ísafold prentað í fyrsta sinn í eigin prentmiðju á stofndegi Ísafoldarprentsmiðju.

1909 Vatni hleypt á dreifikerfi Vatnsveitu Reykjavíkur úr Elliðaánum.

1940 Togarinn Skallagrímur bjargar 353 mönnum af breska herskipinu Andia sem þýskur kafbátur sökkti suður af Ingólfshöfða.

1943 Þýsk flugvél skýtur á strandferðaskipið Súðina á Skjálfandaflóa.

1946 Hátíðahöld í tilefni af hundrað ára afmæli Menntaskólans í Reykjavík.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


AFMÆLI



**DANIEL BRUHL LEIKARI ER 32 ÁRA**



**JÓN SÆMUNDUR AUÐARSON LISTAMAÐUR ER 42 ÁRA.**

**UNDIR BREÐANS FJÖLLUM:** NÝ LJÓÐABÓK KEMUR ÚT

## Tíðarandi tuttugustu aldar

Á morgun kemur út ljóðabók með ljóðum og lausavísum Þorsteins Jóhannssonar frá Svínafelli í Öræfum. „Það má segja að tíðarandinn og aðstæður á tuttugustu öldinni komi í gegn og birtist í því sem hann er að yrkja um,“ segir Pálína Þorsteinsdóttir, skólastjóri í Öræfum og dóttir Þorsteins, en hún ritstýrði og sá um samantekt ljóðanna í bókinni Undir breðans fjöllum.

Pálína segir að þau systkinin hafi tekið ákvörðun um að gefa út bók með ljóðum föður síns á níutíu ára fæðingarafmæli hans en hann lést áttræður að aldri árið 1998. Ákveðið var að gefa bókina út á þjóðhátíðardegi Íslendinga. „Sautjándi júní er hátíðlegur dagur og samrýmist ágætlega ættjarðarástinni sem kemur fram í sumum ljóðum pabba. Hann var jafngamall fullveldi Íslands, fæddur 1918, og frelsisbaráttan orkaði sterkt á hann. Hann var alla tíð maður ungmennafélagsandans og ungmennafélagið heldur alltaf upp á sautjánda júní hérna í sveitinni og það verður kaffisamsæti af þessu tilefni í Hofgarði sem er félagsheimilið okkar.“

Þorsteinn var kennari og seinna skólastjóri í Öræfunum í 45 ár en auk þess var hann bóndi á Svínafelli, oddviti sveitarstjórnar, vegaverkstjóri, sláturhússtjóri og virkur í félagslífi. „Hann orti í dagsins önn, bara til upplyftingar sjálfum sér og öðrum. Svo orti hann líka við hátíðleg tilefni stærri ljóð og einnig um sögulegt efni. Hann brá þessu líka fyrir sig við skemmtanir og þá voru settir saman skemmtibragir. Ljóðin eru mjög fjölbreytt.“



**ORTI Í DAGSINS ÖNN** Pálína segir að faðir hennar hafi ort í dagsins önn til upplyftingar sjálfum sér og öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNÞÓRA

Pálína segir að oft hafi orðið til vísa þar sem faðir hennar var staddur. Á ferli sínum í skólanum í Öræfum orti Þorsteinn mikið en hann var lengst af einn með allan nemendahópinn sem oftast var á bilinu tíu til tuttugu krakkar. Hann orti í skólastofunni um ýmislegt sem var að gerast í skólanum á hverjum tíma og einnig bjó hann til sérstakar vísur um marga nemendurna en líka vísur sem auðvelduðu nemendum hans að læra námsefnið. „Hann hefur til dæmis brugðið fyrir sig að yrkja um kappana fornu.“

Bókin ber titilinn Undir breðans fjöllum. Innt eftir því hvaðan titillinn er fenginn segir Pálína: „Breði þýðir jökull. Undir breðans fjöllum þýðir sem sagt undir fjöllum jökulsins og það má segja að þetta sé sömu merkingar og í ríki Vatnajökuls,“ útskýrir hún og bætir við að heitið sé fengið úr einu ljóði föður hennar. „Þetta er eitt ljóðlína úr ljóðinu Átthagar sem er eitt af hans aðalkvæðum.“

Pálína segir að margir hafi komið að bókinni og liðsinnt þeim systkinum á einn eða annan hátt. „Með því að leggja til upplýsingar, myndir og jafnvel vísur. Þetta skipti allt máli og við erum mjög þakklát fyrir það.“

**martaf@frettabladid.is**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Jónsdóttir**

húsmóðir, Kleppsvegi 64,

sem lést laugardaginn 12. júní á hjúkrunarheimilinu Skjóli, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, föstudaginn 18. júní kl. 15.00.

**Jón Þór Hjaltason** **Anna Gunnarsdóttir**
**Kristín Björk Hjaltadóttir** **Bjarni Gunnarsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



*Elskuleg systir, mágkona, frænka og vinkona,*

**Erla Magnúsdóttir**

Mýrarási 2,

lést á Landspítala Hringbraut sunnudaginn 13. júní. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 18. júní kl. 13.00.

**Margrét Magnúsdóttir**
**Magnea Magnúsdóttir**
**Páll Magnússon** **Pauline Magnússon**
**frændsystkini**
**íbúar og starfsfólk Mýrarási 2**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför*

**Sigríðar Jónatansdóttur**

Sérstakar þakkir til starfsfólks St. Jósefsspítala. Guð blessi ykkur.

**Anna Edda Gísladóttir** **Birgir Steinþórsson**
**Konráð Breiðfjörð Pálmason** **Marín Sigurgeirsdóttir**
**Margrét Stefanía Gísladóttir**
**Þórdís Lilja Gísladóttir** **Þráinn Hafsteinsson**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jakobsdóttir**

frá Reykjarfirði, Reykjahlíð 1 Mývatnssveit,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þriðjudaginn 8. júní. Útförin fer fram frá Reykjahlíðarkirkju laugardaginn 19. júní kl. 14.00.

**Kristjana Ólöf Valgeirsdóttir** **Mark Kr. Brink**
**Matthildur Herborg Valgeirsdóttir**
**Jóna Valgerður Valgeirsdóttir** **Guðmundur St. Sigurðsson**
**Guðrún María Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Grétar G. Vilmundarson**

Drafnarstíg 2a, Reykjavík,

lést aðfaranótt mánudagsins 14. júní sl. á Líknardeild LSH.

**Inga Erlingsdóttir**
**Margrét Grétarsdóttir** **Tómas Örn Sigurbjörnsson**
**Vilborg Grétarsdóttir** **Gunnar Valdimarsson**
**Erla Rún Grétarsdóttir** **Hafþór Rúnar Sigurðsson**
**Andri Már og Ari Fannar Tómassynir**
**Ísabella og Orri Gunnarsbörn**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Halldórsson**

pípulagningarmeistari, Álfaskeiði 72, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 15. júní. Fyrir hönd aðstandenda,

**Unnur Garðarsdóttir** **Örn Þór Þorbjörnsson**
**Gylfi Garðarsson**
**Hólmfríður Garðarsdóttir.**



## Oddur Brynjólfsson

frá Þykkvabæjarklaustri, síðast til heimilis að Ásbraut 15 í Kópavogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 9. júní. Útför hans verður frá Kópavogskirkju föstudaginn 18. júní kl. 13.

**Brynjólfur Oddsson, Vilborg Kristín Oddsdóttir, Jakob Oddsson, Svanfríður Inga Jónasdóttir, Margrét Sigurbjörg Jónasdóttir, Elín Jakobsdóttir og fjölskyldur.**



*Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför systur minnar og frænku okkar,*

## Erlu Elíasdóttur

fyrrum aðstoðarháskólaritara.

**Ágúst Halldór Elíasson**
**Anna Steinunn Ágústsdóttir**
**Einar Ingi Ágústsson**
**Elías Halldór Ágústsson**
**Eva Ágústsdóttir Stewart**
**Sveinn Andri Sveinsson**



*Þökkum auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar og tengdamóður,*

## Ingunnar Árnadóttur

**Gunnvör Sverrisdóttir Grétar Sigurgeirsson**
**Sigurbjörg Sverrisdóttir Árni Baldursson**
**Arndís Inga Sverrisdóttir Jóhannes Þórðarson**



*Innilegar þakkir til allra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Oddnýjar Valdimarsdóttur (Stella)

áður til heimilis að Aðalgötu 1, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Hlévangi fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót.

**Aldís Jónsdóttir Hafsteinn Eide Ingólfsson**
**Ingibjörg Jóna Jónsdóttir Gísli Guðmundsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Guðbjörg Pétursdóttir

frá Eyri við Ingólfsfjörð, Strandasýslu,

lést sunnudaginn 13. júní á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 22. júní kl. 14.00.

**Gunnar Guðjónsson**
**Sigríður E. Gunnarsdóttir Sveinn T. Þórólfsson**
**Ásdís Gunnarsdóttir**
**Guðrún A. Gunnarsdóttir Ásgeir G. Jónsson**
**Helga Gunnarsdóttir Sigtryggur Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Kæru ættingjar og vinir. Hjartans þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur fjölskyldunni hefur verið sýnd við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Rakelar Jónsdóttur

frá Ásbyrgi, Djúpavogi, síðast til heimilis á dvalarheimilinu Höfða Akranesi.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Höfða fyrir einstaka umönnun sem hún varð aðnjótandi, og hlýju til okkar fjölskyldunnar.

**Björn Gústafsson,**
**Hilmar og Hanna Rúna,**
**Lea og Aðalsteinn,**
**Valdimar og Selma,**
**Sigrún og Júlíus,**
**Hreinn og Ingibjörg Jóhanna,**
**Hlíf og Magnús,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

## Markúsar Kristmundar Stefánssonar

frá Arnarnúpi í Keldudal við Dýrafjörð, til heimilis að Fitjasmára 6 í Kópavogi.

**Hulda Jónsdóttir**
**Kristjana Markúsdóttir Jón Albert Sighvatsson**
**Ingibjörg E. Markúsdóttir Helgi Kristjánsson**
**Elín Erna Markúsdóttir Páll Gíslason**
**Auður Ásdís Markúsdóttir Viðar Einarsson**
**Stefán Markússon Guðlaug S. Arnórsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir vandamenn.**



*Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

## Ásthildar Þorsteinsdóttur

ljósmóður, frá Hróarsholti, Kaplaskjólsvegi 63.

Ágæta starfsfólk á deild G-2, Hrafnistu Laugarási. Ykkur færum við bestu þakkir fyrir góða umönnun og vináttu undanfarin ár.

**Ágúst Halldórsson**
**Rannveig Halldórsdóttir**
**Ólöf Halldórsdóttir Haraldur Sigurðsson**
**Guðmundur Halldórsson Elsa B. Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar kæri faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Oddgeir Ágúst Ottesen

Hrafnistu Reykjavík, áður búsettur í Hveragerði,

andaðist 8. júní á Landspítalanum Fossvogi. Útför hans fer fram í Fossvogskirkju föstudaginn 18. júní kl. 11.00.

**Skafti Geir Ottesen Guðný Gunnþórsdóttir**
**Sigurbjörg Ottesen**
**Guðný Ásta Ottesen Sigurður Emil Ólafsson**
**Anna Katrín Ottesen Björn Ingi Stefánsson**
**Auður Ingibjörg Ottesen Páll Jökull Pétursson**
**Morten Geir Ottesen Kolbrún Bjarnadóttir**
**Sólhildur Svava Ottesen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri*

## Agnar Möller

Háulind 25 Kópavogi

er látinn. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju, miðvikudaginn 23. júní kl. 13.00.

**Lea Rakel Lárusdóttir Möller**
**Margrét Möller Guðmundur Guðlaugsson**
**Alma Möller Ólafur Valur Ólafsson**
**Thomas W. Möller Bryndís M. Tómasdóttir**
**Ásta Möller Haukur Þór Hauksson**
**Edda Möller Einar Eyjólfsson**
**og afabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

## Guðfinna Jónsdóttir

Bólstaðarhlíð 60, áður til heimilis að Syðsta-Ósi í Miðfirði,

lést á Landakoti laugardaginn 12. júní sl. Útför hennar fer fram frá Melstaðarkirkju miðvikudaginn 23. júní kl. 14.00. Rúta fer frá Umferðarmiðstöðinni kl. 10.00.

**Þorvaldur Böðvarsson Hólmfríður Skúladóttir**
**Hólmfríður Böðvarsdóttir Sveinn Kjartansson**
**Jón Böðvarsson Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Ingibjörg Böðvarsdóttir**
**Þórunn Guðfinna Sveinsdóttir**
**Pétur Böðvarsson Hildur Árnadóttir**
**Elísabet Böðvarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra er auðsýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður míns, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

## Ólafs Gunnars Sigurðssonar

(Óla í Ásgarði)

áður til heimilis að Heiðarbraut 7, Garði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Nýrnadeild Landspítalans, hjartans þökk til Aðalheiðar og Sólborgar hjá Skiljunardeild Landspítalans, og allra starfsstúlknanna við Heimahjúkrun á Suðurnesjum. Hafið hjartans þökk fyrir hlýja og góða umönnun undanfarin ár.
Guð blessi ykkur öll og ykkar starf.

**Soffía G. Ólafsdóttir Sæmundur Kr. Klemensson**
**Ólafur G. Sæmundsson Hjálmfríður Kristinsdóttir**
**Klemenz Sæmundsson Katrín Sigurðardóttir**
**Hlíðar Sæmundsson**
**Guðjónína Sæmundsdóttir**
**langafabörn og langalangafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Benóný Guðberg Daníelsson

Suðurgötu 117, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 6. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Aina Björk Dam,**
**Rósa Benónýsdóttir Guðni Hjartarson**
**Þorgerður Benónýsdóttir Sigmundur Lýðsson**
**Helena Björg Benónýsdóttir Einar Hafsteinsson**
**Guðbjörg Benónýsdóttir Gunnar Sizemore**
**afa- og langafabörn.**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG 11-19 OPIÐ Í DAG 11-19


1259 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



998 KR.KG

KS FROSNAR LAMBA SIRLOIN-SNEIÐAR


2698 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBA FILLET



1398 KR.KG

ÍSLANDSLAMB FERKST KRYDDAÐ LAMBALÆRI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG *30% AFSLÁTTUR*


565 KR.KG

KJÖRFUGL *FERSKUR* HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG *15% AFSLÁTTUR*



1998 KR.KG

GRILL MIÐ-LAMBALÆRISSNEIÐAR 1 .FL.



898 KR.KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



998 KR.KG

BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR



1398 KR.KG

KJARNAFÆÐI FERSKT
*KRYDDAÐ HEIÐALAMB*
*MERKT VERÐ 1998 KR.KG.*
*30% AFSLÁTTUR*



2098 KR.KG

K.F GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR BEARNAISE 1.FL.
MERKT VERÐ 2998 KR.KG. **30% afsláttur**



1079 KR.KG

GRILLMEISTARINN: GRILL GRÍSAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1798 KR.KG. **40% afsláttur**



1559 KR.KG

KF GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR BLANDAÐAR
MERKT VERÐ 2220 KR.KG. **30% afsláttur**



198 KR. DS

BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML

FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR FERSKUR KJÚKLINGUR



1596 KR.KG

HOLTA *PIRI PIRI* KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1995 KR.KG. **20% afsláttur**



1598 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. **20% afsláttur**



239 KR.KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 298 KR.KG. **20% afsláttur**

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG 11-19 OPIÐ Í DAG 11-19

## KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT MEÐ 25% AFSLÆTTI

2249 KR.KG
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
**25% afsláttur**

1498 KR.KG
ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG.
**25% afsláttur**

598 KR. 3 PK
GÓU ÞRENNAN

K.J GULRÓTARKAKA 440g
498 kr.

159 KR. DS
BÓNUS HRÁSALAT 350g

NAMMI-SNUÐ STÓR
*179 KR.*

159 KR. PK
HM FÓTBOLTAMYNDIR

## MYLLU SAMLOKUBRAUÐ HVÍTT 770g

179 KR. STK

179 KR.2 LTR.

149 KR.2 LTR.

698 KR.KS
BÓNUS ÍSPINNAR 24 STK

398 KR. 2 LTR
BÓNUS ÍS BRAGÐAREFUR 2 LTR.

598 KR. 2 LTR
MJÚKÍS FRÁ KJÖRÍS 2 LTR.
*SÚKKULAÐI OG VANILLU*

## DILETTO LÚXUS KAFFI
400g *MALAÐ EÐA BAUNIR*

298 KR.PK

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur




# Gullfiskahjálparstarfið

BAKÞANKAR
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Talið er að um 300 þúsund manns hafi látið lífið í jarðskjálftanum á Haítí í janúar. Fólk víða um heim brást við, misskjótt að vísu, gaf fé, íslenskar hjálparsveitir mættu snemma á svæðið og unnu gott starf. Um hríð snerist öll þjóðfélagsumræða hér á landi um Haítí, sjónvarp, útvarp og blöðin voru uppfull af fréttum af hörmungunum – og það réttilega. En síðan tók hversdagslífið við, af nógum áhyggjum var svo sem að taka hér heima.

**EN** á Haítí hafði ósköp fátt breyst. Húsin voru jafnhrunin og innviðir samfélagsins jafn brostnir og fyrr. Það sem breyttist var að kastljós umheimsins beindist annað.

**OKKUR** Vesturlandabúum hættir einmitt til þess. Eina stundina erum við með böggum hildar yfir óréttlætinu á einum stað og þá næstu brennur eitthvað annað á okkur. Kannski er það eina leiðin til að takast á við þær hörmungar sem hellast yfir mannkynið, oft og tíðum af þess völdum, að horfa á afmarkað fyrirbæri í afmarkaðan tíma. En vandamálið hverfur ekki þótt ásjónu sé snúið undan. Ekki þýðir að hafa gullfiskaminni þegar kemur að hörmungum, snúa sér að næstu og gleyma þeim fyrri.

**Á** dögunum hlustaði ég á útvarpsþáttinn This American Life, sem fjallaði um Haítí. Eins og fyrr er getið er ástandið þar skelfilegt og var ekki beysið fyrir. Við í vestrænni velmegun, sem í miðri kreppu er hátíð miðað við ástandið þar, lítum á Haítí og þriðja heiminn sem sporgöngumenn okkar í átt til samfélagsþróunar. Þetta eru vanþróuð lönd í okkar tungutaki. Í þættinum var því hins vegar velt upp hvort því væri ekki akkúrat öfugt farið, erum við ekki á þeirra leið.

**SÍFELLT** meiri rányrkja og harðari aðgangur á auðlindir heimsins skilur eftir sig æ stærri undir. Á Haítí voru trén höggvin burt og jarðvegurinn stendur óbundinn eftir, gengið var svo á auðlindina að auðnin blasir við. Það er ekki einsdæmi í veraldarsögunni, við horfum upp á það um allan heim. Flotar þurrka upp fiskimið, sprengt er eftir gulli án forsjár og sjávargrunnið er sprengt til að nálgast olíu.

**BESTA** hjálpin sem hægt er að færa íbúum Haítí og okkur öllum er sjálfbært samfélag sem gengur ekki um of á auðlindir sínar. Annars verðum við eins og maðurinn á Haítí sem benti þáttagerðarmanni á fjallið fyrir ofan hjálparstöðina og sagði að það væri ekki spurning um hvort, heldur hvenær, hlíðin skriði yfir húsin. Ekkert héldi jarðveginum uppi. Offorsið í nýtingunni hafði skapað stöðu sem endar aðeins á einn veg. Með hruni.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








**LIEKLIST** Frá sýningunni í bakaríinu. Þau verða á Austurvell á morgun kl. 16.
MYND SHOEBOXTOUR.

# Trúðar um völl

Leiklist ★★★★

**Skóboxtúrinn**

Það er föstudagseftirmiðdagur og gagnrýnandi hefur þekkst boð um að sjá sýningu Skóboxtúrsins í skoti í bakaríinu í Grímsbæ. Boðið var kærkomið: á Netinu hefur mátt sjá stutt myndbrot frá fyrri ferðum þessa hóps hingað norður þar sem þau hafa leitað uppi óvenjulega sýningarstaði og skellt í sýningu fyrir heimamenn og gestkomandi, oft án mikils fyrirvara. Á vef hópsins mátti til skamms tíma kaupa þriggja diska útgáfu með tökum og tónlist frá ferð þeirra um landið síðastliðið sumar – en þegar innt var eftir gripnum var hann því miður uppseldur sem er synd, en sjón er sögu ríkari.

Skóboxtúrinn eins og við íslenskum hið enska heiti þessa hóps er yndislegur sirkus. Hann gerir sýningar úr litlu: tökum sem dæmi óviðjafnanlegt atriði þriggja djögglara hópsins sem vopnaðir hárþurrkum halda ping pong kúlum á lofti. Nú eða leik með hring, upptrekktan leikfangahund með tvær hendur. Hið hefðbundna keiluspil, klassískan leik með trékubbar. Og svo framvegis.

Sýningin á föstudag var ekki löng enda miðaðist hún fyrst og fremst við unga áhorfendur, og þeir fullorðnu sem fylgt höfðu í Hellinn í bakaríinu í Grímsbæ urðu aftur börn.

Skóboxið verður með sýningar sautjánda júní og fer síðan norður og austur. Látið ekki happ úr hendi sleppa ef flokkurinn sem telur reyndar bara fjóra er á ferðinni í nágrenni ykkar. Þau eru frábærlega flink öll fjögur og við eigum skilið að fá þau í heimsókn svo sem hún gleður okkur.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Frábær heimsókn.

# Handrit enn til sýnis

Handritin eru nú aftur til sýnis á handritasýningu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í Þjóðmenningarhúsinu. Vegna viðgerða og endurbóta á handritaskáp og sýningarherbergi þurfti að fjarlægja þau tímabundið þótt sýningin hafi að öðru leyti verið opin gestum.

Á sýningunni er auk merkra handrita brugðið ljósi á menningarlegt og sögulegt hlutverk íslenskra miðaldahandrita og efnisins sem þau geyma fram til okkar daga. Það eru myndir á sjónvarpsskjáum sem segja frá handritasöfnun Árna Magnússonar og heimkomu fyrstu handritanna til Íslands.

Í sérstökum sal er skyggnst inn í heim bókagerðar á miðöldum; skinnaverkun, bleksuðu og gerð lita úr litasteinum auk þess sem brugðið er upp sýnishorni af þeim aðstæðum sem bókagerðarmenn og skrifarar bjuggu við á miðöldum, sýnd tæki, tól og efniviður, sem var nauðsynlegt til handritagerðar, auk sýnishorna af rithöndum frá miðri 12. öld og fram undir miðja 19. öld. Frekari upplýsingar um sýninguna er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

Sýningin hefur verið ein þungamiðjan í starfi Þjóðmenningarhússins eða Safnahússins eins og það var lengst kallað. Hefur verið góð aðsókn að sýningum í húsinu, einkum meðal erlendra ferðamanna en rekstur hússins og sýninganna hefur verið stjórnmálamönnum þyrnir í auga og hafa upp á síðkastið heyrst háværar raddir sem leggja til að þessari sýningaraðstöðu verði lokað. **- pbb**



**MENNING** Handritin hafa um nokkurt skeið verið til sýnis í gamla Safnahúsinu við Hverfisgötu.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ

# ADHD í kvöld

Í kvöld heldur áfram sumartónleikaröð Jazzklúbbsins Múlans. Þá kemur fram hljómsveitin ADHD en hún er skipuð þeim Óskari Guðjónssyni á tenórsaxófón, Ómari Guðjónssyni á gítar, Davíð Þór Jónssyni á hljómborð og Magnúsi Tryggvasyni Elíassen á trommur.

Fyrsta plata þeirra félaga hlaut verðlaun í flokknum jazzplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2009. Á tónleikunum munu þeir leika efni af þeirri frábæru plötu ásamt glænýju efni sem bæst hefur við á undanförnum misserum.

Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á Jóni Múla Árnasyni sem jafnframt var heiðursfélagi og verndari Múlans. Múlinn er styrktur af Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóðnum og Menningarsjóði FÍH.

Tónleikar Múlans fara fram í Jazzkjallaranum á Bar 11 (áður Cultura), Hverfisgötu 18, og hefjast kl. 21.



**TÓNLIST** Davíð Þór slær slaghörpuna í ADHD í kvöld.


Endurbætt Egilshöll

# Sumardagskrá Heilsuakademíunnar í Egilshöll.

**Tækjasalur**
Egilshöll
Frábær tækjasalur og opnir tímar. Body Pump, Spinning, MRL o.fl. Einkaþjálfun í hæsta gæðaflokki.

**Herþjálfun**
Egilshöll
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

**Lífsstílsnámskeið**
Egilshöll
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

**Fit-Pilates**
Egilshöll
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

**Barnaafmæli**
Egilshöll 5-15 ára
Tími fyrir börnin á hinum eina sanna Tarzanvelli þar sem krakkar geta hangið, klifrað og hoppað undir leiðsögn þjálfara.

**Sími: 594 9666**
**www.heilsuakademian.is**

Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal, einkaþjálfun, opna tíma, og landsins mesta úrval námskeiða. Auk þess sem við kynnum endurbætta Egilshöll.

Ný námskeið hefjast 21. júní.

**Karlapúl**
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri. Frábær þjálfun í góðum félagsskap.

**Fyrirtækjaþjálfun**
Sérhæfð og fjölbreytt þjálfun sem gerir vinnuandann skemmtilegri.

**TRX** Nýtt!
Egilshöll
TRX er frábær þjálfun í ströppum þar sem þú nýtir líkamsþyngd þína í stað lóða. Byggir upp jafnvægis- og djúpvöðvakerfi líkamans.

**Pole Fitness**
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

**Hópaeinkaþj.**
Egilshöll
2 til 4 saman í hóp. Fagleg þjálfun undir stjórn menntaðara einkaþjálfara.

**Sumarherbúðir unglinga**
Egilshöll
Herbúðir Heilsuakademíunnar fyrir 13-17 ára unglinga. Frábær námskeið fyrir hressa unglinga sem vilja fá sem mest út úr sumrinu. Um er að ræða frábæra herþjálfun, fjallgöngur, hjólaferðir, sund, frábæran félagsskap, hópefli, sjálfsstyrkingu og margt fleira.

**Einkaþjálfun**
Egilshöll
Fagleg þjálfun undir stjórn menntaðra einkaþjálfara.

**Afþreying**
Hópefli, gæsanir/steggjanir, barnaafmæli í Tarzan sal, og fyrirtækjaskemmtanir. Auk þess verða ýmsar uppákomur í vetur s.s. göngu- og hlaupahópar.


Árskort á 39.990,-

# Ný námskeið hefjast 21. júní.


Heilsuakademían er aðili að Frístundakorti ÍTR

heilsuakademían
Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 3:20 - 5:40 | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 10:20(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5:30 - 8 - 8:30 - 10:45 | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 10:45 | VIP |
| THE LOSERS | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 3:20 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl tal | kl. 5:40 | L |
| TOY STORY 3 - 3D ensku tal | kl. 8 | L |
| THE LOSERS | kl. 10:20 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl 6 | 10 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 9 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 - 3D ísl. Tali | kl. 3:20(3D) - 5:40(3D) | L |
| TOY STORY 3 M/ ensku Tali | kl. 8(3D) - 11(3D) | L |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 8D - 10:20D | 12 |
| PRINCE OF PERSIA : SANDS OF TIME | kl. 3 - 5:30 - 8 | 10 |
| IRON MAN 2 | kl. 10:30 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 - 8 | L |
| BROOKLYN'S FINEST | kl. 10:10 | 16 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 6 - 9 | 12 |




NÝTT Í BÍÓ!













SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THE A-TEAM LÚXUS | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3D | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| TOY STORY 3 3D | kl. 5.40 - 8 | L |
| STREETDANCE 3D | kl. 3.30 - 10.20 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 4 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 6 - 9 | 12 |
| STREETDANCE 3D | kl. 6 - 9 | L |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| SNABBA CASH | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE A-TEAM | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 8 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 10 | 14 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 5.45 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| A-TEAM | 5.40, 8 og 10.20(POWER) | 16 |
| STREET DANCE 3-D | 4, 6 og 8 | 7 |
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50, 5.50, 8 og 10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 10 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ | 4 | L |


# Collin Russell spilar með Ultra Mega Technobandinu

**Elektró-þjóðlagapopparinn Collin Russell er mættur til landsins og ætlar að spila með Ultra Mega Technobandinu Stefáni á nokkrum tónleikum á næstunni.**



**COLLIN RUSSELL** Er kominn til landsins eftir langa bið til að troða upp með félögunum sínum í Ultra Mega Technobandinu Stefáni.

„Við höfum alltaf verið að bíða eftir hinu fullkomna tækifæri til að fá hann til Íslands og nú er það komið," segir Sigurður Ásgeir Árnason Olsen.

Sigurður og félagar hans í Ultra Mega Technobandinu Stefán fengu félaga sinn, Collin Russell, til landsins á dögunum. Collin, sem er vel þekktur á vesturströnd Bandaríkjanna fyrir elektró-þjóðlagatónlist sína, er nú kominn í sína fyrstu heimsókn til landsins eftir langa bið.

„Ég kynntist honum þegar við vorum báðir í námi við tónsmíðar í Berkley síðasta sumar," segir Sigurður. „Fyrstu kynni mín af Collin voru þegar ég kom að honum þar sem hann var að hlusta á Gling Gló plötu Bjarkar og vissi einnig um Tríó Guðmundar Ingólfssonar."

Russell er mikill aðdáandi íslenskrar tónlistar og hefur Sigurður kynnt fyrir honum íslenskar tónlistarmyndir eins og Rokk í Reykjavík og Gargandi snilld.

Collin og UMTB Stefán ætla að spila á þrennum tónleikum ásamt fleiri böndum um helgina. 16. júní verða þeir á Dillon, 17. júní á Sódómu, þar sem jafnframt er verið að halda upp á tveggja ára afmæli dauða hljómsveitarinnar Jakobínarínu og að lokum 19. júní á Venue. Ef vel gengur vonast félagarnir til að geta spilað saman á Iceland Airwaves í haust. **linda@frettabladid.is**



**ÁSTFANGIN** Amy Winehouse vill halda í nýja kærastann og ætlar að reyna að hætta að drekka. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýr kærasti

**Amy Winehouse er komin með nýjan mann, framleiðandann Reg Traviss, og er Winehouse svo ástfangin að hún ætlar að hætta að drekka. Hún drakk ótæpilega í síðustu viku og fór það illa í Traviss. „Þegar Amy er edrú semur þeim mjög vel, en öðru máli gegnir þegar hún er drukkin. Reg hefur beðið hana um að hætta að drekka, annars muni hann slíta sambandinu," var haft eftir ónefndum heimildarmanni.**

# Vill hitta Muse

Leikkonan Kate Hudson og Matt Bellamy, söngvari hljómsveitarinnar Muse, sáust á vappi saman í New York í síðustu viku og eiga þau að hafa verið að hitta hvort annað á laun í heilan mánuð. Samkvæmt heimildarmönnum er komin nokkur alvara í sambandið og hyggst parið sækja Glastonbury-tónlistarhátíðina saman síðar í mánuðinum.

„Matt hefur heimsótt Kate nokkrum sinnum. Sambandið hefur blómstrað og Kate hyggst fljúga til Englands í lok mánaðarins til að eyða tíma með Matt. Hana langar að sjá Muse á tónleikum og hitta vini hans," var haft eftir heimildarmanni. Bellamy hætti nýverið með kærustu sinni, Gaia Polloni, en ekki er langt síðan söngvarinn sagðist ætla að giftast henni.



**SKOTIN** Kate Hudson er farin að hitta söngvara hljómsveitarinnar Muse. NORDICPHOTOS/GETTY


ÓDÝRAR KILJUR Í ÚRVALI

„Þrusugóður krimmi eftir einn vinsælasta spennusagnahöfund heims. **** (fjórar stjörnur)"

SG / Morgunblaðið




1.990.-
v.á. 2.490.-

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

At the heart of the image




## NIKON S3000 Sumartilboð



Nett og meðfærileg myndavél með 4x aðdrætti - hentar við öll tilefni. Íslenskur leiðarvísir.
Nú fylgir Golla taska að verðmæti 3.500 kr. með. **Verð: 29.995 kr.**

# I AM YOUR BEST SUMMER DEAL




## NIKON D3000 Sumartilboð

Frábær stafræn SLR myndavél fyrir byrjendur. GUIDE valmyndin auðveldar þér að taka betri myndir strax. Nú fylgir með taska, 2GB minniskort, linsuklútur og strandbolti ásamt íslenskum leiðarvísi og Nikon School námskeiði.
**Verð frá 99.995 kr.**




**www.iamnikon.is**

**Heimilistæki** Suðurlandsbraut 26 og umboðsmenn um land allt | **Sjónvarpsmiðstöðin** Síðumúla 2 | **Beco** Langholtsvegi 84 | **Fotoval** Skipholti 50b | **MAX** Kauptúni 1

## > 33 klukkutíma ferðalag til Brasilíu

Íslenska landsliðið í handbolta spilar í dag fyrri leik sinn gegn Brasilíu. Leiknir verða tveir æfingaleikir við heimamenn ytra en leikirnir fara fram í fallegum strandbæ, Balneário Camboriú. Þar ætti ekki að væsa um strákana sem þurftu nægan tíma til að jafna sig eftir ferðalagið til borgarinnar frá Íslandi. Það tók heila 33 klukkutíma. Liðið flaug til Þýskalands þar sem það beið í rúma tíu klukkutíma áður en þrettán tíma flug til Sao Paulo fór í loftið. Þá tók við önnur bið í stærstu borg Brasilíu áður en flogið var í þrjá tíma til Balneário Camboriú. Seinni leikurinn er á föstudag.



# sport

sport@frettabladid.is

**VALDÍS ÞÓRA JÓNSDÓTTIR BYRJAR GOLFSUMARIÐ VEL:** BÚIN AÐ VINNA TVÖ FYRSTU MÓTIN Á EIMSKIPSMÓTARÖÐINNI

## *Regnhlífin mín brotnaði, veðrið var það slæmt*

Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn í fyrra og hefur byrjað golfsumarið frábærlega í ár. Hún hefur unnið tvö fyrstu mótin á Eimskipsmótaröðinni, í Eyjum fyrir tveimur vikum og svo á Leirdalsvelli Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar um helgina. „Ég er ánægð með þetta. Það er aðeins meira pressa á mér í sumar að standa mig," segir Valdís sem hefur aldrei áður náð að vinna tvö mót í röð á mótaröðinni. Valdís Þóra vann Fitness Sportmótið með minnsta mun, einu höggi á undan Signýju Arnórsdóttur úr GK. „Ég vissi ekki hver staðan var í öðrum hringnum því við vorum allar að spila úti um allt. Ég gat ekki fylgst með en ég sá Signýju fá skolla á 17. holu. Ég ætlaði mér allavega að ná pari eða betra og það var fínt að ná fugli á þeirri holu. Þá vissi ég að ég væri tveimur höggum betri heldur en hún á þeirri holu," sagði Valdís og þessi 17. hola réð miklu um útkomuna. Fyrsti hringurinn á mótinu um helgina var felldur niður vegna slæms veðurs. „Ég var búin með sex holur þegar þeir frestuðu keppni. Ég var alveg sammála þessari ákvörðun. Þetta var bara bull og ekkert veður til að spila golf í," sagði Valdís og bætti við: „Ég er vön alls kyns aðstæðum hér heima en regnhlífin mín brotnaði á fimmtu holu, þetta var það slæmt," sagði Valdís.



Valdís stundaði nám við Texas State-háskólanum í vetur og stóð sig vel á golfvellinum. „Ég var einu sinni í 2. sæti og einu sinni í 4. sæti. Ég var oftast meðal efstu 30 í einstaklingskeppninni. Ég átti hringi sem voru alveg hræðilegir en ég náði að bjarga skorinu ágætlega," segir Valdís um fyrsta árið af fjórum í skólanum. Valdís stefnir að sjálfsögðu á sigur í þriðja mótinu í röð sem fer fram hjá Oddi eftir tvær vikur. „Þær verða örugglega brjálaðar í næsta móti og ætla sér örugglega að reyna að vinna mig. Ég læt það ekkert á mig fá og æfi bara meira í staðinn. Það er stefnan að vinna þrjú mót í röð," segir Valdís.

## PEPSIDEILD KVENNA

| | |
|---|---|
| Valur-Afturelding | 10-0 |

1-0 Kristín Ýr Bjarnadóttir (2.), 2-0 Rakel Logadóttir (10.), 3-0 Katrín Jónsdóttir (19.), 4-0 Hallbera Guðný Gísladóttir (22.), 5-0 Katrín Jónsdóttir (28.), 6-0 Thelma Björk Einarsdóttir (36.), 7-0 Björk Gunnarsdóttir (54.), 8-0 Björk Gunnarsdóttir (58.), 9-0 Kristín Ýr Bjarnadóttir (62.), 10-0 Dagný Brynjarsdóttir (75.).

| | |
|---|---|
| Fylkir-KR | 1-1 |

1-0 Arna Sigurðardóttir (4.), 1-1 Katrín Ásbjörns dóttir (90.+3).

| | |
|---|---|
| Haukar-Grindavík | 0-1 |

0-1 Rachel Furness (34.)

| | |
|---|---|
| Breiðablik-FH | 3-1 |

1-0 Hlín Gunnlaugsdóttir (19.), 1-1 Margrét Sveinsdóttir (70.), 2-1 Sara Björk Gunnarsdóttir (86.), 3-1 Ásta Eir Árnadóttir (88.)

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **7** | **5** | **2** | **0** | **31-4** | **17** |
| Breiðablik | 7 | 4 | 2 | 1 | 10-6 | 14 |
| **Þór/KA** | **7** | **4** | **1** | **2** | **18-11** | **13** |
| KR | 7 | 3 | 2 | 2 | 11-5 | 11 |
| **Grindavík** | **7** | **3** | **2** | **2** | **6-4** | **11** |
| Stjarnan | 7 | 3 | 1 | 3 | 9-7 | 10 |
| **Fylkir** | **7** | **3** | **1** | **3** | **11-10** | **10** |
| Afturelding | 7 | 3 | 1 | 3 | 7-19 | 10 |
| **Haukar** | **7** | **1** | **0** | **6** | **2-16** | **3** |
| FH | 7 | 0 | 0 | 7 | 5-28 | 0 |

**Upplýsingar** um markaskora eru fengnar frá netsíðunni fótbolti.net.

# Markaregn á Vodafone-vellinum

**Valskonur komust aftur á sigurbraut með 10-0 sigri á Aftureldingu í gær. Lið Aftureldingar var ekki búið að fá á sig mark í þremur leikjum í röð. „Spiluðum frábærlega," sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals.**

**FÓTBOLTI** Valur og Afturelding mættust í sjöundu umferð Pepsi-deildar kvenna í gær en Valsstúlkur voru svo sannarlega klárar í þennan leik eftir tvö jafntefli í röð þar sem þær gjörsamlegu gengu frá gestunum úr Mosfellsbæ og endaði leikurinn, 10-0, fyrir Val þar sem aðeins eitt lið mætti til leiks.

„Við svöruðum heldur betur kallinu og spiluðum frábærlega í þessum leik. Við vorum búin að undirbúa okkur vel fyrir þennan leik og fórum í andlegu hliðina og ég er rosalega ánægður með allt liðið því þær sýndu toppklassa spilamennsku," sagði Freyr Alexandersson, þjálfari Vals, eftir leikinn í gær en hann gat ekki annað en brosað eftir leikinn.

„Við spiluðum okkar besta leik og ég held að hver og einn leikmaður hafi náð sínu besta fram í dag. Ég get ekki annað en verið stoltur," bætti Freyr við en liðið gerði tvö jafntefli í umferðunum á undan og var hann ánægður með hvernig stelpurnar svöruðu.

„Það er erfitt að vinna átján leiki í röð og það gerist mjög sjaldan svo ég skil það vel að við skulum misstíga okkur einhvers staðar. Við komum sterk til baka þannig að ég held að það sé ekkert vandamál hjá okkur. Hópurinn er sterkur og við erum á réttri leið," sagði Freyr. Það voru aðeins mættir 140 áhorfendur til að fylgjast með leiknum í gær en Freyr vonar að þetta markaregn dragi fólk á völlinn í næstu leikjum.

„Maður er kannski mest óánægður með mætinguna á völlinn og þessar stelpur sem hafa verið flaggskip félagsins hérna í fjölda mörg ár fá lítinn stuðning, það er svekkjandi ég viðurkenni það. Næst eigum við bikarleik á móti Breiðablik og ég kalla bara á Valsmenn og bið þá að koma og styðja stelpurnar því þær þurfa virkilega á því að halda," sagði Freyr ánægður í leikslok.

Það fóru þrír aðrir leikir fram í gær. Breiðablik náði 2. sætinu á ný með 3-1 sigri á FH, KR jafnaði í uppbótartíma á móti Fylki og írska landsliðskonan Rachel Furness tryggði Grindavík sigur á Haukum en hún spilar á móti Íslandi í Laugardal á laugardaginn. **- rog,**



**Á FLUGI** Valskonan Andrea Ýr Gústavsdóttir og Lára Kristín Pedersen hjá Aftureldingu í leiknum í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir kastaði 58 metra á móti í Prag í fyrrakvöld og endaði í sjötta sæti:

# Ásdís komin inn á annað demantamót

**FRJÁLSAR** Ásdís Hjálmsdóttir úr Ármanni stóð sig vel á á Premium móti Frjálsíþróttasambands Evrópu í Prag í fyrrakvöld og náði 6. sæti með því að kasta spjótinu 58 metra.

„Þetta gekk vel og var alveg nauðsynlegt,“ sagði Ásdís. „Það hefur gengið rosalega vel á æfingum og ég er í hörkuformi og hef aldrei verið jafngóð og núna. Það vantar bara smá fínpússun í keppni og ég er búin að vera að vinna í því undanfarið. Það skilaði sér aðeins í þessu móti,“ segir Ásdís.

Sigurvegarinn var Viljone Sunette frá Suður-Afríku á nýju landsmeti upp á 66,38 metra en hún er góð vinkona Ásdísar.

„Hún er mjög góð vinkona mín og við förum út að borða saman eftir mótið. Við hittumst fyrst á þessu móti í fyrra en síðan höfum við alltaf verið að hittast á mótum. Hún bauð okkur að koma til Suður-Afríku í æfingabúðir um jólin en við komumst ekki um síðustu jól en ætlum að reyna að fara um næstu jól,“ segir Ásdís.

Ásdís fékk góðar fréttir á dögunum því hún er komin inn á annað demantamót. „Ég er komin inn á annað demantamót sem er 10. júlí í Gatehead í Bretlandi. Ég var mjög ánægð yfir að heyra það. Þetta er reyndar á sama tíma og Íslandsmeistaramótið þannig að ég missi af því en það er ekki stór fórn að færa fyrir svona mót. Ég þurfti því ekki að hugsa mig um,“ segir Ásdís kát.

Ásdís er næst á leiðinni í Evrópubikarinn með íslenska landsliðinu þar sem hún keppir í þremur kastgreinum.

„Ég ætla líka að keppa í kúluvarpi og svo var ég að fá að vita það í gær að ég ætti að keppa líka í kringlukasti. Ég er ekki búin að taka eina einustu æfingu, er ekki búin að snerta kringluna síðan í fyrra og hef ekki snert kúluna síðan á innanhússtímabilinu. Þetta er eins og að hjóla, þetta er þarna einhvers staðar.Ég ætla að samt að taka eina æfingu og rifja þetta upp á morgun [í dag].“ **- óój**



**ÁSDÍS HJÁLMSDÓTTIR** Það er nóg að gera hjá henni næstu viku og hún verður mikið á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**JAMES HURST** Hefur spilað mjög vel með ÍBV. MYND/VILHELM

James Hurst áfram hjá ÍBV:

## Áminning fyrir unga leikmenn

**FÓTBOLTI** Geta hins 18 ára gamla bakvarðar James Hurst er góð áminning fyrir unga íslenska leikmenn sem ætla í atvinnumennsku. „Geta hans sýnir muninn á íslensku strákunum og leikmönnum þarna úti,“ segir Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, sem finnst margir ungir leikmenn fara of snemma út.

Hurst hefur verið einn besti leikmaður deildarinnar en samningur hans við ÍBV rann út í gær. Hann hefur þó verið framlengdur og Englendingurinn verður því áfram í láni frá Portsmouth, þar til félagið kallar í hann. „Hann ætlar sér að komast í aðalliðið en hefur bara spilað með varaliðinu hingað til,“ segir Heimir. **- hþh**

Valsstúlkur fá góðan liðsstyrk:

## Köbli til Vals

**HANDBOLTI** Valsstúlkur hafa fengið góðan liðsstyrk fyrir komandi átök í N1-deild kvenna í handbolta. Ungverska skyttan Annett Köbli hefur skrifað undir tveggja ára samning við Hlíðarendaliðið en hún var samningslaus.

Köbli kom til Íslands árið 2005 og sló þá í gegn með Fram. Hún spilaði í Safamýrinni í þrjú ár áður en hún fór í Gróttu. Köbli var síðan í barnsburðarleyfi á síðasta tímabili en er nú mætt aftur í slaginn. Köbli er örvhent og getur bæði spilað sem skytta og leikstjórnandi. Hún er 33 ára gömul. **- hþh**



**TIGER WOODS** MYND/GETTY IMAGES

Opna bandaríska golfmótið:

## Tiger á leiðinni af toppnum

**GOLF** Opna bandaríska meistaramótið í golfi, US Open, verður um næstu helgi. Allra augu beinast sem endranær að Tiger Woods.

Tiger verður að hafa sig allan við ef hann ætlar ekki að missa toppsætið sitt á heimslistanum. Woods hefur trónað á toppnum í fimm ár en Phil Mickelson hefur spilað vel undanfarið. Mickelson þarf að ná öðru sæti til að komast á topp listans, að því gefnu að Woods vinni ekki. **- hþh**





KONUR
ERU KONUM BESTAR

VIÐ TRYGGJUM
STÓRA SEM SMÁA

50% afsláttur af Barnatryggingu og Líftryggingu hjá Sjóvá

Í tilefni af Sjóvá kvennahlaupi ÍSÍ býðst þátttakendum að taka þátt í skemmtilegum leik þar sem glæsilegir vinningar eru í boði. Allar konur sem taka þátt í leiknum fá 50% afslátt af Barnatryggingu og Líftryggingu hjá Sjóvá. Það eina sem þú þarft að gera er að fylla út umsókn á þínum hlaupastað og þú gætir unnið 30.000 kr. gjafakort að eigin vali, dekurdag í Laugum Spa eða aðra veglega aukavinninga.

Sjóvá er stolt af því að vera aðal styrktaraðili
Sjóvá kvennahlaups ÍSÍ 18. árið í röð.

WWW.SJOVA.IS

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

SJÓVÁ

HV TA H SI /S A 10-0624

## HM Í GÆR

**F-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Nýja-Sjáland - Slóvakía** | **1-1** |
| 0-1 Robert Vittek (50.), 1-1 Winston Reid (90.+3) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ítalía** | **1** | **0** | **1** | **0** | **1-1** | **1** |
| Nýja-Sjáland | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |
| **Paragvæ** | **1** | **0** | **1** | **0** | **1-1** | **1** |
| Slóvakía | 1 | 0 | 1 | 0 | 1-1 | 1 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Slóavkía-Paragvæ** | **sunnudagur kl. 11.30** |
| Ítalía - Nýja-Sjáland | sunnudagur kl. 14.00 |

**F-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| **Fílabeinsströndin - Portúgal** | **0-0** |
| **Brasilía - Norður-Kórea** | **2-1** |
| 1-0 Maicon (55.), 2-0 Elano (72.), 2-1 Ji Yun-nam (88.) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Brasilía** | **1** | **1** | **0** | **0** | **2-1** | **3** |
| Fílabeinsstr. | 1 | 0 | 1 | 0 | 0-0 | 1 |
| **Portúgal** | **1** | **0** | **1** | **0** | **0-0** | **1** |
| Norður-Kórea | 1 | 0 | 0 | 1 | 1-2 | 0 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| Brasilía - Fílabeinsströnd. | sunnudag kl. 18.30 |
| **Portúgal - Norður-Kórea** | **mánudag kl. 11.30** |

**LEIKIR DAGSINS**

| | |
|---|---|
| Hondúras - Chile | kl. 11.30 |
| **Spánn - Sviss** | **kl. 14.00** |
| Suður-Afríka - Úrúgvæ | kl. 18.30 |



**BJARGVÆTTURINN** Bakvörðurinn Winston Reid tryggði Nýja-Sjálandi 1-1 jafntefli á móti Slóvakíu þegar hann jafnaði leikinn á þriðju mínútu í uppbótartíma, aðeins nokkrum sekúndum áður en flautað var til leiksloka. FRÉTTABLAÐIÐ /AP

Leikur Fílabeinsstrandarinnar og Portúgals í dauðariðlinum var markalaus og olli vonbrigðum á HM í gær:

# Drogba bað um að fá að byrja á bekknum

**FÓTBOLTI** Tveir öflugustu framherjar heims, Cristiano Ronaldo og Didier Drogba, þurftu að sættast á markalaust jafntefli í fyrsta leik Portúgals og Fílabeinsstrandarinnar á HM í Suður-Afríku.

Ronaldo spilaði sinn tíunda landsleik í röð án þess að skora og Drogba kom inn á sem varamaður þegar 25 mínútur voru eftir af leiknum.

Leikurinn bauð ekki upp á mörg marktækifæri og olli mörgum vonbrigðum enda bjuggust margir við því að þessi lið ættu að geta lífgað upp á markaleysið í keppninni.



**TAKK FYRIR LEIKINN** Didier Drogba með Ricardo Carvalho eftir leikinn. MYND/AP

„Þetta var jafn leikur og bauð ekki upp á mörg tækifæri til að skora," sagði Sven-Göran Eriksson, þjálfari Fílabeinsstrandarinnar. „Mér fannst við samt eiga meiri möguleika á að vinna þennan leik. Ég er mjög ánægður með frammistöðuna. Við héldum skipulaginu og spiluðum agað allar 90 mínúturnar," sagði Eriksson.

Didier Drogba byrjaði á bekknum en kom inn á sem varamaður á 65. mínútu, en það eru aðeins liðnir tíu dagar síðan hann handleggsbrotnaði. „Ég talaði við hann eftir æfinguna í gær og hann vildi byrja á bekknum. Ég var að vonast til þess að við þyrftum ekki að nota hann en við vildum vinna leikinn," sagði Sven-Göran.

„Þetta voru sanngjörn úrslit miðað við færin sem Portúgal fékk í fyrri hállfeik og færin sem Fílabeinsströndin skapaði sér úr skyndisóknum," sagði Carlos Queiroz, þjálfari Portúgals. - óój

# Spánverjar í nýrri stöðu á stórmóti

**Spánverjar hefja leik á HM í kvöld sem líklegasta liðið til að hampa titlinum. Mórallinn í liðinu virðist vera þeirra tólfti maður. Heima á Spáni bíður þjóðin í ofvæni eftir kvöldinu og raunar heimsbyggðin öll.**

**FÓTBOLTI** Á árum áður höfðu Spánverjar litla trú á landsliði sínu á stórmótum. Sama gamla sagan virtist endurtaka sig aftur og aftur, liðið var skipað frábærum leikmönnum sem náðu svo ekki saman sem lið. Það olli alltaf vonbrigðum og á endanum sættu sig allir við meðalmennsku.

En nú er öldin önnur. Spánverjar hafa gríðarlega trú á sínu liði, líkt og veðmangarar sem flestir setja Spánverja í efsta sæti yfir þau lið sem eru líklegust til að verða heimsmeistari í júlí. Þeir hefja leik á HM í kvöld þegar þeir mæta Svisslendingum.

Spánverjar eru því komnir í nýja stöðu eftir að hafa orðið Evrópumeistarar árið 2008. Þeir eru undir miklu meiri pressu en oft áður og í kvöld sjást fyrstu merki þess hvernig liðið tekur á henni.

Ef liðið spilar eitthvað í líkingu við 6-0 burstið á Pólverjum í síðasta æfingaleiknum fyrir HM verða önnur lið í vanda stödd. Spánverjar voru einfaldlega hrikalega góðir. Annað markið var með þeim fallegri á þessu ári, stórbrotinn samleikur sem lauk með einföldu marki. Það hefur verið kallað Playstation-mark og Spánverjum líkt við Harlem Globetrotters.



**GÓÐUR LIÐSANDI** Liðið hjá Spánverjum nær einkar vel saman og meira að segja þjálfarinn er ekki hataður af blaðamönnum, líkt og venjan hefur verið undanfarin ár. Hér er liðið á æfingu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Móralinn í liðinu er frábær en samkeppnin um stöður í liðinu er jafnframt mikil. Enginn virðist geta velt Iker Casillas úr sessi í markinu og vörnin er sterkari en á EM 2008. Gerard Pique átti frábært tímabil og er góður með boltann. Hann verður væntanlega í byrjunarliðinu í hjarta varnarinnar með Carles Puyol. Árið 2008 var Carlos Marchena í vörninni. Bakverðir eru svo líkt og 2008, þeir Joan Capdevilla vinstra megin og Sergio Ramos hægra megin.

Á miðjunni vandast málið. Þar er hreinlega ekki pláss fyrir Cesc Fabregas, fyrirliða Arsenal. En Andres Iniesta, sem reyndar er ekki 100% heill en þó líklegur til að byrja leikinn í kvöld, heldur honum út úr liðinu. Xavi, besti leikmaður EM 2008, á svo fast sæti. Xabi Alonso spilar svo væntanlega á miðjunni með þeim.

David Silva á líka öruggt sæti í liðinu, sem hluti af þriggja manna sóknarlínu með David Villa og Fernando Torres. Meiðsli þarf til þess að breytingar verði á sóknarlínunni.

Þessi upptalning er ástæða þess að Spánverjar eru líklegastir til að verða þriðja þjóðin til að vera heims- og Evrópumeistari á sama tíma. Frakkar voru meistarar 1998 og 2000 og Vestur-Þjóðverjar 1972 og 1974. Besti árangur Spánverja á HM er fjórða sæti árið 1950 en þjóðina þyrstir í meira. Tækifærið er núna. hjalti@frettabladid.is




Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Brasilíski bakvörðurinn Maicon kom Brasilíu á bragðið á HM með glæsimarki:

# Heppni eða algjör snilld?

**FÓTBOLTI** Brasilíumenn unnu 2-1 sigur á Norður-Kóreu í fyrsta leik sínum á HM í Suður-Afríku í gærkvöldi. Norður-Kóreumenn komu mörgum á óvart með góðri frammistöðu og það er ljóst á leik „leyniliðsins" á HM að Norður-Kórea er sýnd veiði en ekki gefin í dauðariðlinum og það verður mjög spennandi að sjá hvernig Portúgal og Fílabeinsströndinni gengur á móti þeim.

Norður-Kóreumenn gerðu brasilíska liðinu mjög erfitt fyrir í fyrri hálfleik með skipulögðum varnarleik og nokkrum skemmtilegum skyndisóknum. Brasilíumenn fundu ekki taktinn og fengu fá færi. Það tók Brasilíumenn 55 mínútur að koma boltanum í markið hjá skipulögðu liði Norður-Kóreubúa og það þurfti algjöra snilld eða kannski bara mikla heppni hjá bakverðinum Maicon til þess að koma Brasilíu á bragðið í keppninni.

Maicon tók til sinna ráða á 55. mínútu þegar hann tók enn eitt hlaupið upp allan hægri kantinn og fékk síðan boltann frá Elano. Þegar Maicon var kominn upp að endamörkum horfði hann út í teiginn og virtist ætla að gefa boltann fyrir en skotið/sendingin hans fór hins vegar á nærstöngina og fram hjá Ri Myong-guk sem var óviðbúinn í markinu.

Markið var algjört augnakonfekt og er enn eitt dæmið um eftirminnilegt mark frá brailískum bakverði í úrslitakeppni HM en það verður örugglega mikið rætt um það hvort að hann hafi ætlað að skora eða gefa fyrir.

Brasilía komst síðan í 2-0 á 72. mínútu þegar Elano skoraði laglegt mark eftir að hafa fengið stórkostlega sendingu frá Robinho þvert í gegnum vörnina. Þeir Robinho og Elano spiluðu saman hjá Manchester City á sínum tíma og ná greinilega vel saman. Þetta var það síðasta sem Elano gerði í leiknum því honum var skipt strax út af en mark og stoðsending var ekki slæmur árangur hjá honum í fyrsta leik.



**STÓRKOSTLEGT MARK** Maicon fagnar hér marki sínu sem kom Brasilíumönnum í 1-0. Hér er hann ásamt Robinho sem lagði upp seinna mark Brasilíu á snilldarlegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norður-Kóreumenn voru ekki á því að gefast upp þrátt fyrir að vera komnir 2-0 undir og Ji Yun-nam minnkaði muninn á 88. mínútu með laglegu marki eftir að hafa platað brasilísku vörnina. Markið var hálfgerður sigur fyrir lið Norður-Kóreu en sigur Brasilíu var engu að síður nokkuð öruggur og sannfærandi. - óój

# VAXTALAUST LÁN í 4 MÁNUÐI!

**OPIÐ** á morgun 17. júní

á öllum hjólum og grillum

## RALEIGH

*250.000.000 REIÐHJÓL SELD!*

Raleigh hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum

**RALEIGH**
**Sidney Cruiser**
- Stærð: 26"
- Fislétt hjól úr léttmálmi
- Gírar: 3 gírar, Shimano Nexus Gripshift
- Bremsur: Fótbremsur að aftan, handbremsa að framan
- Litaðar álgjarðir með tvöföldum ramma, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, glitauga að framan og í pedölum, standari

**49.999 kr**



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

**ULTRA**
**Regata Lady**
- Stærð: 28" með dempara
- Gírar: 18 gírar, Shimano TY18 Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Bretti að aftan og framan, bögglaberi, rafdrifnar luktir að aftan og framan, glitaugu í pedölum, standari

**43.999 kr**



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

**ULTRA**
**Fiona/Ferdy**
- Stærð: 24"
- Gírar: 18 gírar, Shimano TY18/MRX18 Grip Shift
- Bremsur: Alloy V-brakes
- Álgjarðir með tvöföldum ramma, glitauga að framan og í pedölum, bretti að aftan og framan, böglaberi, standari

**34.999 kr**



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

www.crosscycle.com

## CROSS

# gæða merki í hjólum

Cross hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti
- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit

*Mundu eftir hjálminum!*




**CROSS**
**Impulse**
- Stærð: 20"
- Gírar: 6 gírar, Shimano Gripshift
- Bremsur: Promax TX115C
- Gaffall: HL CH–327E með dempara
- Álstell, glitauga að framan, aftan og í pedölum, standari, bögglaberi, bretti að aftan og að framan

**37.999 kr**



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI

**CROSS**
**Arina**
- Stærð: 28"
- Gírar: 21 gír, Shimano TX31 Gripshift
- Bremsur: Promax Alloy V – TX115C
- Gaffall: HL CL–T130 með dempara
- Álstell, bögglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lugt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla

**49.999 kr**

Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36. Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.



**Grand**
Ferðagasgrill
ER8108
**9.999.-**
v.á. 12.999.-



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI
SPARIÐ 10.000.-

**Grand**
Gasgrill
ER8102H-2
**19.999.-**
v.á. 29.999.-



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI
SPARIÐ 10.000.-

**Grand**
Gasgrill
ER7802A
**39.999.-**
v.á. 49.999.-



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI
SPARIÐ 10.000.-

**grandhall** living style
Gasgrill
Premium 323
**79.999.-**
v.á. 89.999.-

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

> Jessica Alba

„Mín kenning er sú að ef þú lítur út fyrir að hafa sjálfstraust þá getur þú komist upp með hvað sem er þótt þú hafir ekki hugmynd um hvað þú ert að gera“.

***Jessica Alba fer með eitt af aðalhlutverkum í Fantastic Four: The Rise of the Silver Surfer sem sýnd er kl. 22.00 á Stöð 2 Bíó í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON LEGGUR FRAM SPARNAÐARTILLÖGU

# *Hvað þurfum við marga fréttatíma frá 18 til 20?*



Það er hart í búi hjá smáfuglunum í útvarpsrekstri. Sjálfstæðu stöðvarnar hafa nýlega skipað lögfræðing, hvað annað, í menningarsjóð útvarpsstöðva, konu með gríðarlega viðamikla þekkingu á dagskrárgerð. Skjaldborg Samfylkingar og vinstri grænna um Pál Magnússon, svokallað útvarpsráð, hefur sent frá sér skriflegt örvæntingarkvein til ráðherra, og 160 milljóna ský ber fyrir Rauðsól. Þá ber að líta eftir hvaða visk sem dugar í kjaftinn á þeirri óseðjandi skepnu sem dagskrárdeildir eru, en þær eru oftast aftarlega á merinni hjá þeim sem reka fjölmiðla á ljósvakanum, tækni- og söludeildir fá sitt en sparnaðarkutann má alltaf setja á dagskrána.

Lítum á óskabarn þjóðarinnar. Þar var sameinuð fréttastofa fyrir margt löngu og kostar heilan helling. Samruninn er ekki að fullu genginn yfir þó fréttamönnum sé svissað af mikilli hind milli sjónvarps og hljóðvarps. Reyndar yfirleitt sömu fréttirnar í sex-tíma RÚV og fréttaskýringar í Speglinum og koma svo í blæbrigðaútgáfum í kvöldfréttum sjónvarps sem má reyndar heyra líka í útvarpi og þá í Kastljósinu. Eða þá í hinum undarlega endurtekningartíma kl. 22 í sjónvarpinu. Hvað má gera þarna í sparnaðarskyni? Sama tuggan sem leikur um tungur hljóðvarpsmanna fer í munn á starfsbræðrum þeirra í sjónvarpi sem jafnvel spýta henni í vit Kastlýsinga, ef hún hefur ekki hrotið inn í Spegilinn.

Hvernig væri nú að menn settust yfir þetta og við fengjum bara einn fréttatíma – hin myndlega frásögn gildir svo sáralítið í sjónvarpi hvort eð er. Hvað mætti spara marga milljónatugi, jafnvel hundruð, á þessum ráðahag? Í leiðinni mætti fella sjónvarpstímann alveg niður eða sameina hann tíufréttum RÚV úr einu og sama stúdíóinu. Aurinn mætti þá nota í annað. Þá hef ég heldur aldrei skilið hví viðtöl og greinargerðir víða að úr dagskránni á tveimur rásum yfir daginn rata aldrei í klipptu formi inn í fréttatímana um kvöldmatarleytið, ekki einu sinni sem viðspyrna til frekari umfjöllunar. Bara svona tillaga frá einum þeirra sem borgar sitt gjald fyrir herlegheitin í Efstaleitinu.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.45** How I Met Your Mother
STÖÐ 2



▶ **21.10** Morðgátur Murdochs
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** America Next Top Model
SKJÁREINN



▶ **22.00** Fantastic Four: Rise of the Silver Surfer
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.25** Curb your Enthusiasm
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**12.45 Íslenski boltinn (e)**
**13.30 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**14.00 HM í fótbolta** Spánn - Sviss, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**16.10 Disneystundin**
**16.11 Stjáni (54:58)**
**16.33 Sígildar teiknimyndir**
**16.40 Finnbogi og Felix (22:26)**
**17.05 Táknmálsfréttir**
**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.20 HM í fótbolta** Suður-Afríka - Úrúgvæ, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.
**20.30 HM-kvöld**
**21.00 Víkingalottó**
▶**21.10 Morðgátur Murdochs** (Murdoch Mysteries).
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Konur á rauðum sokkum** Höfundur myndarinnar er Halla Kristín Einarsdóttir. Textað á síðu 888 í Textavarpi. (e)
**23.25 Íslenska golfmótaröðin Þáttaröð um Íslandsmótið í golfi.**
**00.10 HM-kvöld (e)**
**00.35 HM í fótbolta Hondúras - Síle, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.**
**02.25 Fréttir (e)**
**02.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Queen**
**10.00 The Naked Gun**
**12.00 Iron Giant**
**14.00 The Queen**
**16.00 The Naked Gun**
**18.00 Iron Giant**
**20.00 The Heartbreak Kid**
▶**22.00 Fantastic Four: Rise of the Silver Surfer**
**00.00 Goodfellas**
**02.20 Crank**
**04.00 Fantastic Four: Rise of the Silver Surfer**
**06.00 Sex and the City**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Ævintýri Juniper Lee, Íkornastrákurinn
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Auddi og Sveppi**
**11.00 Lois and Clark. The New Adventure** (17:21)
**11.45 Grey's Anatomy** (1:17)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ally McBeal** (12:22)
**13.45 Oprah's Big Give** (8:8)
**14.35 E.R.** (3:22)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofurmennið, Leðurblökumaðurinn, Íkornastrákurinn, Firehouse Tales
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (2:20)
**18.23 Veður** Markaðurinn
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (6:24)
▶**19.45 How I Met Your Mother** (4:20) Í þessari þriðju seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.
**20.10 Gríman 2010** Bein útsending frá afhendingu Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, í Borgarleikhúsinu.
**21.55 Mýrin** Íslensk kvikmynd sem er byggð á samnefndri metsölubók Arnaldar Indriðasonar.
**23.30 Pulp Fiction** Víðfræg bíómynd um lífið undir draumkenndu yfirborði Hollywood.
**02.00 NCIS** (23:25)
**02.45 Fringe** (17:23)
**03.30 The Wire** (2:10)
**04.30 X-Files** (3:24)
**05.15 Grey's Anatomy** (1:17)
**06.00 Sjáðu**

## SPORT *besta sætið*

**18.00 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa, verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.
**19.00 NBA-körfuboltinn: Boston - LA Lakers**
**20.50 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Inter** Útsending frá leik Inter og Bayern München í úrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**22.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.00 St. Jude Classic** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins í PGA-mótaröðinni krufin til mergjar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 HM 4 4 2**
**07.45 HM 4 4 2**
**08.30 Brasilía - N-Kórea** HM 2010.
**10.30 HM 4 4 2**
**11.15 Hondúras - Chile** Bein útsending frá leik Hondúras og Chile á HM 2010.
**13.25 Fílabeinsströndin - Portúgal** HM 2010.
**15.20 N-Sjáland - Slóvakía** HM 2010.
**17.10 Spánn - Sviss** HM 2010.
**19.05 Hondúras - Chile** HM 2010.
**21.00 HM 4 4 2**
**21.45 S-Afríka - Úrúgvæ** HM 2010.
**23.40 Spánn - Sviss** HM 2010.
**01.35 Hondúras - Chile** HM 2010.
**03.30 HM 4 4 2**
**04.15 HM 4 4 2**
**05.00 HM 4 4 2**
**05.45 HM 4 4 2**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (2:6) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (2:6) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.10 Bass Fishing** (2:8) (e)
**16.55 Girlfriends** (5:22) (e)
**17.15 Rachael Ray**
**18.00 Dr. Phil**
**18.45 The Real Housewives of Orange County** (12:12)
**19.30 Sumarhvellurinn** (1:9)
**19.55 King of Queens** (9:22)
**20.20 Top Chef** (3:17)
▶**21.05 America's Next Top Model** (8:12) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stelpurnar sex sem eftir eru koma til Nýja-Sjálands þar sem þær eru sendar til sex tískuhönnuða. !
**21.55 Life** (9:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Kennslukona er myrt og í fyrstu virðist málið tengjast dópsölu. En málið tekur óvænta stefnu þegar í ljós kemur að fórnarlambið var löggu-grúppía sem átti vingott við margar löggur. Crews kemst að því að morðinginn gæti verið úr röðum lögreglunnar.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 Law & Order** (7:22) (e)
**00.20 Big Game** (8:8) (e)
**02.00 King of Queens** (9:22) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Kokkalíf**
**20.30 Í kallfæri**
**21.00 Alkemistinn**
**22.00 Kokkalíf**
**22.30 Í kallfæri**
**23.00 Alkemistinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Gríman 2010



Bein og opin útsending frá afhendingu Grímunnar, íslensku leiklistarverðlaunanna, í Þjóðleikhúsinu. Rúnar Freyr Gíslason kynnir hátíðina. Meðal annarra verða veitt verðlaun fyrir bestu sýningu ársins, útvarpsverk ársins, bestu sviðslistamenn, leikskáld og leikstjórar verðlaunaðir og bestu búningar og leikmynd ársins. Á hátíðinni verða jafnframt heiðursverðlaun Leiklistarsambands Íslands veitt þeim sviðslistamanni er þykir hafa skilað framúrskarandi ævistarfi í þágu sviðslista, sem og áhorfendaverðlaun, en þau hlýtur sú sýning sem að mati áhorfenda var sýning leikársins.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## Pulp Fiction

### Stöð 2 kl. 23.30

Víðfræg bíómynd um lífið undir draumkenndu yfirborði Hollywood. Sögum úr undirheimunum er fléttað saman á skemmtilegan hátt. Aðalsöguhetjurnar eru hrottarnir Vincent og Jules sem vinna skítverkin fyrir mikilsmetinn glæpaforingja. Myndin er bönnuð börnum innan 16 ára.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Í boði náttúrunnar
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Gamli maðurinn og sárið
**19.40** Sumarsnakk
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Út um græna grundu
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.07** Harðgrýti fátæktar: Aldraðir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7**FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest II** (1:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (20:24)
**22.15 Cougar Town** (1:24)
**22.40 Bones** (18:22)
▶**23.25 Curb Your Enthusiasm** (7:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni, studdur stjörnunum úr Seinfeld, þeim Jerry, Kramer, Elaine og George. Aðalgrínið í þáttaröðinni verður nefnilega hvort eitthvert vit sé í endurkomu þessara vinsælustu gamanþátta allra tíma Vandinn er bara sá að þau hafa mismikla löngun til þess að af þessu verði og Larry kemur stöðugt sjálfum sér og öðrum í vandræði.
**23.55 Daily Show. Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir til að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.
**00.20 The Doctors**
**01.05 Falcon Crest II** (1:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.20** Blackadder Goes Forth **12.50** My Hero **13.20** My Hero **13.50** Absolutely Fabulous **14.20** Life of Riley **14.45** The Weakest Link **15.30** The Inspector Lynley Mysteries **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Keeping Up Appearances **18.00** Keeping Up Appearances **18.30** Lark Rise to Candleford **19.20** Dalziel and Pascoe **20.15** Keeping Up Appearances **20.45** Keeping Up Appearances **21.15** Dalziel and Pascoe **22.05** Keeping Up Appearances **22.35** Lark Rise to Candleford **23.25** Ruddy Hell. It's Harry and Paul **23.55** Blackadder Goes Forth

## DR 1

**13.30** DR Update - nyheder og vejr **13.35** Boogie Mix **14.00** That's So Raven **14.30** Leon **14.35** Splint & Co **15.00** F for Får **15.05** Landet for længe siden **15.30** Dragen **16.00** Af nød og lyst - om kongebryllupper gennem tiden **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** VM 2010 studiet **17.55** 3. Halvleg ved Krabbe & Mølby **18.00** Kender du typen? **18.30** Mine elskede møgunger **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Mord på hjernen **21.35** Onsdags Lotto **21.40** OBS **21.45** Heksemissionen med Mascha Vang **21.55** Vulkanudbruddet på Vestmannaøerne **22.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Elixir **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Tinas mat **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Kronprinsessen og kongeriket **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** House **20.15** Verdens eldste siamesiske tvillinger **21.00** Kveldsnytt **21.15** Corleone **23.00** Kjærlighetens sommer **23.50** Svisj gull

## SVT 1

**12.35** Gomorron Sverige **13.25** Rapport **13.30** Fotbolls-VM **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Arkitekturens pärlor **16.55** Din plats i historien **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Det kungliga bröllopet **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Fängslad utomlands **20.30** Fotbolls-VM. Höjdpunkter **21.15** Five Days **22.15** Spår av brott **22.45** Landet runt **23.30** Köping Hillbillies **00.00** Det kungliga bröllopet




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst góðir bitar vera grænmetis-sushi á Sushibarnum, Pad thai-núðlur á Thai Reykjavík og grænmetisborgarinn á Drekanum.“*

Hildur Rut Halblaub, nemi í list- og safnafræði.

# Bassaleikari í gítarsmíði í LA

Daníel Smári Hallgrímsson er einn af átta nemendum sem fengu inngöngu í hinn fræga Musicians Institute í Los Angeles. Daníel er nýútskrifaður frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og mun leggja stund á eins árs nám í gítarsmíði. Hann er bassaleikari í hljómsveitinni í Mikado.

Skólinn er mjög virtur innan tónlistargeirans og Daníel bjóst alls ekki við því að komast inn.

„Ég fékk fréttirnar daginn fyrir útskriftarveisluna og var auðvitað í skýjunum með það,“ segir Daníel Smári sem starfar í sumar hjá skapandi sumarstarfi Hins hússins og í Hljóðfærahúsinu.

Daníel spilar á bassa og gítar. Námið er viðamikið, stendur yfir í eitt ár og er verklegt og bóklegt. Frægir gestakennarar úr hljóðfæraheiminum koma og halda fyrirlestra og miðla af sinni visku. „Ég er svakalega spenntur að fara út og læra. Sértaklega að læra að hanna gítar frá grunni. Hönnunarhlutinn af náminu heillar mig mest. Ég mun læra að smíða og hanna rafgítara, rafbassa og kassagítara.“ Smíð á einum gítar tekur um tvo til þrjá mánuði og er enginn hægðarleikur. Daníel segist gera sér grein fyrir að gítarsmíði sé kannski ekki gullnáma en hann vilji gera þetta, elta drauminn sinn, frekar en að fara í lögfræði eða viðskiptafræði eins og aðrir á hans aldri.

Draumurinn er svo að komast í læri hjá einhverjum gítarsmið í Bandaríkjunum. Daníel heldur út um miðjan september og kærasta hans fer með. Skólinn er á Hollywood Boulevard og verður Daníel því umkringdur frægum dags daglega. „Ég var að kaupa mér myndavél svo ég geti örugglega náð að festa ævintýrið og jafnvel eitthvað af frægu fólki á filmu.“ - áp



**DANÍEL SMÁRI HALLGRÍMSSON** Heldur til borgar englanna í haust til að leggja stund á gítarsmíði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÁRÉTT**
**2.** skófla, **6.** þys, **8.** hnoðað, **9.** hvoftur, **11.** strit, **12.** reynslulaus, **14.** bragðbætir, **16.** ekki, **17.** traust, **18.** angan, **20.** til, **21.** gróft orð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** korntegund, **3.** tveir eins, **4.** átelja, **5.** sigað, **7.** hringfari, **10.** nálægt, **13.** gagn, **15.** kappklæða, **16.** trjátegund, **19.** þurrka út.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** reka, **6.** ýs, **8.** elt, **9.** gin, **11.** at, **12.** grænn, **14.** krydd, **16.** ei, **17.** trú, **18.** ilm, **20.** að, **21.** klám.
**LÓÐRÉTT: 1.** bygg, **3.** ee, **4.** klandra, **5.** att, **7.** sirkill, **10.** nær, **13.** nýt, **15.** dúða, **16.** eik, **19.** má.


Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið


LOGI GEIRSSON: ÚTSKRIFAST SEM EINKAÞJÁLFARI MEÐ KÆRUSTUNNI

# Stefnir til Hollywood að kynna sér þotuliðsþjálfara

„Þetta er ógeðslega skemmtilegt nám og rosalega krefjandi. Það er farið rosalega djúpt í allt: næringarfræði, lífeðlisfræði og þjálfunarfræði,“ segir handboltakappinn Logi Geirsson.

Logi og Ingibjörg kærastan hans útskrifast sem einkaþjálfarar í dag frá Keili. Hann hyggst flytja ræðu við athöfnina og lofar að hún verði svakaleg. „Það er mjög ólíklegt að ræðan verði hefðbundin því ég hef aldrei heyrt útskriftarræðu áður, en ég ætla að ræða eitt og annað,“ segir hann.

Logi flutti nýlega til landsins á ný eftir að hafa búið í Þýskalandi síðustu ár. Hann býr með kærustunni og saman eiga þau von á frumburðinum á næstu dögum.

Logi segir einkaþjálfaraprófið vera grunninn, en hann hyggst fara í nám í íþróttaþjálfun næsta haust. „Ég ætla að taka þetta alla leið,“ segir hann kokhraustur. „Svo ætla ég að fara með konunni til Los Angeles og kynna mér þotuliðið í þjálfunarbransanum. Við ætlum að skoða hvað er að gerast í Hollywood – það er alltaf talað um að allt sé að gerast þar. Mig langar að sökkva mér í þetta. Kynna mér einkaþjálfara stjarnanna og sjá eitthvað nýtt.“

Logi er ekki fyrsti handboltakappinn sem fellur fyrir einkaþjálfaranáminu. Á meðal þeirra sem hafa einnig stundað námið eru Guðjón Valur, Björgvin Páll, Einar Hólmgeirsson, Vignir Svavarsson, Ragnar Óskarsson og Þórir Ólafs. En er Logi strax byrjaður að taka fólk í einkaþjálfun?

„Ég tek fyrst bróður minn og konuna hans í gegn ásamt nokkrum vel völdum vinum. Ég ætla að afla mér reynslu og koma mér í gírinn áður en ég byrja á afrekskrökkunum.“ atlifannar@frettabladid.is hjalti@frettabladid.is

**40** Útskrifast sem einkaþjálfarar frá Keili í dag.

**160** Hafa þegar sótt um að komast í námið næsta haust.

HEIMILD: KEILIR



**TILBÚINN MEÐ TANGIRNAR** Logi Geirsson með fitumælingarsettið. Hann útskrifast sem einkaþjálfari í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jón Gnarr** tók við sem borgarstjóri í Reykjavík í gær og flutti af því tilefni tímamótaræðu í borgarstjórn. Hann sagðist meðal annars vilja hafa svokallaðan „góðan dag-dag“ árlega þar sem borgarbúar myndu bjóða hver öðrum góðan daginn og brosa. Þá sagði hann Kardimommubæinn vera nýjasta vinabæ Reykjavíkur áður en hann lauk ræðunni með orðunum: „All you need is love – love is all you need.“



Gaman er að skoða hinar ýmsu nefndir og ráð Reykjavíkurborgar sem margar eru leiddar af landskunnum skemmtikröftum. Baggalúturinn **Karl Sigurðsson** er til að mynda formaður umhverfis- og samgönguráðs, en þar situr einnig Gísli Marteinn Baldursson sem hefði örugglega lítið á móti formannsstóli ráðsins. Þá er Óttarr Proppé í menntaráði og Barði Jóhannsson varamaður í skipulagsráði.



Búast má við fjörugum fundum í menningar- og ferðamálaráði þar sem formaðurinn er Einar Örn Benediktsson. Varamenn þar eru engir aðrir en Hugleikur Dagsson og Gaukur Úlfarsson. Fjörið verður vafalaust ekki minna í íþrótta- og tómstundaráði þar sem fyrrverandi Rokklingurinn **Diljá Ámundadóttir** er formaður. Á meðal varamanna þar er Ragnar Hansson, hin skeleggi leikstjóri Sigtisins þar sem Gunnar bróðir hans er í hlutverki Frímanns Gunnarssonar. Ragnar er einnig iðinn við körfuboltaiðkun, en þar sættir hann sig ekki við að sitja á varamannabekknum. - afb



# Búa saman í 500 fm glæsibýli í Edinborg

„Þetta er mjög fínt, en lítur sennilega betur út á blaði,“ segir Elsa Harðardóttir.

Elsa og kærasti hennar, fótboltakappinn Eggert Gunnþór Jónsson, búa saman í Edinborg. Hann spilar þar með úrvalsdeildarliðinu Hearts og hefur verið þar síðastliðin fimm ár. Elsa flutti út til hans fyrir tveimur árum.

Parið hefur komið sér fyrir í um 500 fermetra glæsibýli ásamt hundunum sínum tveimur. Þrátt fyrir að leigja allt þetta stóra hús nota þau eingungis neðri hæðina eins og er. „Auðvitað saknar maður fjölskyldu og vina þegar maður býr erlendis,“ segir Elsa, en hún og Eggert eru um tvítugt og lifa draumalífi margra jafnaldra sinna.

Eggert og félagar í Hearts höfnuðu í sjötta sæti skosku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili sem lauk í vor. Hann er því kominn í sumarfrí frá keppni en mætir á æfingar sem eru búnar um hádegi. Þau eru því í hálfgerðu sumarfríi þessa dagana og lifa hinu góða lífi í Edinborg. Elsa íhugar nú að fara í nám, en Eggert er með samning við skoska liðið til ársins 2012. - ls

> ” Auðvitað saknar maður fjölskyldu og vina þegar maður býr erlendis.
> ELSA HARÐARDÓTTIR



**DRAUMALÍF** Fótboltakappinn Eggert og Elsa kærasta hans lifa góðu lífi í Skotlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Microsoft® Office 2010




**Office Home and Student 2010**
3 leyfi í sama pakka

# Office 2010

## er komið til landsins

Á kynningartilboði hjá eftirfarandi söluaðilum:

A4, EJS, ELKO, NÝHERJI, et Eyjatölvur ehf., OK búðin, TRS, start tölvuverslun, TÖLVULISTINN, TÖLVUTEK, OMNIS

Fæst einnig hjá viðurkenndum **Microsoft** söluaðilum um land allt.

Microsoft Office Home and Student 2010 auðveldar þér að klára verkefnin hratt og auðveldlega, hvort sem er heima eða í skólanum.

Microsoft Office 2010 býður upp á nýja eiginleika sem auðvelda vinnslu í Word, Excel og PowerPoint.

Office pakkinn inniheldur eftirfarandi forrit, Word 2010, Excel 2010, PowerPoint 2010, OneNote 2010 og má setja hann upp á þrjár tölvur á heimilinu.

OPIN KERFI 25 ára
Innflutnings- og dreifingaraðili Microsoft á Íslandi

Microsoft®

VERT - 13358

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vandræðafólk

Í bakmola gærdagsins var haft eftir Jóni Gnarr borgarstjóra að hann hefði gengið í skóla fyrir „vandræðabörn", Héraðsskólann á Núpi í Dýrafirði. Þáverandi aðstandendur skólans eru ekki fyllilega sammála því að þar hafi verið sérstök vandræðabörn. Bjarni Pálsson, fyrrverandi skólastjóri á Núpi, bendir á að í skólann hafi gengið margt besta fólk þjóðarinnar. Þrjár núverandi þingkonur voru til dæmis þar: Birgitta Jónsdóttir, Oddný G. Harðardóttir og Ólína Þorvarðardóttir. Einnig Ísólfur Gylfi Pálmason, fyrrverandi þingmaður. Þá hafi listamenn eins og María Sigurðardóttir leikhússtjóri og söngvararnir Egill Ólafsson og KK numið á Núpi. Síðast en ekki síst Reynir Traustason, ritstjóri DV.



### KK í Kína

Talandi um **KK** þá er hann staddur í Kína þessa dagana, en þangað flaug hann á föstudaginn ásamt Eyþóri Gunnarssyni, Ásgeiri Óskarssyni, Guðmundi Péturssyni og Sölva Kristjánssyni, syni sínum. KK kemur fram á heimssýningunni í Sjanghæ á morgun, sjálfan þjóðhátíðardaginn, á íslenska básnum sem hefur vakið mikla athygli. Þúsundir manna hafa skoðað það sem landið hefur upp á að bjóða frá því að hann opnaði, en alheimsfegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir hefur tekið vel á móti gestum. **- afb**



### Mest lesið visir.is

1. Myrti og át eiginkonuna í Vegas
2. Hanna Birna verður forseti borgarstjórnar
3. Hjólhýsi fauk aftan úr bíl og splundraðist
4. Fundu fjórtán milljónir á heimili eiganda Draumsins
5. Mikil harka í innheimtu bílalána
6. Vill að Árni Páll komi út í sólina





